allt

**EVA LIND OLIVERSDÓTTIR**

*Hélt upp á aðfangadag í eyðimörk í Namibíu*

jól • heilsa

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**JÓLIN 2005**

*Veisluhöld um jól og áramót*

Ljúffengur matur og glitrandi kjólar

**SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. desember 2005 — 345. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Blessuð jólin



Valgerður Bjarnadóttir leggur til að fól hætti að býsnast yfir amstri jólaundirbúningsins og hafi í huga að þau eru gleðitími.


Í DAG 32


### Anna María hætt



Sigursælasta körfuknattleikskona landsins hefur lagt skóna á hilluna eftir rúmlega 20 ára farsælan feril þar sem hún vann allt sem hægt var að vinna.


ÍÞRÓTTIR 52


### Eyðir jólunum erlendis



Silvía Nótt kemur heim í janúar til að taka þátt í Eurovision. Erlendar stöðvar sýna sjónvarpsmanni ársins áhuga.


FÓLK 62


### Framfarir, saga og fótbolti



Stefán Pálsson og Skúli Sigurðsson setja spurningamerki við hugtakið framfarir og líta til knattspyrnunnar í því sambandi.


MENNING 42


### VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGT KÓLNANDI Á** landinu. Skúraveður sunnan og vestan til en slydduél síðdegis. Stöku él norðaustan til. Hiti 0-5 stig en kólnar með kvöldinu.


VEÐUR 4







# Engar kröfur gerðar á starfsmannaleigur

**Rúmar reglur munu gilda um starfsmannaleigur, rýmri en um bílaleigur. Hver sem er getur rekið starfsmannaleigu. Hvorki þarf að kaupa tryggingar né fá starfsleyfi, aðeins að tilkynna til Vinnumálastofnunar áður en starfsemin hefst.**

**VINNUMARKAÐUR** Engar reglur gilda um starfsmannaleigur og þær koma til með að verða afar rúmar þegar lög um starfsmannaleigur taka gildi á næstunni. Sá sem vill reka starfsmannaleigu hér á landi þarf aðeins að tilkynna það til Vinnumálastofnunar átta dögum áður en starfsemi hefst í fyrsta skipti og láta fylgja með nafn fyrirtækis, kennitölu og heimilisfang ásamt nafni forsvarsmanns fyrirtækisins. Sá sem hefur virðisaukaskattsnúmer getur rekið starfsmannaleigu.

Athygli vekur að reglur um útleigu á starfsmönnum eru mun rýmri en um útleigu á bílum. Sá sem vill reka bílaleigu þarf starfsleyfi samgönguráðuneytisins. Bílaleigan skal rekin á fastri starfsstöð og skal starfsleyfisumsækjandi hafa starfsábyrgðartryggingu og bankatryggingu til að bæta tjón. Leyfishafi ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við leigu bíla sem væru þau verk hans sjálfs.

„Það er rétt, það eru nánast engar reglur í gildi um starfsmannaleigur," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „Þessi þjónusta er ekki beinlínis leyfisskyld heldur tilkynningaskyld en ef starfsmannaleigur fylgja ekki lágmarksákvæðum laga þá er heimilt að banna þeim að starfa á markaðnum. Það er ígildi þess að vera með starfsleyfi."

Starfsmenn Vinnumálastofnunar eru önnur kafnir við að undirbúa gildistöku nýrra laga en samkvæmt þeim á stofnunin að halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig. Starfsmannaleiga sem veitir þjónustu lengur en tíu daga á ári skal hafa fulltrúa hér á landi. Leigan skal gefa Vinnumálastofnuninni yfirlit yfir alla starfsmenn leigunnar, þann tíma sem áætlað er að þeir starfi hér.

Lítil reynsla er komin á starfsmannaleigurnar þannig að ekki er ljóst hvað gerist ef starfsmannaleigur ná ekki að standa við skuldbindingar sínar gagnvart starfsmönnum. Ekki er vitað hvernig bregðast eigi við verði starfsmannaleiga gjaldþrota. **- ghs**



**JÓLAGRÍSIRNIR FÆÐAST Í HÚSDÝRAGARÐINUM** Gyltan Gullbrá stóð heldur betur í stórræðum í gær en hún gaut tíu jólagrísum. Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Húsdýragarðsins, varð því að hafa hröð handtök að kynnast grísunum tíu áður en krakkarnir komu að vitja þeirra. Þessi mynd var tekin í fjósinu og eins og sjá má er þar hið myndarlegasta jólatré svo þetta er ekki eins og í svínastíu hjá þeim hjónakornum Gullbrá og Aski. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tvær tylftir háttsettra félaga í Baath-flokknum hafa verið látnar lausar:

# Dr. Sýkill er frjáls ferða sinna

**BAGDAD, AP** Á þriðja tug háttsettra embættismanna í ráðuneyti Saddams Hussein hefur verið látinn laus úr varðhaldi, þar á meðal tvær konur sem á sínum tíma unnu að þróun efna- og sýklavopna.

Að sögn íraks lögfræðings voru 24 eða 25 manns látnir lausir úr haldi á laugardaginn. Gegndu þeir allir mikilvægum embættum í stjórnartíð Saddams. Bandaríkjaher vildi í gær ekki staðfesta fréttirnar en sagði að átta manns hefði verið sleppt þar sem hvorki væru þeir álitnir ógn við öryggi landsins né væri áformað að sækja þá til saka. Talið er að margir hinna frelsuðu séu þegar farnir úr landi.

Talið er að í þessum hópi sé Rahib Taha, sem nefnd hefur verið dr. Sýkill fyrir þátt sinn í sýklavopnaframleiðslu á níunda áratugnum, og Huda Salih Mahdi Ammash, dr. Miltisbrandur, sem er sögð hafa unnið svipuð störf.



NORDICPHOTOS/AFP

**FRÚ MILTISBRANDUR** Huda Salih Mahdi Ammash var á meðal þeirra sem handteknir voru í kjölfar innrásarinnar 2003 en hún er vísindamaður á sviði líftækni.

Fyrstu tölur úr þingkosningunum sem fram fóru fyrir helgi benda til að flokkum sjía og Kúrda hafi vegnað vel, sérstaklega þar sem fólk sem tilheyrir þessum þjóðarbrotum er þorri íbúa. Þegar 87 prósent atkvæða höfðu verið talin í Bagdad hafði Sameinaða sjíabandalagið fengið 58 prósent þeirra.

Mótmæli voru víða höfð í frammi í landinu í gær þegar ríkisstjórnin tilkynnti að hún myndi hækka olíuverð allt að nífalt. Bensínlítrinn er þó enn í ódýrara lagi í landinu, um tíu íslenskar krónur. **- shg**



**HARÐUR ÁREKSTUR** Bílarnir rákust saman við gatnamót Reykjanesbrautar og Rauðhellu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Árekstur á Reykjanesbraut:

## Þrír slösuðust og tveir sluppu

**LÖGREGLA** Þrennt var flutt á slysadeild eftir harðan árekstur á gatnamótum Rauðhellu og Reykjanesbrautar síðdegis í gær.

Að sögn lögreglu virðist slysið hafa orðið með þeim hætti að bíll, sem ekið var eftir Reykjanesbrautinni úr austurátt, sveigði í veg fyrir bíl sem kom úr gagnstæðri átt.

Báðir bílarnir skemmdust mikið við áreksturinn og hafnaði annar þeirra utan vegar. Reykjanesbrautin var lokuð fyrir umferð í tæpa klukkustund vegna slyssins.

Hin slösuðu voru útskrifuð af bráðamóttökunni undir kvöld með minniháttar meiðsl. **- æþe**

Norskir sælgætisgrísir:

## Borða fjórtán kíló af nammi

**NOREGUR** Norðmenn borða meira súkkulaði og sælgæti en nokkru sinni áður. Hver þeirra innbyrðir að meðaltali 14,1 kíló á hverju ári.

Sælgætisátið hefur vaxið hröðum skrefum. Árið 1939 átu norskir nammigrísir fjögur kíló hver af sætindum, árið 1970 voru kílóin orðin tæplega átta, 1980 rúmlega tíu en í dag eru þau orðin ríflega fjórtán.

Á vefútgáfu VG segir að búast megi við að neyslan hafi náð hámarki og nú fari að draga úr átinu. Norðmenn drekka í dag fjórtán lítrum minna af sykruðum drykkjum en fyrir átta árum og sykurneyslan hefur sömuleiðis minnkað verulega. Þarna eru því góð teikn á lofti. ■






## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, er ekki nóg að opna dyr og glugga upp á gátt?*

„Það þarf náttúrlega ýmislegt að gera til að losa út slæmt loft.“

Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, er andvígur því að Hegningarhúsinu verði lokað vegna ólofts.

Leikskólinn Dalur í Kópavogi lokar deildum eftir áramót vegna manneklu:

# Ríflega 20 börn heima í einu

**MENNTAMÁL** Leikskólinn Dalur í Kópavogi hefur tilkynnt foreldrum barna í skólanum að vegna manneklu í starfsmannamálum loki deildum í leikskólanum eftir áramót.

Að sögn Hönnu Maríu Ásgrímsdóttur aðstoðarleikskólastjóra verður ein deild lokuð á hverjum degi, en það þýðir að 20 til 27 börn geta ekki mætt í skólann dag hvern. Einhver börn þurfa að vera heima tvo daga í viku vegna manneklunnar en ekki er búið að ákveða hvernig að því verður staðið.

Fundur um málið verður haldinn með foreldrum á morgun þar sem skýrt verður frá stöðu mála. Hanna María segir að viðbrögð frá foreldrum hafi enn sem komið er ekki verið mjög mikil en að þau ættu örugglega eftir að aukast næstu daga. „Það sagði reyndar ein móðirin við mig að hún ætti kannski bara að gleðjast yfir því að þetta hefði ekki gerst fyrr,“ segir Hanna María.

Töluvert hefur verið um lokanir hjá leikskólum í Kópavogi og þegar lokanirnar hjá Dal voru bornar undir Gunnar Birgisson, bæjarstjóra í Kópavogi, kannaðist hann ekki við málið. „Ég bara veit ekkert um þetta,“ sagði Gunnar í samtali við blaðamann. **- sk**



**GUNNAR BIRGISSON** Loka þarf deildum á leikskólanum Dal en bæjarstjórinn í Kópavogi, Gunnar Birgisson, hafði ekki frétt af því þegar málið var borið undir hann.

Þriggja mánaða dómur:

# Falsaði lyfseðla og rauf skilorð

**DÓMSMÁL** Maður sem framvísaði fölsuðum lyfseðli í verslun Lyfju við Smáratorg í Kópavogi í vor var í gær dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness. Dómurinn er skilorðsbundinn í tvö ár.

Með broti sínu nú rauf maðurinn skilorð fyrri dóms, en þá var hann dæmdur fyrir að hafa brotist inn í átta bíla og stolið úr þremur þeirra. Fram kom að maðurinn hafi í hálft ár, frá því í byrjun maí, verið í meðferð á vegum Byrgisins vegna vímuefnafíknar og svo hafi tekið við meðferð í Krýsuvík, þaðan sem hann á að útskrifast í byrjun febrúar. **- óká**



**ÖRYGGISGÆSLA** Talsverði öryggisgæslu er haldið úti fyrir utan sjúkrahúsið þar sem Aríel Sharon liggur.

Forsætisráðherra Ísraels:

# Sharon mun ná sér að fullu

**JERÚSALEM, AP** Aríel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, varð ekki fyrir varanlegu heilsutjóni eftir vægt heilablóðfall sem hann hlaut á sunnudag. Sharon lá á sjúkrahúsi í gær en búist var við að hann fengi að fara heim í dag.

Þrátt fyrir að búist sé við því að Sharon nái fullum bata hafa komið upp spurningar um getu hans til að stjórna landinu fari svo að flokkur hans vinni sigur í kosningum í landinu í mars.

Jafnframt hefur því verið velt upp að veikindi Sharons gætu komið gamla flokknum hans, Likud-bandalaginu, til góða. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti barst í viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Tæknifyrirtæki bíða aðgerða stjórnvalda

**Verði ekki hugarfarsbreyting hjá stjórnvöldum flytur tæknifyrirtækið CCP til Kanada. Ríkisstjórnin hefur til skoðunar tillögur nefndar um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja. Árið 1998 skilaði sambærileg nefnd svipuðum tillögum.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Lagðar hafa verið fyrir ríkisstjórn tillögur nefndar iðnaðarráðuneytisins um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja. Búast má við að tæknifyrirtæki, sem erlend ríki hafa reynt að fá til sín, geri upp hug sinn varðandi flutning af landi brott þegar ljós verða viðbrögð stjórnvalda við tillögum nefndarinnar.

„Málið var rætt í ríkisstjórn og verður áfram til skoðunar í þeim ráðuneytum sem málið varðar, forsætis-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti,“ segir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en tillögur nefndarinnar verða ekki gerðar opinberar meðan þær eru í þeirri vinnslu. Í ráðuneytinu segjast menn þó átta sig á að málið sé brýnt.

Búist er við að tillögur nefndarinnar, sem Sveinn Þorgrímsson skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu fór fyrir, gangi út á að leiða hér inn endurgreiðslufyrirkomulag þróunarkostnaðar tæknifyrirtækja að norskri fyrirmynd. Sveinn átti líka sæti í nefnd um ytri skilyrði hugbúnaðariðnaðarins sem skilaði tillögum í mars árið 1998. Í þeim er lagt til að fyrirtækjum verði „að danskri fyrirmynd, heimilaður sérstakur auka frádráttur sem geti numið allt að helmingi þess kostnaðar sem þau hafa haft af rannsókna- og þróunarstarfi.“ Þessar tillögur komu ekki til framkvæmda, en þá var gert ráð fyrir að RANNÍS héldi utan um verkefni og endurgreiðslur.

„Ef við sjáum fram á stórkostlega hugarfarsbreytingu hjá stjórnvöldum, þá erum við ekki farnir,“ segir Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins CCP. Fyrirtækið hyggur annars á flutning til Kanada og hefur gert könnun meðal starfsmanna sem sýnir að um helmingur þeirra vill flytja. Gengisþróun hefur hefur dregið úr tekjum fyrirtækisins, en þær koma að mestu erlendis frá.

Guðmar Guðmundsson hjá TM Software, formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja, segist vongóður um að stjórnvöld taki við sér. „En hættan á því að menn fari er raunveruleg,“ segir hann og bíður ekki einvörðungu viðbragða við tillögum nefndar iðnaðarráðherra, heldur einnig við tilboði Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja til stjórnvalda um þriðju stoðina frá því í mars. Á móti því að ríkið lagaði þætti sem fyrirtækin telja ábótavant í starfsumhverfi þeirra buðust þau til að tífalda tekjur af útflutningi á íslenskum hugbúnaði. „Við höfum verið að reyna að fá ríkið til að vinna með okkur að þessum málum, en gengið ósköp hægt,“ segir Guðmar. Enn hafa ekki komið viðbrögð frá stjórnvöldum við tilboðinu um þriðju stoðina. **olikr@frettabladid.is**



**FUNDAÐ UM HÁTÆKNI** Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fjölmennum fundi á Hótel Nordica 18. nóvember síðastliðinn þar sem niðurstaðan var sú að hátækniiðnaður væri í hættu og myndi standa í stað eða dragast saman yrði ekkert að gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GUÐMAR GUÐMUNDSSON** Guðmar tók við sem formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja núna í haust.



**HILMAR V. PÉTURSSON** Hilmar er framkvæmdastjóri CCP sem hugleiðir að flytja starfsemi sína til Kanada verði ekki hugarfarsbreyting hjá stjórnvöldum.



**JÁTUÐUST HVOR ANNARRI** Grainne Close og Shannon Sickles voru fyrstar til þess að staðfesta samvist sína.

Samkynhneigðir í Bretlandi:

# Geta staðfest samvist sína

**BELFAST, AP** Fyrstu samkynhneigðu pörin á Bretlandseyjum til að staðfesta samvist sína voru gefin saman á Norður-Írlandi í gær þegar þrjú samkynhneigð pör létu gefa sig saman í Ráðhúsinu í Belfast.

Ný löggjöf, sem veitir samkynhneigðum sama eigna- og erfðarétt og giftum, gagnkynhneigðum pörum, tók gildi á Norður-Írlandi í gær. Í dag tekur löggjöfin gildi í Skotlandi og á morgun fylgja England og Wales í kjölfarið, þar sem meira en sex hundruð samkynhneigð pör bíða þess að geta staðfest samvist sína. ■

## ÞJÓÐKIRKJAN

**Tveir vilja í Hallgrímskirkju** Tveir umsækjendur sækja um embætti sóknarprests í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík. Umsækjendurnir eru séra Jón Dalbú Hróbjartsson og séra Pjetur Þorsteinn Maack. Kirkjumálaráðherra skipar í embætti sóknarpresta til fimm ára að fenginni umsögn valnefndar sem í eru fimm fulltrúar úr prestakallinu auk vígslubiskups Skálholtsbiskupsdæmis.

## VÍETNAM

**Skipreika í ellefu daga** Víetnamskur fiskimaður kom á laugardaginn auga á björgunarbát með tvo menn innanborðs. Þeir höfðu verið að flytja lystisnekkju til Ástralíu en hún sökk á leiðinni. Þeir hírðust í björgunarbátnum í ellefu daga án matar en komust af með því að drekka regnvatn og þvag.


„Spennandi frá upphafi til enda ... bráðskemmtileg ... hrífur lesendur með sér hvort sem þeir eru níu ára eða níræðir.“
Hildur Heimisdóttir / DV

„Illyrmislega snjöll.“
Independent

„Hröð, fyndin og mjög spennandi.“
Daily Mail




„Stórkostlegt sköpunarverk!“
Antony Horowitz

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is


Fyrsta lýðræðislega kjörna þing Afganistans í rúm þrjátíu ár kemur saman:

# Sumir þingmannanna vekja ugg

**KABÚL, AP** Tímamót urðu í stjórnmálasögu Afganistans í gær þegar þjóðkjörið löggjafarþing kom saman í fyrsta sinn í 32 ár. Hins vegar er ekki víst að allir þingmennirnir séu sérstakir vinir lýðræðisins.

Mikil gleði ríkti í Kabúl í gær við setningarathöfnina. Þingmennirnir sóru embættiseið og hlýddu á tárvotan forseta landsins, Hamid Karzai, flytja setningarræðu sína. „Afganistan stendur loks aftur á eigin fótum eftir áratuga stríðsátök og hernám.“ Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, var á meðal áheyrenda og sagði hann það forréttindi.

Með setningu þingsins er formlegri stjórnmálauppbyggingu landsins eftir innrásina 2001 lokið. Kálið er þó ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Helmingur þingmannanna 249 eru sagðir stríðsherrar og nokkrir fyrrum framámenn í talibanastjórninni taka jafnframt sæti á þinginu, meðal annars sá sem stýrði frægu niðurrifi á 1.500 ára gömlum búddalíkneskjum. „Alþjóðasamfélagið mun reyna að láta þingsetninguna líta út fyrir að vera sigur,“ segir Sam Zia-Zarifi, yfirmaður Asíudeildar mannréttindasamtakanna Human Rights Watch. „Margir Afganar eru hins vegar uggandi um að meirihluti þingmanna hefur brotið mannréttindi.“ **- shg**



**ÞINGHEIMUR** Engin formleg þingstörf fóru fram í gær, utan þess að þingmenn sóru embættiseið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Jól í Skútuvogi



Túlipanar, 10 stk. **990**



Leiðiskross **1599**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 19.12.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,67 | 62,97 |
| Sterlingspund | 110,55 | 111,09 |
| Evra | 75,22 | 75,64 |
| Dönsk króna | 10,087 | 10,147 |
| Norsk króna | 9,392 | 9,448 |
| Sænsk króna | 7,965 | 8,011 |
| Japanskt jen | 0,5386 | 0,5418 |
| SDR | 90,36 | 90,9 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**105,6238**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsetaframbjóðandinn Evo Morales lofar að reisa Bólivíu úr öskustónni:

# Morales er öruggur um sigur

**BÓLIVÍA** Forsetaframbjóðandinn Evo Morales virtist í gærkvöld hafa tryggt sér meirihluta atkvæða í forsetakosningunum í Bólivíu. Helsti keppinautur hans, Jorge Quiroga, hefur þegar játað ósigur sinn.

Morales er fyrsti indjáninn sem kosinn er forseti í landinu en yfir helmingur þeirra sem þar búa eru af indjánaættum. Þeir hafa löngum átt undir högg að sækja vegna fordóma í sinn garð en Morales hefur heitið því að svo verði ekki í þeirri framtíð sem hann hyggst búa landsmönnum.

Morales er sagður afar vinstrisinnaður en hann hefur heitið því að færa verðmæti landsins aftur til fólksins. Talið er hann eigi þar við miklar gaslindir í landinu sem eru flestar í eigu erlendra stórfyrirtækja.

Hann hefur auk þess sagst ætla að lögleiða kókaræktun í landi sínu en það er uppistöðuefnið til framleiðslu kókaíns. Þær yfirlýsingar hans hafa ekki fallið í kramið hjá Bandaríkjamönnum en bandamönnum þeirra í S-Ameríku fer hægt og sígandi fækkandi.

Staðfest úrslit úr forsetakosningunum liggja svo fyrir í dag. **- aöe**



**NÝR LEIÐTOGI BÓLIVÍU** Evo Morales hefur heitið róttækum breytingum og meðal annars lofað að koma eignarhaldi á miklum gaslindum í landinu í hendur fólksins á ný en erlend stórfyrirtæki eiga megnið af gaslindunum í landinu.

Afgani í gæsluvarðhaldi:

## Vegabréf falið í útskorinni bók

**DÓMSMÁL** Afganskur maður um þrítugt verður í gæsluvarðhaldi þar til á morgun samkvæmt dómi Hæstaréttar fyrir helgi.

Maðurinn var handtekinn 13. desember eftir að við tollskoðun á sendingu til hans kom í ljós falsað vegabréf sem komið hafði verið fyrir í útskorinni bók. Í vegabréfinu, sem er breskt, var mynd af manninum. Þá kom í ljós að maðurinn hafði í fórum sínum afganskt vegabréf á öðru nafni en hann hefur gefið upp.

Maðurinn sagðist vera á leið til Kanada og hafa greitt ótilgreindum aðila á aðra milljón fyrir ferðina og vegabréfin. **- óká**



**LADISLAV NIZNANSKY** Kveðst syrgja dauða þeirra sem létust í fjöldamorðum nasista í Slóvakíu, sem hann beri ekki ábyrgð á.

Fyrrum liðsforingi nasista:

## Sýknaður af morðákæru

**MÜNCHEN, AP** Fyrrverandi liðsforingi nasista, hinn tæplega níræði Ladislav Niznansky, var í gær sýknaður af ákæru um þátttöku í þremur fjöldamorðum í Slóvakíu í lok seinni heimsstyrjaldarinnar.

Saksóknari hafði krafist hámarksrefsingar yfir Niznansky, eða lífstíðarfangelsis. Verjendur hans sögðu hann saklausan.

Niznansky kveðst hafa verið neyddur til þess að ganga erinda nasista við að berja niður uppreisn Slóvaka gegn ríkisstjórn landsins, sem þá fylgdi þýsku nasistastjórninni að málum. ■

### BANDARÍKIN

**Barn misnotaði barn** Þrettán ára gamall piltur er grunaður um að hafa misnotað sjö ára gamla stúlku á salerni bókasafns í Brighton í Michigan. Stúlkan var með móður sinni sem leit af henni eitt andartak. Lögreglan kom á vettvang og er nú pilturinn í haldi á sérstakri stofnun fyrir unga afbrotamenn.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Keyrði á ljósastaur** Ungur ökumaður missti stjórn á bíl sínum í hálku á Akureyri í gærkvöld og ók á stag að stórum rafmagnsstaur. Litlu munaði að hann steyptist niður bratta hlíð við hlið vegarins. Ljósastaurinn brotnaði við höggið og féll ásamt raflínunum til hliðar við bílinn. Ökumaðurinn flúði á bílnum af vettvangi en var stöðvaður af lögreglu norður á Tjörnesi.

# Bush segir að þingið hafi leyft hleranirnar

**George W. Bush Bandaríkjaforseti vísaði gagnrýni vegna fjarskiptahlerana án dómsúrskurðar á bug í gær og sagði þær nauðsynlegar til að vernda landsmenn fyrir hryðjuverkum. Hann skaut meðal annars skotum að Hillary Clinton.**

**BANDARÍKIN** George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, sagði á blaðamannafundi í gær að það væri skylda sín að vernda þjóð sína fyrir árásum hryðjuverkamanna og í því skyni væru fjarskiptahleranir nauðsynlegar, jafnvel þótt þær væru án dómsúrskurðar.

Uppljóstranir dagblaðsins New York Times í síðustu viku hafa vakið athygli en þar var greint frá því að í kjölfar árásanna 11. september 2001 hefði Bush heimilað Þjóðaröryggisstofnuninni NSA að hlera síma og lesa tölvupóst fólks í Bandaríkjunum sem grunað er um að eiga í samskiptum við erlenda hryðjuverkamenn, án umfjöllunar dómstóla.

Á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í gær sagði forsetinn hins vegar að hann hefði leyft hleranirnar vegna þess að oft væri tíminn of naumur til að fá úrskurð. „Þetta eru nýir tímar, nýtt stríð. Fólk skiptir um símanúmer á augabragði.“ Hann bætti því við að aðgerðunum yrði haldið áfram „svo lengi sem þjóðin byggi við ógnanir óvinar sem vilji myrða bandaríska þegna“.

Á sunnudag hvatti Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeild þingsins, til að óháð rannsókn færi fram á hlerununum. Í gærmorgun sagði Alberto Gonzales dómsmálaráðherra hins vegar að þegar Bandaríkjaþing veitti forsetanum heimild til að beita hernum eftir að árásirnar 11. september hefði leyfi til símahlerana falist í henni. Bush tók svo í sama streng í ræðu sinni síðar um daginn. Russell Feingold, öldungadeildaþingmaður demókrata, vísaði hins vegar þessum skilningi algerlega á bug í samtali við dagblaðið Washington Post í gær.

Bush skaut föstum skotum á þá demókrata sem staðið hafa gegn því að atkvæðagreiðsla færi fram um endurnýjun löggjafar um aðgerðir gegn hryðjuverkamönnum sem sett voru haustið 2001. „Ég skora á öldungadeildarþingmenn sem eru frá New York, Los Angeles og Las Vegas að skýra út fyrir sínum umbjóðendum hvers vegna þessar borgir eru öruggari en aðrar,“ og átti hann þar við Hillary Clinton, sem er frá New York og Harry Reid, frá Nevada.

Í ræðu sinni viðurkenndi forsetinn einnig að gallaðar leyniþjónustuupplýsingar um gereyðingarvopnaeign Íraka kynnu að reynast Bandaríkjamönnum fjötur um fót ef taka ætti Írana föstum tökum, erfitt yrði að sannfæra fólk um að upplýsingar um Íran væru réttar.

**sveinng@frettabladid.is**



**ÚR VÖRN Í SÓKN** Bush gagnrýndi öldungadeildarþingmenn demókrata fyrir að standa gegn endurnýjun föðulandslaganna svonefndu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SJÚKRAÞJÁLFUN** Tæplega 30 þúsund manns nýttu sér þjónustu sjúkraþjálfara á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æ fleiri fara til sjúkraþjálfara:

## Tæplega 30 þúsund á ári

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega 30 þúsund Íslendingar nýttu sér reglulega þjónustu sjúkraþjálfara á síðasta ári samkvæmt tölum Tryggingastofnunar.

Hefur þeim fjölgað ört hin síðari ár sem á sjúkraþjálfun þurfa að halda. Var fjöldinn rúmlega 20 þúsund árið 1998 og hefur fjölgað um eitt til tvö þúsund manns á ári hverju síðan þá. Meðalfjöldi koma á hvern sjúkling hefur ennfremur aukist úr 16,5 skiptum á ári í rúmlega 18 skipti. ■

Mikill uppvöxtur á Spáni:

## Hálf milljón nýrra íbúða

**SPÁNN** Fleiri íbúðir hafa verið byggðar í Malaga á suðurströnd Spánar síðustu þrjú árin en í öllu Katalóníuhéraði samkvæmt tölum spænskra yfirvalda.

Eru strandhéruð landsins, og þá sérstaklega á suðurströndinni, í miklum uppvexti og ekkert lát virðist á áhuga innlendra sem erlendra aðila að byggja og setjast þar að. Er nú gert ráð fyrir að sex hundruð þúsund nýjar íbúðir rísi í Andalúsíu á næstu tíu árum og mun meirihluti þeirra verða í eigu útlendinga. ■


GJAFABRÉF

**Tölvunám í jólapakkann**



Gjafabréf á tölvunámskeið er frábær jólagjöf.

Gjafabréf á námskeið fyrir eldri borgara 60 ára og eldri. Byrjendur eða framhald. Verð kr. 19.500

Gjafabréf á námskeið um stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda. Verð kr. 15.000

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HÆGT KÓLNANDI**
Það verður nokkuð hvasst við suðvesturhornið fram eftir degi, annars verður vindur skaplegri og reyndar hægur lengst af á Norðausturlandi. Skúraloft hvílir yfir meginhluta landsins sem gæti breyst í slyddu- eða snjóél með kvöldinu.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestanstrekkingur og jafnvel allhvass í hviðum. Skúrir. Hiti 2-5 stig, svalast með kvöldinu.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C alskýjað | París | 7°C heiðskírt | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | -4°C hálfskýjað | Berlín | 5°C skúrir | Mílano | 9°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C alskýjað | Frankfurt | 5°C alskýjað | New York | 2°C léttskýjað |
| Helsinki | -5°C alskýjað | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 16 °C skúrir |
| London | 8°C hálfskýjað | Barcelona | 12°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 21°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Landsliðið aðstoðar þig við valið á jólakjötinu

## Nautalundir

beint frá Nýja Sjálandi



40% afsláttur við kassa

TILBOÐ

2.387 kr/kg

Merkt verð 3.979,-

## Landslið matreiðslumeistara

verður í verslunum okkar í Skeifunni, Smáralind, Kringlu og á Akureyri og aðstoðar þig við val á jólamatnum. Þeir veita auk þess ráðleggingar um hvaðeina sem tengist jólamatnum.

Í Skeifunni, Smáralind og Kringlu
19. - 22. desember
kl. 15-18

Á Akureyri
21. - 22. desember
kl. 15-18



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Sjálfstæðisfélögin í Reykjavík samþykkja framboðslista fyrir borgarstjórnarkosningar í vor:

# Jafnmargar konur og karlar á lista

**STJÓRNMÁL** Vörður, fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, samþykkti í gær framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosninarnar í vor. Fyrstu þrettán sætin eru óbreytt frá niðurstöðu prófkjörsins sem haldið var í byrjun nóvember, en kjör í níu efstu sætin var bindandi. „Þetta er sigurstranglegur og samhentur hópur. Þetta er reyndar í fyrsta sinn sem algert jafnræði er milli kynja á listanum. Í 16 efstu sætunum eru átta konur og átta karlar og einnig er kynjahlutfallið jafnt í öllum 30 sætunum.

Í efstu átta sætunum eru Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Jórunn Ósk Frímannsdóttir og Sif Sigfúsdóttir. - jh



**VALHÖLL** Framboðslisti Sjálfstæðismanna fyrir borgarstjórnarkosningar. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson leiðir listann. Hanna Birna Kristjánsdóttir í öðru sæti. Gísli Marteinn Baldursson skipar þriðja sætið á listanum. Fyrstu þrettán sætin eru óbreytt frá prófkjörinu fyrr í haust.

# Skattbyrði fer niður tekjustigann

**Skattbyrði hefur þyngst í öllum launaþrepum nema hjá þeim hæstu, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Einnig hafa barnabætur og vaxtabætur skerst. Pétur Blöndal segir skattbyrðina skýrast með hærri launum.**

**STJÓRNMÁL** „Skattbyrði hefur þyngst hjá öllum síðustu tvö árin nema hjá þeim tekjuhæstu," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

Vitnar hún þar til svars fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur sem barst fyrr í þessum mánuði. Þar kemur meðal annars fram að skattbyrði þeirra tekjulægstu hafi aukist um nær þrjú prósentustig. Þar kemur einnig fram að skattbyrði allra tekjuhópa hafi aukist nema tveggja hæstu tekjuhópanna. Þessir tveir tekjuhópar mynda saman þau 20 prósent sem mestar tekjur hafa í þjóðfélaginu.

Í svarinu kemur fram að miðað við verðlag ársins 2004 hafi vaxtabætur rýrnað um 489 milljónir frá því 2002 og til ársins 2004. Á sama tíma hafa barnabætur rýrnað um 237 milljónir króna.

„Þetta er eitthvað sem kemur barnafólkinu og þeim sem eru með mikla vaxtabyrði vegna húsnæðiskostnaðar, sem er gjarnan sama fólkið, mjög illa," segir Ingibjörg Sólrún.

Ingibjörg Sólrún segir að það hafi verið fyrirséð að skattbyrði myndi þyngjast í lægstu tekjuhópunum þegar ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskattshlutfallið en láta persónuafsláttinn ekki fylgja verðlagsþróuninni.

„Þetta sýnir það bara að sú þróun heldur áfram og bilið milli þeirra sem hafa mestar tekjur og þeirra sem hafa lægstar tekjur er að aukast. Þetta hefur verið að gerast ár frá ári í tíð þessarar ríkisstjórnar. Einn þátturinn í þessu er sá að fjármagnstekjur hafa aukist en þær eru skattlagðar allt öðruvísi en aðrar tekjur," segir Ingibjörg Sólrún.

„Þetta er ofur skiljanlegt miðað við það hvernig skattakerfið er uppbyggt," segir Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Þeir sem eru með hærri laun borga hlutfallslega hærri skatta og þegar tekjurnar hækka svona gríðarlega mikið eins og þau hafa gert síðustu tíu árin þá gefur það augaleið að almenningur borgar hærri skatta því fólk hefur hærri tekjur. Þannig að þetta er mjög ánægjulegur vandi. Hvað varðar skattlagningu á fjármagnstekjur þá eru þær allt annars eðlis og fólk á að vita það. Ef allt er tekið inn í er hún engu lægri en tekjuskatturinn. Hvað barnabætur varðar er það að segja að margar þeirra eru tekjutengdar og þegar tekjurnar hækka eins og þær hafa gert þurfa færri barnabætur," segir Pétur.

jse@frettabladid.is



**PÉTUR BLÖNDAL** Segir að það gefi auga leið að láglaunafólk greiði hærri skatta nú en áður því laun þeirra hafi hækkað.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Segir skattastefnu ríkisstjórnarinnar hafa komið láglaunuðum og barnafólki illa.

**SKATTBYRÐI HLUTFALL AF HEILDARTEKJUM EFTIR TEKJUHÓPUM**

| | Hjón/sambúðarfólk | | | Einhleypir | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2002** | **2003** | **2004** | **2002** | **2003** | **2004** |
| 1 | 5,5 | 6,8 | 8,4 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 2 | 11,1 | 11,8 | 13,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 3 | 15,0 | 15,4 | 16,4 | 2,9 | 2,3 | 2,9 |
| 4 | 18,0 | 18,3 | 19,3 | 9,4 | 9,7 | 11,2 |
| 5 | 20,1 | 20,6 | 21,4 | 12,9 | 13,3 | 14,8 |
| 6 | 22,3 | 22,3 | 23,0 | 15,1 | 15,1 | 16,3 |
| 7 | 23,9 | 24,0 | 24,7 | 16,9 | 17,1 | 18,2 |
| 8 | 25,4 | 25,3 | 25,8 | 18,7 | 19,1 | 21,2 |
| 9 | 27,0 | 26,9 | 27,4 | 21,7 | 21,5 | 22,6 |
| 10 | 24,5 | 23,0 | 22,8 | 25,4 | 23,9 | 24,6 |

* Í hópi 1 eru þau 10 prósent sem minnstar tekjur hafa og svo koll af kolli.

**BARNA- OG VAXTABÆTUR Í MILLJÓNUM KRÓNA Á VERÐLAGI ÁRSINS 2004**

| | **2002** | **2003** | **2004** |
|---|---|---|---|
| **Barnabætur** | 5.272 | 5.297 | 5.035 |
| **Vaxtabætur** | 5.663 | 5.341 | 5.174 |



## KJÖRKASSINN

*Mun ríkisstjórnin lækka landbúnaðarstyrki?*

| | |
|---|---|
| Já | 90% |
| Nei | 10% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vildir þú sjá Hillary Clinton sem næsta forseta Bandaríkjanna?*

Maður dæmdur í fangelsi:

## Stal flíspeysu og dúnvesti

**DÓMSMÁL** 23 ára maður var í gær dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir þjófnað og fjársvik.

Um klukkan tíu að morgni miðvikudagsins 14. september stal maðurinn flíspeysu ásamt kortaveski sem í henni var í Smáralind í Kópavogi. Á sama stað stal hann líka dúnvesti sem í var Panasonic Mp3-spilari og bíllykill. Klukkan tuttugu mínútur fyrir þrjú reyndi maðurinn svo að svíkja út vörur fyrir 1.355 krónur á bensínstöð með greiðslukortinu úr flíspeysunni.

Maðurinn viðurkenndi brot sín fyrir dómi en hann hafði áður verið sektaður fyrir þjófnað.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness. - óká

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bílvelta á Reykjavíkurvegi** Bíll valt eftir harðan árekstur við Reykjavíkurveg rétt rúmlega átta í gærkvöldi. Tveir menn voru í bílnum og voru þeir sendir á slysadeild. Þeir eru ekki taldir alvarlega slasaðir að sögn lögreglunnar í Hafnarfirði. Þetta var þriðja bílslysið í Hafnarfirði í gær.

### BRASILÍA

**Átak gegn fíkniefnum** Lögreglan í Sao Paulo handtók 22 einstaklinga á útiskemmtun og tók af þeim mikið magn eiturlyfja. Fyrr í vikunni handtók hún 28 manns fyrir sömu sakir og eru handtökurnar hluti af samræmdri aðgerð til að stemma stigu við eiturlyfjanotkun tengdri næturlífi.








**TETRAKERFI LÖGREGLUNNAR Í NOTKUN** Öll samskipti lögreglu fara fram um Tetrakerfið og getur sá er yfir slíka stöð kemst hlustað á trúnaðarupplýsingar af ýmsu tagi, nöfn og kennitölur fólks og brotaferil. Myndin er úr safni.

Lögreglumaður á yfir höfði sér sekt, jafnvel fangelsisdóm:

## Seldi talstöð lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Ungum lögreglumanni hefur verið vikið frá störfum hjá lögreglunni í Reykjavík eftir að upp komst að hann hafði stolið einni Tetra talstöð embættisins og selt áfram til óviðkomandi aðila.

Málið er komið í hendur ríkissaksóknara og er búist við að ákæra verði gefin út á hendur manninum innan tíðar fyrir brot sitt. Er það litið afar alvarlegum augum enda fara öll samskipti lögreglu gegnum stöðvarnar og sá sem hefur slíka stöð undir höndum hefur aðgang að öllum helstu trúnaðarupplýsingum lögreglu í landinu.

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík, staðfesti að manninum hefði verið vikið frá vegna málsins sem komst upp fyrir nokkrum vikum. Á hann þunga sekt eða jafnvel fangelsisdóm yfir höfði sér vegna stuldsins og þá staðreynd að hann seldi stöðina. - aöe

Úrskurðaður í gæsluvarðhald:

## Grunaður um kynferðisbrot

**LÖGREGLA** Tvítugur maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til 22. desember grunaður um kynferðisbrot gegn fimm unglingsstúlkum á aldrinum fjórtán til fimmtán ára.

Fyrsta mál mannsins kom inn á borð lögreglu í nóvember þegar hann var kærður fyrir að nauðga tveimur 15 ára gömlum stúlkum. Að sögn Harðar Jóhannessonar, yfirlögregluþjóns í Reykjavík, bárust í síðustu viku tvær kærur til viðbótar og var maðurinn þá handtekinn á ný á grundvelli rannsóknarhagsmuna úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Eru brot mannsins talin hafa verið framin á tímabilinu 29. september til 12. desember síðastliðinn.

Talið er að þrír vinir ákærða hafi verið á vettvangi í einhverjum tilvikanna og á lögregla enn eftir að hafa upp á þeim til yfirheyrslu. - óká/æþe

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓKU OF HRATT** Lögreglan í Keflavík tók tvo ökumenn og kærði fyrir hraðakstur á Reykjanesbrautinni aðfaranótt mánudags. Báðir voru teknir þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Annar ók á 133 kílómetra hraða og hinn á 135 kílómetra hraða. Hámarkshraði miðar við bestu aðstæður, en lögregla segir aðstæður hafa verið langt frá því sökum hálku og éljagangs.




800 7000 - **siminn.is**

**Tryggðu þér ADSL áskrift í ár**




- Einn mánuður innifalinn
- Sjónvarpsþjónusta og vídeóleiga heima í stofu sem veitir þér aðgang að Skjánum
- Í boði er fjöldi erlendra sjónvarpsstöðva
- Uppsetning innifalin fyrir sjónvarp




Þráðlaust Internet & sjónvarp

**Gerðu meira en bara tala**

- Valmynd á íslensku
- Hreyfimyndavél
- Myndavél



Nokia 6020
14.980 kr.

**Nettur og skemmtilegur**

- Myndavél
- Hraðritun á íslensku (T9)
- Tri-Band (nothæfur í Bandaríkjunum)



Samsung X640
9.900 kr.

Komdu við í næstu Símabúð og kynntu þér vöruvalið og jólatilboðin. Þú færð jólagjöfina hjá okkur.

Síminn



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hversu mörgum prósentum meiri er talið að jólaverslunin verði í ár?*

2 *Hverjir þrír hlutu titilinn fólk ársins 2005 hjá tímaritinu Time?*

3 *Hvaða bók Steinunnar Sigurðardóttur er á leið á erlendan markað?*

SVÖRIN ERU AÐ BLAÐSÍÐU 62

Dómsmálaráðherra Tyrklands um málaferlin yfir rithöfundinum Orhan Pamuk:

# Evrópusambandið gagnrýnt

**ANKARA, AP** Dómsmálaráðherra Tyrklands, Cemil Cicek, gagnrýndi Evrópusambandið í gær fyrir að þrýsta á um að dómsmál gegn rithöfundinum Orhan Pamuk verði látið niður falla. Hann gaf þó til kynna að svo gæti farið.

Pamuk er ákærður fyrir að móðga land sitt og þjóð með ummælum í svissnesku dagblaði og kom mál hans fyrir dóm á föstudag. Dómurinn kvaðst hins vegar þurfa á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins að halda áður en lengra væri haldið, og afgreiðslu málsins var því frestað.

Málið hefur reynst eins konar prófsteinn samskipta Tyrklands og Evrópusambandsins, sem krefst þess að Tyrkir geri sitt til verndar tjáningarfrelsinu. Hins vegar hafa stjórnvöld einnig þurft að glíma við þjóðernissinna, sem ummæli Pamuk reittu til reiði.

Ummælin tóku til tveggja viðkvæmustu atburða í sögu Tyrkja síðastliðna öld, fjöldamorðs Tyrkja á Armenum í fyrri heimsstyrjöldinni og átök nýlega við kúrdíska aðskilnaðarsinna. ■




**RITHÖFUNDURINN ORHAN PAMUK** Málaferli vegna ummæla hans um voru rædd á fundi ríkisstjórnar Tyrklands í gær.

Oddviti sjálfstæðismanna:

# Átök innan Samfylkingar

**STJÓRNMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar, segist ekki skilja orð Dags B. Eggertssonar um að það stefni í óverðskuldaðan sigur Sjálfstæðisflokksins í borginni í vor eins og staðan sé nú.

„Ég held að stefni fyrst og fremst í átök innan Samfylkingarinnar. Ef Sjálfstæðisflokkurinn vinnur borgina í vor verður það verðskuldað. Svo virðist sem hann treysti hvorki núverandi borgarstjóra né Stefáni Jóni Hafstein og hann sé maðurinn til að vinna verkin fyrir Samfylkinguna. **- jh**

Hveragerðisbær:

# Aldrei fleiri byggingaleyfi

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Met hefur verið slegið í útgáfu byggingarleyfa í Hveragerðisbæ á þessu ári.

Á árinu hafa alls verið veitt byggingarleyfi fyrir 102 íbúðum, 34 íbúðum í einbýli, 45 íbúðum í rað- eða parhúsum og 23 íbúðum í fjölbýli. Á vef bæjarfélagsins kemur fram að í sögu þess hafi aldrei verið veitt byggingarleyfi fyrir jafn mörgum nýbyggingum og á árinu.

Stærð samþykkts íbúðarhúsnæðis nemur 16.400 fermetrum og 59.500 rúmmetrum. Þá var veitt leyfi fyrir samtals 670 fermetrum af athafnahúsnæði og byggingarleyfi veitt fyrir tveimur nýjum hesthúsum, samtals 600 fermetrum. Fram kemur að aukinn áhugi sé fyrir lóðum af því tagi í bæjarfélaginu. **- óká**

Spenna færist í jólaveðurspána:

# Tvísýnt með hvít jól

**VEÐURSPÁ** „Það var bara að færast mikil spenna í málið rétt í þessu," segir Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur NFS, um jólaveðrið. „Það er tvísýnt með rauð jól hér í borginni. Nýjustu spár benda til þess það snjói hér í Reykjavík á Þorláksmessu en óvíst er hvort hlýnandi veður á aðfangadag nái að bræða sjóinn af sér eða hvort bærinn hangi hvítur fram yfir sex. Þetta verður þó enginn jólasnjór sem fellur hægt og þekur." Sigurður segir að Vestfirðir séu nokkuð öruggir um snjó en fólk á suðvesturhorninu verði að bíða og vona. „Hiti á aðfangadag verður þrjú til fjögur stig í borginni og um og yfir frostmark á landinu öllu." Veðrið verði milt, vætulítið og lítill vindur. „Í raun óttalega kraftlaust veður. Hugsanlega nokkuð bjart yfir."



**SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON** Veðurfréttamaður NFS segir möguleika á hvítum jólum

Þegar líður á jólin gæti kólnað og úrkoma aukist. „Það getur ýmislegt gerst í framhaldinu. Á annan í jólum ætti að hafa kólnað aðeins með aukinni úrkomu. Það verður slyddukennt, en gæti þó fært borgina í smá jólabúning. Annars gætu hvít jól hæglega farið að verða alger spariviðburður sem hendir bara á 10 ára fresti ef við höldum áfram að fara svona með plánetuna okkar," segir Sigurður að lokum. „En það er nú kannski meira heimspeki en spá." **- dac**



**DAGUR B. EGGERTSSON** „Það er í þessari stöðu, þegar stefnir í óverðskuldaðan stórsigur Sjálfstæðisflokksins, sem ég á erfitt með að sitja þegjandi hjá með hendur í skauti."

# Dagur stefnir á efsta sætið

**Dagur B. Eggertsson vill leiða framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavík og býður sig fram gegn Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Stefáni Jóni Hafstein.**

**STJÓRNMÁL** Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi óháðra á Reykjavíkurlistanum, hefur gengið til liðs við Samfylkinguna og hefur ákveðið að bjóða sig fram í efsta sæti framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor.

Auk Dags stefna Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi einnig á forystusæti listans.

Dagur sagði í fjölmiðlum þegar Reykjavíkurlistinn liðaðist í sundur að hann hygðist draga sig í hlé og tilkynnti það í fjölmiðlum. Hann vísar nú til mikillar sóknar Sjálfstæðisflokksins og prófkjörsins í byrjun nóvember. „Í þessu tugmilljóna prófkjöri Sjálfstæðisflokksins voru engar hugmyndir nema kannski eyjabyggð, en svo var henni slegið á frest í 50 ár. Það er í þessari stöðu, þegar stefnir í óverðskuldaðan stórsigur Sjálfstæðisflokksins, sem ég á erfitt með að sitja þegjandi hjá með hendur í skauti og hef þessvegna ákveðið að ganga til liðs við Samfylkinguna og leita eftir forystu í prófkjöri."

Dagur segir að ekki blasi við nú að R-lista flokkarnir vinni saman. Verkefnið sé að vinna að öflugu framboði Samfylkingarinnar, sem hann telur að geti verið 35 til 40 prósenta flokkur í höfuðborginni. „Síðan verðum við að sjá hver úrslitin verða að öðru leyti. Ef meirihlutinn heldur verður það eðlilega fyrsta val í stjórnarmynstri."

Dagur kveðst með framboði sínu ekki lýsa vantrausti á aðra frambjóðendur og kallar sem flesta til liðs við Samfylkingarlistann.

Dagur leggur áherslu á fjölbreytt framboð húsnæðis og tugmilljarða króna uppbyggingu í miðborginni að tónlistar- og ráðstefnuhúsi meðtöldu. Hann vill leggja vegi í stokka frekar en að byggja mislæg gatnamót. Öskjuhlíðargöng og Sundabraut leggur hann áherslu á. Hann vill útrýma launamun kynjanna hjá borginni á næstu fimm árum og laða atvinnugreinar í örum vexti til borgarinnar og nefnir í því sambandi ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi og þekkingarstarfsemi.

Dagur leggur auk þess áherslu á að dyr grunnskólanna verði opnaðar fyrir íþróttafélögum og tónlistarskólum og leitað verði leiða til að þessi þjónusta nái til allra barna og um leið þurfi foreldrar ekki að verja eftirmiðdeginum í akstur. Þá vill Dagur að áhrif foreldra verði aukin í skólastarfi og í tilraunaskyni verði komið á foreldrastjórnum í fimm grunnskólum. **johannh@frettabladid.is**



Opin íbúðalán



Láttu bankana
ekki læsa þig inni

Opin íbúðalán SPRON eru **án þvingandi skilyrða um önnur bankaviðskipti** í allt að 40 ár eins og tíðkast hjá öðrum bankastofnunum.

Kynntu þér málin á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánsreglum SPRON.
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða www.spron.is




Bændasamtökin hafna fullyrðingum um verðlækkun:

# Vörur án styrkja samt dýrari

**LANDBÚNAÐUR** Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, mótmælir fullyrðingum um að matarverð hér myndi lækka um þrjátíu prósent með því að fella niður landbúnaðarstyrki.

„Þetta eru ný sannindi fyrir mér og furðulegt að heyra þá klifa á þessu, Sigurð Jónsson hjá Samtökum verslunar og þjónustu og Tryggva Þór Herbertsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar,“ segir hann.

Haraldur bendir á að hér séu í sölu landbúnaðarafurðir sem ekki njóti styrkja og séu engu að síður mun dýrari en í nágrannalöndunum. „Hér er flutt inn tollalaust korn, hveiti, ávextir, grænmeti og fleira. Árið 2003 var verð á brauði og kornvöru 67 prósentum hærra en í Evrópusambandsríkjunum fimmtán. Verð á sykri, sem líka er landbúnaðarafurð, er 61 prósenti hærra en annars staðar.



**HARALDUR BENEDIKTSSON** Formaður Bændasamtaka Íslands.

Þetta segir okkur að verðmunur á matvöru getur átt sér margar skýringar,“ segir hann og bendir á að hér séu föt líka miklu dýrari en víða annars staðar. „Ég get að minnsta kosti ekki tengt að landbúnaðarverndartollar hafi áhrif á verð á gallabuxum sem kosta 2.700 krónur í Bandaríkjunum en 10 til 12 þúsund krónur hér.

Haraldur tekur þó ekki svo djúpt í árinni að segja að niðurfelling tolla myndi ekki hafa áhrif til lækkunar á matarverði. „Það er hins vegar rangt að segja að allt matarverð lækki. Við erum með helminginn af öllum matarinnflutningi nánast tollalausann.“ **- óká**

# Bandaríkin eru ekki með sendiherra

**Bandaríkjamenn hafa dregið í hálft ár að skipa hér sendiherra og er það óvenjulegt þegar um svo rótgróið sendiráð er að ræða. Steingrímur J. Sigfússon telur það sýna að þeir hafi ekki miklar áhyggjur af samskiptum þjóðanna.**

**MILLIRÍKJASAMSKIPTI** Veruleg-ar tafir hafa orðið á skipan nýs sendiherra í sendiráð Bandaríkjanna í ár. Nýi sendiherrann, Carol van Voorst, kemur ekki til starfa fyrr en í janúar en James I. Gadsden hætti í júlí. Sendiráðið hefur því verið sendiherralaust í tæplega hálft ár þó að staðgengill hafi vissulega verið þar að störfum.

Pia Hanson, upplýsingafulltrúi bandaríska sendiráðsins, segir að þó að sendiherrar fari á sumrin þá byrji þessir nýju aldrei fyrr en á haustin og fer því allt eftir því hvað Hvíta húsið er fljótt að tilnefna nýjan sendiherra. Drátturinn nú sé í lengra lagi en ekkert óeðlilegur. Sendiherrann taki aðeins til starfa einum til tveimur mánuðum seinna en venjulega.

„Það fer eftir því hvað það er mikið að gera í Hvíta húsinu og þinginu, hvort það þarf að setja marga sendiherra í stöður á sama tíma og svo framvegis,“ segir Pia og bætir við að van Voorst hafi nýlega lokið störfum í Vínarborg, þar sem hún var staðgengill sendiherra, og sé nú í sendiherraþjálfun í Bandaríkjunum.

Pia segir að starfsemi sendiráðsins einkennist af rólegheitum um jól og nýár og því hafi ekki tekið því fyrir nýja sendiherrann að mæta til starfa fyrr en á nýju ári. Það sé engin pólitík á bak við það.

Steingrímur J. Sigfússon, fulltrúi Vinstri grænna í utanríkismálanefnd, telur dráttinn á skipan sendiherra sýna að Bandaríkjamenn hafi ekki miklar áhyggjur af varnarviðræðunum við Íslendinga og benda til þess að þeir taki þau mál ekki mjög alvarlega.

„Ef þeir hefðu talið alvöru á ferðum í samskiptum þjóðanna þá hefðu þeir ekki látið dragast lon og don að manna hér sendiherrastöðu,“ segir hann og telur þetta óvenjulegt þar sem um rótgróið sendiráð sé að ræða. **- ghs**



**BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ** Nýr sendiherra tekur til starfa í janúar í bandaríska sendiráðinu. Pia Hanson upplýsingafulltrúi segir að dráttur-inn á skipan sendiherra sé heldur lengri en venjulega en engin pólitík sé á bak við það. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI








# Útboðs- og skráningarlýsing Avion Group hf. – desember 2005

## Nýtt hlutafé fyrir 6 milljarða króna boðið á genginu 34,3–38,3

Útboðs- og skráningarlýsingin er gefin út í tengslum við hlutafjárútboð Avion Group hf. og fyrirhugaða skráningu á Aðallista Kauphallar Íslands hf. í janúar 2006.

Útboðs- og skráningarlýsing Avion Group hf. er birt í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. 20. desember 2005 og á vefsíðum Avion Group og Landsbankans. Einnig verður hægt að nálgast útboðs- og skráningarlýsinguna hjá útgefanda og umsjónaraðila.

### Útgefandi:

Avion Group hf., kt. 660288-1049, Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi, www.aviongroup.is

### Heildarfjöldi hluta:

Heildarfjöldi hluta í Avion Group hf. fyrir útboð er 1.532.502.429. Boðnir verða út 156.657.963–174.927.114 nýir hlutir og verður heildarfjöldi hluta eftir útboð 1.689.160.492–1.707.429.643. Núverandi hluthafar Avion Group hf. hafa fallið frá forgangsrétti sínum til hlutafjáraukningarinnar.

### Útboðsgengi:

Útboðsgengi verður ákvarðað með söfnun viljayfirlýsinga á gengisbilinu 34,3–38,3 krónur á hlut.

### Sölutrygging:

Landsbanki Íslands hf. sölutryggir útboðið að fullu.

### Kynningartímabil:

16.–22. desember 2005.

### Selt til:

Fagfjárfesta.

### Lágmarkskaup:

5 milljónir króna að kaupverði.

### Söfnun viljayfirlýsinga:

Fagfjárfestar geta skilað inn óbindandi viljayfirlýsingum þar sem fram kemur fjöldi hluta sem þeir vilja kaupa ásamt gengi, og skal viljayfirlýsingum skilað fyrir klukkan 16.00 fimmtudaginn 22. desember 2005. Viljayfirlýsingar eru ekki á stöðluðu formi.

Óbindandi viljayfirlýsingum skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík.

### Endanlegt úboðsgengi:

Endanlegt útboðsgengi tekur mið af viljayfirlýsingum sem berast. Stjórn Avion Group hf. ákveður endanlegt úboðsgengi og verður það tilkynnt fyrir klukkan 10.00 föstudaginn 23. desember 2005.

### Tilkynning um úthlutun:

Fyrir klukkan 12.00 föstudaginn 23. desember verður þeim aðilum sem skiluðu inn óbindandi viljayfirlýsingum tilkynnt um hversu mikið þeir fá að kaupa í útboðinu og á hvaða gengi. Útgefandi áskilur sér rétt til að hafna tilboðum í heild eða að hluta.

### Skil á bindandi tilboðum:

Fjárfestar skila inn bindandi tilboðum í samræmi við úthlutun fyrir kl. 16.00 föstudaginn 23. desember 2005.

Bindandi tilboðum skal skilað í lokuðum umslögum merkt „Avion Group hf. – hlutafjárútboð" til Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík.

### Bindandi áskrift:

Fjárfestum verður tilkynnt fyrir klukkan 20.00 föstudaginn 23. desember 2005 hvort tilboð þeirra hafi verið samþykkt og þeim send greiðslufyrirmæli. Bindandi áskrift hefur ekki komist á fyrr en útgefandi hefur tilkynnt fjárfestum að bindandi tilboði þeirra hafi verið tekið.

### Gjalddagi áskrifta:

17. janúar 2006.

### Afhending hluta:

Nýir hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. eigi síðar en einum degi eftir að fjórðungur útboðsins hefur verið greiddur, en þó ekki síðar en 19. janúar 2005.

### Skráning í Kauphöll Íslands:

Fyrirhugað er að skrá Avion Group hf. á Aðallista Kauphallar Íslands hf. eigi síðar en föstudaginn 20. janúar 2006.
Auðkenni í Kauphöll Íslands: „AVION"

### Umsjónaraðili:

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf.
kt. 540291-2259, Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík,
sími 410 4000, fax 410 4007, www.landsbanki.is

### Upplýsingar um útboðið:

Verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. veita allar nánari upplýsingar varðandi hlutafjárútboð Avion Group hf. í síma 410 7330 og 410 7343.

AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim

Landsbankinn

Himinn og haf / SÍA



**VATNSELGUR Í HAD YAI** Tuttugu manns eru taldir af eftir flóð í Taílandi og í Víetnam hafa um fimmtíu farist. Flóðin eru einhver þau verstu í Suðaustur-Asíu í 40 ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Talið er að fuglaflensa hafi dregið átta ára dreng til dauða:

# Tilfellum fjölgar í Indónesíu

**JAKARTA, AP** Óttast er að fuglaflensa hafi dregið átta ára dreng til dauða í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, í síðustu viku.

Niðurstöður indónesískra heilbrigðisyfirvalda benda til þess að fuglaflensa hafi verið dánarorsök drengsins en Alþjóðaheilbrigðsstofnunin á eftir að staðfesta að svo sé. Úrskurðar stofnunarinnar um dánarorsök 39 ára manns, sem einnig lést í síðustu viku, að því er talið er úr fuglaflensu, er einnig beðið.

Ekki er vitað hvort drengurinn hafi komist í návígi við sjúka fugla, en dýralæknar hafa bent á að fuglaflensa hafi greinst í nokkrum fuglum í þéttbýlu íbúahverfi þar sem drengurinn átti heima. Fuglaflensa hefur drepið hundruð milljóna kjúklinga og anda og nú dregið að minnsta kosti 71 mann til dauða, flesta í Víetnam og Taílandi. Staðfest hefur verið að níu Indónesar hafi látist úr sjúkdómnum.

Sumir sérfræðingar óttast að fuglaflensuveiran stökkbreytist á þann veg að hún geti auðveldlega borist milli manna, og leiði þannig til faraldurs. **- ht**



**FUGLAFLENSA** Talið er að tveir Indónesar hafi látist úr fuglaflensu í síðustu viku. Annar hinna látnu var átta ára drengur, en ekki er vitað hvernig hann smitaðist af flensunni.

### Kynlífsmarkaðurinn í Eistlandi:

# Heimsóknum Finna fjölgar

**FINNLAND** Eistar hafa áhyggjur af þeirri fyrirætlan Finna að refsa þeim sem greiða fyrir þjónustu vændiskvenna. Þeir óttast að lagabreytingin muni hafa þau áhrif að heimsóknum Finna til eistneskra vændiskvenna muni fjölga.

Finnska blaðið Hufvudstadsbladet hefur eftir eistnesku blaði að meirihlutinn af ferðalöngum, sem koma til Eistlands til að kaupa kynlíf, komi frá Finnlandi og Svíþjóð. Margir koma líka frá Þýskalandi og Danmörku.

Með lagabreytingunni feta Finnar í spor Svía, sem gera kaupendur vændis ábyrga. **- ghs**



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580
ÚTILÍF

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Siglt til Eyja á hálftíma

## Siglingastofnun hefur kynnt nýtt líkan sem sýnir aðstæður í Bakkafjöru með tilliti til ferjusiglinga.

**SAMGÖNGUR** Siglingastofnun Íslands kynnti í gær rannsóknarlíkan af aðstæðum í Bakkafjöru. Stofnunin telur ferjulægi í fjörunni raunhæfan valmöguleika. Líkanið er gert eftir nákvæmum mælingum sem vísindamenn Siglingastofnunnar hafa unnið á svæðinu í og við Bakkafjöru að undanförnu. Siglingastofnun telur þennan kost vel raunhæfan ef ákveðið verður á annað borð að ráðast í ferjuaðstöðu í Bakkafjöru. Ef af verður myndi þessi ferjuaðstaða stytta siglingatímann á milli lands og eyja úr tæpum þrem tímum í um 30 mínútur.

Tilgangur líkansins hefur verið að sögn Gísla Viggósonar, forstöðumanns rannsóknar- og þróunarsviðs Siglingastofnunnar Íslands, að rannsaka öryggis- og viðmiðunarmörk fyrir siglingu ferju inn í ferjulægið. Hann segir nauðsynlegt að kanna lægið við mismunandi ölduhæð við flóð og fjöru sem þetta líkan getur líkt eftir. „Við notum sömu öldugerð hér og við notuðum í Grindavík þegar við vorum að þróa innsiglinguna þar, þetta er endurtekning á því tilraunaferli“, segir Gísli. Hann segir jafnframt að einungis séu eftir lítilsháttar fínstillingar á útfærslunni en að hún sé í gröfum dráttum tilbúin.

Árið 2000 var stofnuð nefnd, í framhaldi af þingsályktunartillögu, um framtíðarsamgöngur til Vestmannaeyja og er hlutverk hennar að skila til samgönguráðherra áliti sínu um hvaða kostur skuli valin. Páll Sigurjónsson formaður nefndarinnar segir nefndina að störfum og hún skoði nú þennan valmöguleika ásamt jarðgangagerð og endurnýjun Herjólfs.

Gísli Viggóson segir að Siglingastofnun muni skila endanlegri útfærslu á ferjulæginu til nefndarinnar á næsta ári. **- æþe**



**SAMGÖNGURÁÐHERRA SIGLIR ÚR VÖR** Sturla Böðvarsson virtist ánægður með útfærsluna.

Engar áhyggjur,
þetta er ennþá Saab.

Það er erfitt að trúa því að jafn sprækur bíll sé einn sá öruggasti á götunni. Saab er hannaður fyrir skandinavískar aðstæður og því stendur hann sig best þegar íslenski veturinn er hvað harðastur. Við kynnum nýjan og stærri Saab 9-5. Rétti bíllinn fyrir veturinn í norðri.

*Verð 2.980.000,-*




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Reynsluaktu nýjum SAAB 9-5. Hann er margverðlaunaður fyrir öryggi og hannaður fyrir akstur á norðurslóðum.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Glænýr Saab 95

SAAB


Konfekt
Linda
Konfekt
Linda
Gleðileg jólagjöf
hausverk / SÍA

## 42" Wide Prolux Plasma
m/**Samsung** skjá
birta, 1000 CD / M2
upplausn, 852(H) x 480(V) WXGA
skerpa, 3000 : 1
litir, 16.7 milljón
viðbragðstími, 8ms (mjög hraðvirkt)
hljóð, (2 x 8W) RMS
160° sjónarhorn
mynd í mynd (2 móttakarar)
íslenskt textavarp
fjarstýring fylgir
veggfestingar fáanlegar
borðstandur fylgir
NICAM stereó
2 SCART tengi - fyrir afruglara, DVD, Video
1 DVI tengi - stafrænt tengi fyrir tölvur
1 VGA - tölvutengi
2 RGB - tölvutengi
2 ára ábyrgð
1802570

Kynningarverð
**159.900**

PROLUX
SAMSUNG ELECTRONICS





PROLUX
SAMSUNG ELECTRONICS

## 32" Prolux LCD sjónvarp
32" **Samsung** skjár
birta, 500 CD / M2
upplausn, 1366(H) x 768(V) WXGA
skerpa, 800 : 1
litir, 16.77 milljón
viðbragðstími, 12ms (mjög hraðvirkt)
170° sjónarhorn
mynd í mynd (2 móttakarar)
íslenskt textavarp
fjarstýring fylgir
veggfestingar fáanlegar
borðstandur fylgir
NICAM stereó
3 SCART tengi - fyrir afruglara, DVD, Video
1 DVI tengi - stafrænt tengi fyrir tölvur
1 VGA - tölvutengi
2 RGB - tölvutengi
2 ára ábyrgð
1802571

Kynningarverð
**129.900**




## Nýtt
**Húsasmiðjublað**

**Stútfullt af spennandi jólagjafahugmyndum fyrir þá sem vilja hörðu pakkana.**



**15.990**

## Fótboltaspil
141x75x94 sm
1802800

# Gleðileg jól

# 50% afsláttur af öllum jólavörum




# Harðir pakkar á lægra verði



9.995
~~15.995~~

**Hleðsluborvél**
**Hitachi,** 12V, 2 rafhlöður, vasaljós og bitasett fylgir.
5247242



1.995

**Stingsög**
**DWT**, 550W, framkast
5245277



**Hjólsög**
**DWT**, 1200W, 160 mm blað
5245289
3.995

Allir sem kaupa Hitachi rafmagnsverkfæri fram að jólum fá í kaupbæti veglegt skrúfubox með algengustu tréskrúfum, 1700 stk. að verðmæti 1.795 kr.





**Juðari**
**DWT**, 140W, 90 mm
5245284
1.595



2.995

**Hleðsluborvél**
**Topex**, 14,4V, 2 rafhlöður fylgja
5245003

**Opið til kl. 22 til jóla í Húsasmiðjunni Skútuvogi, Smáratorgi og Grafarholti**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**ALLT Á KAFI Í SNJÓ** Ferðamenn fara um á sleðum dregnum af hestum í sumum þorpunum í svissnesku Ölpunum um þessar mundir. Ríflega einn metri af snjó féll á þessum slóðum um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarstjórar á Snæfellsnesi undirrita samning um vistvernd í verki:

# Hvattir til að taka upp vistvænni lífsstíl

**UMHVERFISMÁL** Bæjarstjórar Stykkishólms, Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar undirrituðu nýlega samning sem gengur út á að hvetja og styðja fólk til að taka upp vistvænan lífsstíl. Nokkur önnur sveitarfélög, þar á meðal Reykjavík, hafa undirritað svipaðan samning.

Samningurinn byggir á alþjóðlegu verkefni sem ber heitið Vistvernd í verki og á uppruna sinn í Bandaríkjunum. Auk Bandaríkjanna og nokkurra Evrópulanda er Suður-Kórea líka þátttakandi í verkefninu. Kannanir sýna að þátttaka í verkefninu skilar góðum árangri í umhverfisvernd og stuðlar að bættri umhverfismeðvitund meðal þátttakenda.

Hér á landi hafa um 560 heimili tekið þátt í verkefninu. Sveitarfélögin sem hafa staðið sig best eru Hvítársíða, en helmingur íbúanna tók þátt, og Hveragerði þar sem níu prósent íbúa hafa tekið þátt. Þátttaka á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki verið góð og segir Bryndís Þórisdóttir, verkefnisstjóri verkefnisins að óskandi væri að fleiri myndu taka við sér og taka upp vistvænni lífsstíl. **- sk**



**SNÆFELLSNES** Sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru þátttakendur í verkefni sem hvetur til vistvæns lífsstíls.


Þorláksmessuskatan komin

Verð frá: 399.-

Saltfiskur m/beini, sá eini sanni
Stór humar, risarækjur, hörpuskel

**Fiskbúðin Hafrún**
Skipholti 70
Sími 5530003

**Fiskbúðin Vör**
Höfðabakka 1
Sími 5875070

**Fiskbúðin Árbjörg**
Hringbraut 119
Sími 5525070


Frönsk stjórnvöld:

## Neyðarástand fram í febrúar

**PARÍS, AP** Innanríkisráðherra Frakklands, Nicolas Sarkozy, hefur lýst því yfir að neyðarástand vegna uppþota í landinu verði áfram í gildi, að minnsta kosti fram í febrúar.

Frönsk stjórnvöld hafa einkum áhyggjur af hátíðahöldum áramótanna, en bifreiðabrunar hafa til þessa sett mark sitt á þau í sumum borga landsins.

Neyðarástandi var lýst yfir þann 9. nóvember vegna verstu borgaralegu óeirða í landinu áratugum saman. ■



**ÁSTRALSKAR STRANDIR** Búast má við mikilli löggæslu á baðströndum borgarinnar Sydney eftir kynþáttaóeirðir í síðustu viku.

Óeirðir í Sydney að baki:

## Ástralir hvattir til strandferða

**SYDNEY, AP** Ástralskir lögreglumenn telja sig hafa náð tökum á kynþáttaóeirðum sem geisað hafa á baðströndum við borgina Sydney. Hvetur lögregla fólk nú til þess að fara aftur niður að sjó, en tilmælum um að forðast strandirnar var beint til íbúa um helgina.

Gríðarlegur viðbúnaður er í borginni vegna óeirðanna, en um tvö þúsund lögregluþjónar taka þátt í aðgerðum vegna þessa. Fimm þúsund manns mótmæltu ofbeldinu í Sydney á sunnudag, og hvöttu til einingar milli hvítra íbúa landsins og landsmanna af öðrum uppruna. ■




SONY

# Allt þetta í einum pakka

## KOMIÐ AFTUR



**KLVS32A10**
**SONY 32"LCD SJÓNVARP**

- 32" LCD sjónvarp
- 1366x768 pixel Upplausn
- Contrast 1000:1
- Birta 500 cd/m2
- Borðstandur (hægt að snúa)
- High Definition Ready

**Verð áður**
**219.950 krónur**

**Skýrari mynd en þú átt að venjast ...og aðeins 1 fjarstýring fyrir öll tækin.**



**HTSS600**
**SONY HEIMABÍÓ**

Kaupauki

- Útvarpsmagnari 600W RMS
- S-Master Digital magnari
- Dolby Digital,DTS,Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Bassahátalari

**Verð áður**
**49.950 krónur**



**DVP-NS360**
**SONY DVD SPILARI**

Kaupauki

- Spilar R-1,R-2 (sjónvarp þarf að styðja NTSC)
- Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/MP3/JEPG DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
- Dolby Digital DTS

**Verð áður**
**12.950 krónur**

**Heildarpakkinn!**
**18.329 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
**eða 219.950 krónur staðgreitt.**

Listaverð 282.850 krónur

like.no.other™

BaseCamp

**Sony Center Kringlunni**
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



**AUKIN BÍLAEIGN** Mikið umferðaröngþveiti myndast í Kabúl í Afganistan samhliða stórfelldri fjölgun farartækja. Árið 2003 voru til að mynda 340.000 almenningsfarartæki skráð í landinu, næstum hundrað prósenta aukning frá árinu áður. Dag hvern eru skráðir 250 bílar í Kabúl einni.

Svartfoss er fyrsta frystiflutningaskipið í heiminum í tvo áratugi:

# Svartfoss kominn til landsins

**SKIP** Nýjasti fossinn í skipaflota Eimskips, Svartfoss, kom til Neskaupstaðar seinni partinn í gær í sinni fyrstu Íslandsferð. Skipið er á hringferð um landið og hefur það viðkomu í Reykjavík, Bolungarvík og Akureyri auk Neskaupstaðar.

Flugeldasýning beið skipsins á hafnarbakkanum í Neskaupstað og var áhöfnin boðin velkomin með rjómatertu í tilefni dagsins. Skipstjóri Svartfoss í þessari fyrstu ferð þess til Íslands er Ívar Gunnlaugsson.

Eimskip CTG, dótturfélag Eimskips, tók við skipinu í Álasundi í Noregi um miðjan nóvember síðastliðinn. Svartfoss er fyrsta nýsmíði frystiflutningaskips í heiminum í tæpa tvo áratugi. Skipið er 80 metra langt og 16 metrar á breidd og er burðargeta þess 2.500 tonn, afkastageta þess er 30 til 40 prósentum meiri en hjá sambærilegum skipum.

Skipið hefur reynst vel þessar fyrstu vikur að sögn Hjörleifs Hjörleifssonar, skipamiðlara Eimskips-CTG í Noregi. „Menn eru að læra á skipið og það lofar mjög góðu um framhaldið," segir Hjörleifur og jafnframt að verkefnastaða skipsins framundan sé góð. - æþe



**SVARTFOSS** Nýjasta viðbótin við skipaflota Eimskips.

Niðurrennslissvæði í Ölfusi:

# Þarf ekki umhverfismat

**SKIPULAGSMÁL** Niðurrennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar í Ölfusi er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt nýrri ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Við ákvörðunina leit Skipulagsstofnun til álita sem kallað var eftir frá sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

Allir sem umsögn veittu voru á því að fyrirhuguð rannsóknarborhola og vegagerð henni tengd hefði ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. - óká



**RISAPANDAN BASI** Haldið var upp á 25 ára afmæli hennar um helgina.

Kínverska risapandan Basi:

# Fagnar 25 ára afmæli sínu

**KÍNA, AP** Kínversku risapöndunni Basi var vel fagnað er haldið var upp á 25 ára afmæli hennar í dýragarði í Peking um helgina.

Basi hefur lifað mun lengur en flestar pöndur, en búast má við að þær nái ekki meira en tólf ára aldri. Basi glímir við of háan blóðþrýsting og taugasjúkdóm og gekkst árið 2002 undir aðgerð þar sem ský á auga var fjarlægt.

Haldið var hátíðlega upp á afmæli Basi í dýragarðinum á sunnudag og henni meðal annars boðin kaka, sem hún borðaði með bestu lyst. ■

# Kaldrifjaðir sjóræningjar eru ógn við sæfarendur

**Sjórán verða tíðari á heimshöfunum með hverju árinu, sérstaklega við strendur Sómalíu og Indónesíu. Rúmlega 30 manns létust í slíkum ránum á síðasta ári en alls var ráðist á 325 skip vítt og breitt um heiminn. Sjóræningjar beita nýjustu tækni við sjóránin og taka oftar en ekki gísla til að tryggja undankomu.**

**SJÓRÁN** Smábærinn Port Royal á Jamaíka hefur gott lægi fyrir skip og báta. Stutt er á ágæt fiskimið og í bænum er einn vinsælasti sjávarréttaveitingastaður héraðsins, sem kaupir hvern dag mikið magn afla sem komið er með að landi. Það finnast hins vegar engir bátar eða skip í Port Royal og langt er síðan öll útgerð þaðan lagðist af. Ástæðan eru tíð sjórán á Karabíska hafinu.

Það kann að hljóma undarlega árið 2005 en sjóránum á heimshöfunum hefur farið fjölgandi hin síðari ár, sérstaklega á höfunum úti fyrir Asíu og Afríku. Tilkynnt var um 325 sjórán árið 2004, sem í létust þrjátíu manns, og frá um til fyrsta september á þessu ári var tilkynnt um 221 sjórán í heiminum.

Kvikmyndir og bækur hafa varpað ákveðnum dýrðarljóma á spennandi líf sjóræningja fyrr á tímum en enginn slíkur ljómi er yfir sjóræningjum nútímans. Flestir, ef ekki allir, eru vopnaðir nýjustu tækni í vopnum og búnaði. Handsprengjuvörpum, sjálfvirkum rifflum og hríðskotabyssum sem þeir hika fæstir við að beita ef ekki er látið að vilja þeirra. Þeir sigla um á hraðbátum með öflugustu vélum sem til eru og gera ókleift í flestum tilvikum að elta þá uppi. Ekki bætir úr skák að landhelgisgæsla í þeim löndum sem ránin eru hvað tíðust er lítil sem engin.

Hættulegustu hafsvæðin síðustu árin hafa verið undan ströndum Sómalíu, Nígeríu og Indónesíu. Bíræfni sjóræningja í Sómalíu er ótrúleg og þeir hika ekki við að elta uppi og ræna heilu farþegaskipunum fullum af ferðamönnum ef því er að skipta. Það sem af er þessu ári hefur verið ráðist á 69 skip og báta undan ströndum Afríku. Þar af er fjórtán tilvik við strendur Nígeríu og nítján tilvik við Sómalíu.

Sjórán eru þó öllu tíðari á austanverðu Indlandshafi. Fram að september á þessu ári höfðu borist tilkynningar um tæplega 130 sjórán og hafði fjölgað umtalsvert milli ára. Sérstaklega hefur mannránum fjölgað samfara sjóránum.

Önnur hafsvæði eru öruggari. Aðeins eitt sjórán hefur átt sér stað á Atlantshafinu þetta árið og var það framið undan ströndum Kanaríeyja. Undan ströndum Suður-Ameríku höfðu tíu sjórán orðið fram að september, flest í landhelgi Perú, eða fimm talsins. Tíu tilvik sjórána áttu sér stað á karabíska hafinu á sama tíma en sjö skammt sunnan við Port Royal við strendur Jamaica.

albert@frettabladid.is



**RÁÐIST TIL ATLÖGU** Sjórán eru algengari en margur heldur og blóðugri að auki enda nota sjóræningjar nýjustu tækni og tól til glæpaverka sinna. Algengt er að sigla upp að stærri skipum og hóta áhöfninni með handsprengjuvörpu. Eftir það er haldið um borð og öllum verðmætum stolið. Einnig færist í vöxt að taka einn og einn gísl með til að tryggja undankomu. NORDICPHOTOS/AFP

## FORVARNIR

**Ekkert fikt** Björgunarsveitin Suðurnes og Lögreglan í Keflavík heimsótti 7. og 8. bekk tveggja grunnskóla í Reykjanesbæ fyrir helgi til að kynna myndbandið „Ekkert fikt" sem Slysavarnarfélagið Landsbjörg gefur út. Í myndbandinu er farið yfir öryggisatriði flugelda og rætt um mikilvægi öryggisgleraugna.


Jeppadekk 25% AFSLÁTTUR
hjá Max1 komdu strax!





Jólagjöfin þín

Komdu við á Max1, Bíldshöfða eða Breiðhöfða í Reykjavík eða Tryggvabraut á Akureyri, og kauptu fjögur ný jeppadekk á hagstæðu verði. Með dekkjunum færum við þér veglega og flotta jólagjöf; öflugan 12V rafmagnsfelgulykil að verðmæti 6 þúsund krónur.* Frábær í jeppann eða bílskúrinn. Komdu strax og náðu í jólagjöfina þína!

Til viðbótar getur þú keypt hjá Max1 Bíldshöfða 8, microskurð og/eða neglingu fyrir dekkin þín - enn betra grip í hálku og snjó.

| | Afsláttarverð pr. stk. |
|---|---|
| **Mickey Thompson MTX** | |
| 265/75 R16 (32") | 13,750 kr. |
| 265/70 R17 (32") | 14,500 kr. |
| **Pro Comp AT** | |
| 31" X 15" | 11,500 kr. |
| 32" X 15" | 13,000 kr. |
| 285/75 R16 (33") | 15,000 kr. |
| 315/75 R16 (35") | 18,500 kr. |
| 33" X 17" | 19,000 kr. |
| 35" X 17" | 21,000 kr. |

Þú færð flotta jólagjöf ef þú kaupir 4 ný jeppadekk hjá Max1 í desember.*

* í desember á meðan birgðir endast

VISA Rað- og léttgreiðslur

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

REYKJAVÍK - MAX1 BÍLAVAKTIN:
Bíldshöfða 8. Símar 515 7097 og 515 7098. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18
Breiðhöfða 1. Símar 515 7095 og 515 7096. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18. Laugardaga 9-13 nema í júní, júlí og ágúst.
AKUREYRI - MAX1 BÍLAVAKTIN: Tryggvabraut 5. Sími 462 2700. Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

Forðastu óþægindi. Komdu með bílinn til okkar.
Skoðaðu: www.max1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN




**KOMU EKKI FÆRANDI HENDI** Um fjörutíu jólasveinar á Nýja-Sjálandi gistu fangageymslur eftir róstur og ólæti í miðbænum.

Jólasveinar á Nýja-Sjálandi:

# Létu ófriðlega á götum úti

**NÝJA-SJÁLAND** Lögregla í Auckland á Nýja-Sjálandi þurfti að hafa afskipti af hópi jólasveina sem gekk um götur miðbæjarins rænandi og ruplandi og enduðu þeir allir undir lás og slá.

Jólasveinarnir vildu með þessu mótmæla viðskiptavæðingu jólanna en um fjörutíu manns tóku þátt í gjörningnum sem fólst í að brjóta flöskur og rúður í aðalverslunargötu Auckland og ræna og skemma þær vörur sem þar voru til sýnis. Er þetta ekki í fyrsta skipti sem slíkt á sér stað í borginni og var lögregla fljót til og handtók jólasveinanna. ■


HELENA RUBINSTEIN
HR
HELENA RUBINSTEIN
PRODIGY
Lífsins elixír. Alhliða orka gegn öldrun.
PRODIGY KREM
Með notkun Prodigy verðlaunakremsins verður húðin mýkri, þéttari, húðlitur jafnari og ljómandi og húðin rakafyllt. Prodigy kremið hefur fengið verðlaun í ýmsum löndum sem framúrskarandi vara, m.a. Votre Beauté verðlaunin í Frakklandi, Frau verðlaunin í Japan, Gloria í Finnlandi, Telva verðlaunin á Spáni og síðast en ekki síst alþjóðlegu Marie Claire verðlaunin.
Árangur þessa lífsins elixírs: húðin verður sem endurfædd:
Prófanir fóru fram á 5 þáttum*: Mýkt: 83% - Þéttleika: 79% - Ljóma: 83% - Jöfnum húðlit: 81% - Raka: 86%.
*Hlutfall fullkomlega ánægðra kvenna – þátttakendur 132 – 3 vikur.
Í tilefni jólanna bjóðum við glæsilegar jólaöskjur í Prodigy línunni:
* Með hverju Prodigy 50ml kremi fylgir fallegt armband með Swarovski kristöllum og Full Kiss varagloss nr. 04, 3ml.
* Með hverju Prodigy 15ml augnkremi fylgir Prodigy krem 5ml, Helena Rubinstein spegill, Full Kiss varagloss 3ml og varapensill.
*Algengasta verð.
www.helenarubinstein.com
Útsölustaðir: Ársól, Grímsbæ – Snyrtivöruverslunin Glæsibæ – Gullbrá, Nóatúni – Hagkaup Kringlunni – Hygea Laugavegi 23
Hygea Kringlunni – Lyf og Heilsa Austurstræti – Lyf og Heilsa Kringlunni– Mist Spönginni – Andorra, Hafnarfirði
Bylgjan, Hamraborg – Debenhams Smáralind – Hygea Smáralind – GK Snyrtistofa Mosfellsbæ – Lyf og Heilsa Melhaga
Bjarg, Akranesi – Jara, Akureyri – Hilma, Húsavík – Konur & Menn, Ísafirði Miðbær, Vestmannaeyjum – Myrra, Selfossi

## „ORÐRÉTT“

*Fær Hannes þá aftur á baukinn?*

**„Ég var settur út í kuldann eftir ummæli mín um Hannes Hólmstein en nú hafa orðið mannabreytingar á stöðinni og þess vegna sný ég aftur.“**

BUBBI MORTHENS Í FRÉTTABLAÐINU UM ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKA SÍNA SEM ÚTVARPAÐ VERÐUR Á RÁS 2 Í ÁR.

*Úbbs, best að skila bókinni.*

**„Ef það er eitthvað sem ég vil ekki í jólapakkann minn, þá eru það glæpasögur og koverplötur.“**

MIKAEL TORFASON RITSTJÓRI Í LEIÐARA Í DV.

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? UNNUR MARÍA HJÁLMARSDÓTTIR, FORMAÐUR MAKALAUSA FÉLAGSINS Á AKUREYRI.

## *Mikil stemning á árshátíð*

„Þú sækir ótrúlega vel að mér, það er bara allt ágætt að frétta,“ segir Unnur Birna Hjálmarsdóttir, formaður Makalausa félagsins á Akureyri. Makalausa félagið stuðlar að því að fólk sem ekki á maka geti hist og notið félagsskaps hvers annars. Hátíðarnar geta verið einmanalegar hjá fólki sem ekki á maka og að sögn Unnar Maríu hafa hún og félagar hennar í Makalausa félaginu gert ýmislegt til að auka samverustundir þeirra makalausu. Félagið hélt árshátíð fyrir stuttu og jólahlaðborðinu er nýlokið. Unnur María segir að mikil stemning hafi verið á árshátíðinni.
„Það var dúndurgaman. Það mættu margir og fólk kom með gesti. Það var rífandi fjör í salnum til hálftvö um nóttina og svo var haldið á skemmtistaðinn Vélsmiðjuna þar sem fólk hélt áfram að dansa.“
Núna þegar árshátíðinni og jólahlaðborðinu er lokið segir Unnur María að visst millibilsástand sé hjá félaginu fram að gamlárskvöldi. „Nú förum við í kaffi hvert til annars og ræðum málin á léttu nótunum. Á gamlárskvöld er hins vegar hefð fyrir því að hafa opið hús hjá formanninum. Ég býð fólki að koma svona rétt fyrir miðnætti og vera eins lengi og það vill.“
Flestir eyða síðasta kvöldi ársins með fjölskyldu sinni og þegar Unnur er spurð hvort mætingin hafi verið góð í gegnum tíðina segir hún það koma nokkuð á óvart hversu margir mæti. „Miðað við að þetta er fjölskyldukvöld er mætingin yfirleitt góð. Til dæmis mætti helmingur félagsmanna í fyrra. Fólk stoppar reyndar misjafnlega lengi, sumir eru með smá fiðring og vilja fara út að dansa en aðrir kíkja í stutta heimsókn.“



Spurð hvort náin kynni hafi myndast milli einhverra félagsmanna segir Unnur að forsvarsmenn Makalausa félagsins leggi aðallega áherslu á félagslega starfsemi. „Hins vegar er þetta þriggja ára gamalt félag og það hafa myndast tvö pör innan þess og að sjálfsögðu hefur fólk náð sér í förunaut utan félagsins. En það hefur myndast alveg ótrúlega góður vinskapur meðal félagsmanna, neikvætt fólk er orðið jákvætt og skilur að það á vini. Enda geta vinir verið af gagnstæðu kyni,“ segir formaðurinn Unnur María Hjálmarsdóttir.

## SJÓNARHÓLL

HÆTT AÐ FRAMLEIÐA NOKIA STÍGVÉL

### *Áfall*

„Þetta er mér talsvert áfall og spurning hvort ég þurfi ekki áfallahjálp,“ segir Birgir Hólm Björgvinsson um þá staðreynd að framleiðsla finnsku Nokia-stígvélanna leggst af á nýju ári. Birgir Hólm sem steig ölduna um árabil en er nú kominn í land og situr í stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur.
„Þetta var mikið og virt merki, miklu flottara en Armani og þetta rusl í dag,“ segir Birgir Hólm og hlær. Hann hefur átt mörg Nokia-stígvél um ævina og þekkir þau eins og lófann á sér.
„Þau hafa reynst alveg afskaplega vel,“ segir hann en bætir við að stígvélanotkun hafi vísast minnkað með árunum. Menn séu komnir í þannig galla að ekki þurfi gúmmíhlífar upp með leggjunum, buxurnar hlífi svo vel.
„Hér áður fyrr var maður ekki maður með mönnum nema eiga Nokia-stígvél en þetta breytist náttúrulega eins og annað,“ segir Birgir Hólm sem vonar heitt og innilega að ótíðindin frá Finnlandi spilli ekki jólahaldinu hjá sér.



BIRGIR HÓLM BJÖRGVINSSON STJÓRNARMAÐUR Í SJÓMANNAFÉLAGI REYKJAVÍKUR



**BESTU VINIR** Þessi mótorhjólamaður í Sydney í Ástrílu tekur hundinn sinn með sér hvert sem hann fer. Og auðvitað fær hvutti hlífðargleraugu svo hann tárist ekki í vindinum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**DÍSILOLÍU DÆLT AF BENSÍNBÍL** Oftast er hægt að tæma tanka bílanna á staðnum en stundum þarf að fara með þá á verkstæði og kippa málunum í lag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Daglegt brauð að fólk dæli bensíni á dísilbíla

**Það kostar frá 7.500 upp í 11.700 krónur að láta tæma tank á bíl sem fylltur hefur verið með röngu eldsneyti. Daglega dælir fólk bensíni á dísilbíla.**

„Þetta gerist alveg ótrúlega oft,“ segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olíudreifingar, en starfsmenn fyrirtækisins eru kallaðir til þegar fólki verður á þau mistök á bensínstöðvum að dæla röngu eldsneyti á bílinn. Í langflestum tilvikum uppgötvast mistökin í tæka tíð og því hægt að kalla til dælubíl og dæla bensíninu upp úr tanki bílsins en stundum þarf að grípa til róttækari og umfangsmeiri aðgerða. „Ef bíllinn hefur verið settur í gang þurfum við að taka hann inn á verkstæði til að forða skemmdum,“ segir Hörður og bætir við að dæmi séu um að vélar bíla hafi skemmst vegna þessa.

Birgir Pétursson þjónustustjóri segir oftast auðvelt að dæla bensíninu af bílum en öryggiskerfi nútímans geti verið erfið viðureignar. „Það eru til bílar sem eru þannig að það er ekki hægt að tappa af þeim. Þá þarf að fara með þá á verkstæði og kippa tanknum undan. Það eru reyndar undantekningartilfelli,“ segir Birgir.

Þó það gerist nánast daglega að fólk dæli röngu eldsneyti á bíla sína má segja að tilvikin séu fá þegar litið er til þess að bensíni og dísilolíu er dælt á nokkur þúsund bíla á degi hverjum. Tilvikin mælast því í prómillum.

Algengast er að slysin verði þegar ökumenn dæla sjálfir á bíla sína en einnig kemur fyrir að bensínafgreiðslumönnum verði á að grípa ranga dælu.

Þegar rangt eldsneyti fer á bíl er jafnan um að ræða að bensíni sé dælt á dísilbíl. Þar sem stútar dísildæla eru sverari en bensíndæla komast þeir ekki í gegnum op bensíntanka. Því er sjaldgæft, og nánast ómögulegt, að dísil rati í bensíntank.

Eftir að lögum um dísilolíu var breytt og verð hennar færðist nær bensínverði sést ekki svo glögglega á krónumælum olíudælanna að rangt eldsneyti hefur farið á tankinn. Því var hins vegar að heilsa fyrir lagabreytingu. „Menn fengu áfall þegar þeir voru búnir að dæla bensíni á dísilbílinn því tankar þeirra eru yfirleitt stærri en bensínbílanna. Menn voru kannski búnir að dæla fyrir tíu þúsund kall áður en þeir tóku eftir mistökunum,“ segir Hörður.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort algengara sé að karlar eða konur dæli röngu eldsneyti á bíla sína. ■

Íslenskir prestar messa á erlendum tungumálum um jólin:

# Messað á ensku og dönsku

Ensku- og dönskumælandi fólki gefst kostur á að sækja messur á móðurmálum sínum um jólin. Á aðfangadag messar séra Þórhallur Heimisson á dönsku í Dómkirkjunni og hefst messan klukkan þrjú. Dönsk jólamessa hefur verið haldin um árabil. Ensk messa verður svo í Hallgrímskirkju á annan jóladag og hefst hún klukkan tvö. Séra Bjarni Þór Bjarnason mun messa og er þetta í fimmta sinn sem ensk messa er haldin með þessu sniði.

Á sunnudag var þýsk jólamessa í Dómkirkjunni og messaði Dr. Gunnar Kristjánsson. Hefur hann messað á þýsku í um tuttugu ár.



Bóka- og plötusalan gengur vel hjá Pjetri í Tónspili í Neskaupstað:

# Ég skemmti mér og Útkall seljast best

„Útkall selst mest hjá mér,“ segir Pjetur Sævar Hallgrímsson, kaupmaður í Tónspili í Neskaupstað um jólabókasöluna þessa dagana. Útkall er í bókarflokki Óttars Sveinssonar og í nýjustu bókinni er fjallað um björgunarafrek við Viðey. Hernaðarleyndarmál í Viðey er raunar undirtitill bókarinnar.

„Svo seljast Dætur hafsins eftir Súsönnu Svavarsdóttur ágætlega og Myndin af pabba. Já og auðvitað Blikandi fjarlægð eftir Vilhjálm Hjálmarsson. Hann selur alltaf vel hér enda býr hann í næsta firði,“ segir Pjetur og bætir við að fjölbreytni sé í bókakaupum Norðfirðinga og nærsveitunga.



**NESKAUPSTAÐUR** Ágætur gangur er í bókasölunni hjá Pjetri í Tónspili þrátt fyrir að samkeppnin við Bónus á Egilsstöðum sé hörð.

Platan Ég skemmti mér, með Guðrúnu Gunnarsdóttur og Friðriki Ómari Hjörleifssyni selst allra platna best hjá Pjetri. „Hún selst langmest,“ segir hann og bætir við að plötur Garðars Thors Cortes og Hjálma komi í næstu sætum.

Úrvalið hjá Pjetri er gott, ekki síst af gamalli tónlist sem hann sjálfur kallar gullaldartónlist. „Þetta er grúskarabúð og Reykvíkingar sem koma hingað spyrja hvers vegna hitt og þetta fáist ekki fyrir sunnan.“

Pjetur lætur ágætlega af sölunni þessi jólin en á í harðri samkeppni við Bónus á Egilsstöðum. „Þeir klóra í mann enda selja þeir bækur undir því kostnaðarverði sem mér býðst. Maður á auðvitað engan sjens í svoleiðis samkeppni.“

Pétur segist þó verða var við hugarfarsbreytingu hjá heimamönnum á Norðfirði. Fólk sé almennt þeirrar skoðunar að stórmarkaðirnir eigi að halda sig við matvöruna en láta sérverslunum bækur og annað slíkt eftir. ■



**SNJÓKORN FALLA** Metúrkoma varð í borginni Nagoya í Japan í gær og vissu borgarbúar vart hvaðan á sig stóð veðrið.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HJÁ TANNSA** Meirihluti landsmanna fer reglulega til tannlæknis.

Skoðanakönnun tannlækna:

# Fara aldrei til tannlæknis

**TANNVERND** Tæp fimmtán prósent þátttakenda í skoðanakönnun á heimasíðu Tannlæknafélagsins segjast aldrei fara til tannlæknis.

Spurt var hversu oft fólk færi til tannlæknis og fara flestir, eða helmingur svarenda, árlega eða sjaldnar. 35 prósent fara tvisvar á ári en tæp fimmtán prósent aldrei.

Mælt er með að fólk fari reglulega til tannlæknis en meta þarf meðal annars út frá aldri, tannhirðu og tannsteinsmyndun hve oft fólk þarf að láta skoða í sér tennurnar. ■



**KÁRAHNJÚKAR** Frá virkjanasvæðinu.

Veðrið á Kárahnjúkum:

# Átta stiga frost kallast gott

„Hér er mikið hæglætis veður og ekki nema sjö til átta gráðu frost,“ segir Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður við framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun. Slík veðrátta telst góð á hálendi Íslands á þessum árstíma. „Já þetta köllum við gott. Reyndar sómaveður,“ segir Oddur.

Stundum verður brunagaddur á framkvæmdasvæðinu og þurfa starfsmenn þá að klæða sig svo vel að þeir eiga jafnvel erfitt með hreyfingar. Nú um stundið geta þeir nánast verið léttklæddir, í það minnsta ef mið er tekið af stað og stund.

Lítið verður slakað á framkvæmdahraðanum yfir jólahátíðina þó Oddur geri ráð fyrir að frí verði gefið á mestu hátíðisdögunum. „Hér verða á milli þrjú og fjögur hundruð manns yfir jólin en flest fyrirtækin gefa frí á aðfangadag og jóladag,“ segir hann. ■






Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
HEILT HANGILÆRI
1189 kg KR.
MEÐ BEINI
FRAMPARTUR
1359 kg KR.
ÚRBEINAÐUR
SÉRVALIÐ FYRSTA FLOKKS LAMBAKJÖT
KJARNAFÆÐI
NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT
ÞJÓÐLEGUR ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR
FRAMPARTUR MEÐ BEINI
595 kg KR.
Í BITUM
HANGILÆRI
1839 kg KR.
ÚRBEINAÐ
KJARNAFÆÐI
Opið til 20.00 í kvöld
TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1799 kg KR.
Merkt verð 2399kr.
TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1349 kg KR.
Merkt verð 1799kr.
25% afsláttur við kassann
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR
PARÍSARKARTÖFLUR
2x 300grömm
359 KR.
600g
ÍSLENSKT RIFIÐ HÁTÍÐARRAUÐKÁL
NIÐURSKORIÐ RAUÐKÁL
259 KR.
350g
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EKKERT BRUÐL

# Bónus býður betur!



Sykurpúðatenórarnir
**1598** KR.
DISKURINN

Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama

IL DIVO - tenórarnir
ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

## Bezt hamborgarhryggur



BEZT HAMBORGARHRYGGUR
**899** kg KR.
Merkt verð 1498kr.

**40%** afsláttur við kassann

# Afgreiðslutími til jóla

Opið í dag, þriðjudag
12.00 til 20.00

Miðvikudag 21. des.
12.00 til 22.00

Fimmtudag 22. des.
12.00 til 22.00

Föstudag 23. des.
Þorláksmessu
10.00 til 22.00

Laugardag 24. des.
aðfangadag
9.00 til 12.00

Lokað jóladag
og annan jóladag

## ALI hamborgarhryggur með áratuga hefð að baki



**1049** KR.kg
ALI hamborgarhryggur
Merkt verð 1498KR.

**1399** KR.kg
ALI hamborgarhryggur
ÚRBEINAÐUR
Merkt verð 1998KR.

**30%** afsláttur við kassann

Ali

BÓNUS
www.bonus.is

bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ERAN/Landlist

## Svona erum við

> Árleg neysla kindakjöts á íbúa í kílóum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HETTUSÓTT OG BÓLUSETNING GEGN HENNI

# *Viðbrögð við varasömum sjúkdómi*

Landlæknisembættið hvetur fólk á ákveðnu aldursbili, fætt á árunum 1981 til 1985, til að mæta í bólusetningu gegn hettusótt sem er að ganga. Þá er yngra fólk sem misst hefur af bólusetningu hvatt til að mæta, en vanfærum konum ráðlagt að láta ekki bólusetja sig.



**Hvað er hettusótt?**
Hettusótt stafar af veiru og er oftast mildur sjúkdómur, að því er fram kemur á vef landlæknisembættisins. Sjúkdómurinn er hins vegar þekktur fyrir að valda alvarlegum fylgikvillum. Algengasti fylgikvillinn er heilabólga, en aðrir fylgikvillar eru heyrnarskerðing og bólga í eistum, sem getur valdið ófrjósemi, en ekki getuleysi. Meðgöngutími sjúkdómsins er langur, en liðið geta allt að því þrjá vikur frá smiti þar til einkenni koma fram.

**Er bólusetning örugg?**
Bólusetning er sögð veita vörn gegn sjúkdómnum og er tiltölulega örugg. Alvarlegar afleiðingar bólusetningar, svo sem heilabólga, á sér ekki stað nema hjá einum af hverri milljón, einn af hverri hálfri milljón verður fyrir fækkun blóðflagna og einn af hverjum 300 þúsundum fyrir liðbólgum. Þá er sleginn sá varnagli að fólk með ofnæmi fyrir eggjum ætti ekki að fá bóluefni gegn mislingum, hettusótt og inflúensu.

**Hvernig lýsir sjúkdómurinn sér?**
Sjúkdómurinn þekkist oftast á bólgum og eymslum í andliti barna, en þær koma meðal annars fram í munnvatnskirtlum, sem eru framan við eyru og undir kjálkabarði. Verkir geta verið öðru eða báðum megin í andliti, sem og ennisverkir. Ef sjúkdómurinn hleypur í punginn á körlum fylgja honum bólgur í eistum, verkir og jafnvel hnúðar. Veikindin hefjast með því að óþægindi aukast í um tvo daga og hiti hækkar. Misjafnt er hve fljótt veikindin ganga yfir, það gæti tekið tvo til þrjá daga, en einnig dregist lengur en í viku.

## SPURT & SVARAÐ

MATVÆLAVERÐ



ERNA HAUKSDÓTTIR
Framkvæmdastjóri samtaka ferðaþjónustunnar.

## *Hátt verð er stór vandi*

Matvöruverð á Íslandi er 42 prósentum hærra en í öðrum Evrópuríkjum. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þetta stórt vandamál og segist litla trú hafa á landbúnaðarráðherra.

**Hvernig kemur hátt matvöruverð niður á ferðaþjónustu?**
Matarverð hefur auðvitað mjög mikil áhrif á ferðaþjónustu þar sem veitingar eru stór hluti af kostnaði ferðamanna.

**Hvernig fer ef matvöruverð mun ekki lækka?**
Þá heldur þetta áfram að vera stór vandi. Íslensk ferðaþjónusta er í harðri alþjóðlegri samkeppni og þarf sama rekstrarumhverfi og nágrannaþjóðirnar í Evrópu.

**Hvers vegna hefur þú ekki trú á Guðna Ágústssyni í þessu máli?**
Ég vona svo sannarlega að hann snúist neytendum til varnar en miðað við ummæli hans í fjölmiðlum nýlega virðist hann ekki vera á þeim buxunum að kippa þessu í liðinn.

# WTO heldur andlitinu – í bili

**Ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem lauk í Hong Kong um helgina var bjargað fyrir horn með samkomulagi um afnám útflutningsbóta ríku landanna árið 2013. Enn er þó langt í að Doha-samningalotan verði til lykta leidd.**



**ÁTÖK OG ÓSPEKTIR** Mótmæli gegn WTO og átök þeim tengd voru minni í Hong Kong en venjan er á slíkum fundum. Ríflega 800 mótmælendur voru þó teknir fastir og 140 meiddust í áflogum við lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérkennilegt andrúmsloft ríkti við slit ráðherrafundar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO í Hong Kong í fyrradag. Þótt flestir hafi fengið eitthvað fyrir sinn snúð var samt augljóst að enginn var fyllilega ánægður með sitt. Margt gott er vissulega að finna í samkomulaginu sem undirritað var í lok fundarins en fyrirvararnir á því eru of margir til að hægt sé að segja að mikill árangur hafi náðst.

Sé hins vegar litið til þess að fyrir helgi stefndi allt í að ráðstefnan misheppnaðist algerlega má færa fyrir því rök að um ákveðinn varnarsigur hafi verið að ræða fyrir stofnunina þar sem tveir síðustu fundir hennar voru samfelldur táradalur.

**Bjartsýnin í lágmarki**
Upphaflegt markmið Hong Kong-fundarins var að ljúka svonefndri Doha-lotu WTO sem hófst í samnefndri höfuðborg Katar árið 2001. Tilgangur hennar var að efla enn frekar frjáls viðskipti í heiminum, með sérstakri áherslu á að bæta stöðu þróunarlandanna.

Viðskiptahindranir, svo sem tollar og niðurgreiðslur, sem hinar ríkari þjóðir halda uppi gera það að verkum að afurðir fátæku ríkjanna eru ekki samkeppnisfærar. Þrátt fyrir fögur fyrirheit ríku landanna var hins vegar fljótlega ljóst að engin tímamót yrðu í Hong Kong. Fyrir fundinn sagði Pascal Lamy, framkvæmdastjóri WTO, að 55 prósent vinnunnar við að ljúka Doha-lotunni væri ólokið. Á sunnudaginn hafði það hlutfall hækkað upp í sextíu prósent að hans mati.

**Bæturnar burt**
Sjálfsagt eru merkilegustu tíðindi fundarins að útflutningsbætur til búvara verða lagðar niður árið 2013. Þróunarlöndin, með Brasilíumenn í broddi fylkingar, höfðu raunar krafist að bótabannið tæki gildi strax árið 2010 en á það vildi Evrópusambandið ekki fallast. Slíkar bætur hafa tíðkast lengi innan sambandsins til að selja umframframleiðslu – smjörfjöllin og vínvötnin alræmdu – á niðurgreiddu verði á erlendum mörkuðum svo að offramboð, og þar með lágt verð, myndist ekki á heimamörkuðum. Um verulegar fjárhæðir er að ræða, rúmir 205 milljarðar króna á síðasta ári, þar af fengu evrópskir mjólkurframleiðendur 113 milljarða. Böndum hefur hins vegar að mestu verið komið á framleiðsluna þannig að bæturnar eru aðeins hluti af því sem áður gerðist þannig að árangurinn er kannski ekki eins markverður í dag og hann hefði verið fyrir fimmtán árum. Niðurgreiðslum á útfluttri bandarískri baðmull verður þó hætt strax á næsta ári sem er Afríkubúum mikið fagnaðarefni.

Ekkert samkomulag náðist aftur á móti um niðurfellingu á tollum. Bandaríkin, Japan og ESB knúðu mjög á um að tollar þróunarríkjanna á iðnvörum og þjónustu yrðu afnumdir og þau vildu á móti að landbúnaðartollar ríku landanna yrðu felldir niður.

**Hlutur fátækustu landanna réttur**
Í samræmi við markmið Doha-lotunnar ákváðu fundarmenn í Hong Kong að stórauka hlut 32 fátækustu landa heims, þar sem



**SAMKOMULAG Í HÖFN** „Í vonbrigðarasamri viku er þetta samkomulag ekki lítill árangur," sagði Peter Mandelson, sem fer með milliríkjaviðskipti fyrir framkvæmdastjórn ESB. Hann sést hér með Baigong Pahimi, formanni sendinefndar Tsjad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þjóðarframleiðsla á mann er undir 750 bandaríkjadölum á ári, í milliríkjaviðskiptum með því að fella niður tolla og innflutningskvóta á útflutningsvörur þeirra. Um þetta ríkti þó ekki meiri sátt en svo að ákveðið var að leggja mætti slíkar innflutningshömlur á þrjú prósent af framleiðslu fátækustu ríkjanna. Þessari undanþágu fengu Japanar og Bandaríkjamenn framgengt, þeir fyrrnefndu vegna ódýrra hrísgrjóna frá nágrannalöndum og þeir síðarnefndu vegna vefnaðarvara frá Bangladess. Að sögn breska blaðsins Independent þýðir þetta að áfram verði lagðir tollar á 200-300 mikilvæga vöruflokka.

**Tíminn er naumur**
Ofangreint mat Pascal Lamy á stöðunni virðist því eiga við rök að styðjast, enn er langt í land. Sátt hefur náðst um nokkur mikilvæg deiluefni en enn á þó eftir að leysa mun erfiðari mál til að hægt sé að reka smiðshöggið á Doha-lotuna. Samkomulagið á sunnudaginn gerir ráð fyrir að þeirri vinnu verði lokið 30. apríl 2006 en miðað við árangur Hong Kong-viðræðnanna verður það markmið að teljast í bjartsýnni kantinum.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinng@frettabladid.is





Vandaðar jólagjafir
OPIÐ til kl. 22 öll kvöld til jóla
Ross River
Leðurbelti í gjafaöskju
2 silgjur í pakkanum
1.999 kr
Ross River
Bindi í gjafaöskju
margir litir
1.999 kr
CONCORD
Gott verð 1.999 kr
Skyrta og bindi
margir litir, st. 15-17
Ross River
Skyrtur 2 í pakka
st. M-XXL
3.999 kr
ekta leður
verð frá
Hanskar leður/rúskinns
svartir, brúnir, st. 9-11 1/2
1.499 kr
weather report
Úlpa
svört, græn
st. S-XXL
TILBOÐ 2.999 kr
Verð áður 4.999,-
RAGTAG
Gallabuxur
bláar
st. 28-40
Gott verð 4.999 kr
RUGBY JEANS CO.
Peysa
drapp, svört
st. M-XXL
Gott verð 2.999 kr
RUGBY JEANS CO.
Peysa
drapp, svört
st. S-XL
TILBOÐ 2.999 kr
verð áður 3.999
RUGBY JEANS CO.
Peysa
dökkgræn, svört
st. S-XL
TILBOÐ 2.499 kr
verð áður 3.499
UNIVERSAL
Peysa
dökkgræn, svört
st. M-XXL
TILBOÐ 2.999 kr
verð áður 3.999
Gjafakort Hagkaupa
Góð gjöf
HAGKAUP
ekta leður
Gönguskór Extra víðir
vatnsheldir, brúnir, st. 36-46
TILBOÐ 5.999 kr
verð áður 6.999
Skór
svartir, st. 41-46
4.999 kr
ekta leður
Skór Extra víðir
svartir, st. 41-46
5.999 kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Alvarlegasta ógnunin er gengið

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir að íslenskur sjávarútvegur sé traustur og samkeppnishæfur eins og samanburðarathuganir leiði ljós. Hann segir í samtali við Jóhann Hauksson að hátt gengi krónunnar sé alvarleg ógnun við greinina en telur jafnframt að það muni síga von bráðar.**



EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA „Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki lausn að deila út kvóta með handvirkum hætti."

Hveitibrauðsdagar Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra eru senn á enda, en hann tók við embætti á ríkisráðsfundi á Bessastöðum 27. september síðastliðinn.

Einar er Vestfirðingur og sjávarútvegur er honum í blóð borinn. Hann hefur áhyggjur af því hve grátt gengi krónunnar hefur leikið sjávarbyggðirnar en trúir því að senn muni það síga sjávarútvegi og sjávarbyggðum til hagsbóta.

Einar styður kvótakerfið og telur það hagkvæmt. Hann bendir á að samanburðarathuganir við norskan sjávarútveg sýni svart á hvítu hve samkeppnishæfur íslenski sjávarútvegurinn sé.

Margir eru vafalaust ósammála nýja sjávarútvegsráðherranum um eitt og annað, en þótt hann boði enga uppstokkun hefur hann reifað athyglisverðar áherslubreytingar, meðal annars í umræðum á Alþingi.

### Stýrum notkun veiðarfæra

„Ég lagði á það áherslu í upphafi ferils míns hér í ráðuneytinu að komið væri að ákveðnum þáttaskilum. Búið væri að gera miklar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og stilla af línurnar milli hins hefðbundna aflamarkskerfis annars vegar og smábátaveiðanna hins vegar. Byggðaþátturinn væri fólginn í byggðakvótanum og línuívilnun.

Það þýðir hins vegar ekki að verkefninu sé lokið. Við höfum auðvitað áhyggjur af því að við höfum ekki náð þeim árangri í uppbyggingu þorskstofnsins sem ástæða væri til. Við sjáum samhengi milli afkomu þorskstofnsins og fæðuframboðsins. Ennfremur er ástæða til þess að hafa áhyggjur af stærsta þorskinum í stofninum sem verðmætastur er fyrir hrygninguna. Það er ekki nægjanlegt að ákveða aðeins aflamagnið heldur þurfum við að huga að því hvernig við veiðum. Við höfum beitt aðgerðum til þess að draga úr sókn í stærsta fiskinn. En það er ekki nóg. Það sem ég les meðal annars út úr skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar er að þorskurinn hafi ekki þá fæðu sem þyrfti að vera og það hefur áhrif á þyngd hans og holdarfar. Síðan hafa menn bent á að fæðuskorturinn geti hafti áhrif til lækkunar á kynþroskaaldri. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nota veiðarfærin til þess að stjórna þessu. Við þurfum að átta okkur miklu betur á virkni mismunandi veiðarfæra. Það er verið setja upp miðstöð veiðarfærarannsókna í starfsstöð stofnunarinnar á Ísafirði og ráðgert er að auka þessa starfsemi. Margir sjómenn setja spurningamerki við auknar loðnuveiðar í flotvörpu. Brýnast nú er að slá máli á stærð loðnustofnsins áður en frekari ákvarðanir verða teknar."

### Vill ekki auka veiðar

Margir sjómenn og nokkrir fiskifræðingar telja heillaráð að veiða meira af þorski þegar hann hefur hvort eð er ekki næga fæðu í hafinu. Sjávarútvegsráðherra telur þetta ekki einfalt. „Ég held að breytingarnar í hafinu megi líka rekja til umhverfisþátta, hækkandi hitastigs og fleiri atriða. Það leikur enginn vafi á að breytingar á umhverfisskilyrðum í innfjörðum hafa haft afgerandi áhrif á rækjuveiðarnar. Þorskurinn hefur gengið inn í firðina og sömuleiðis ýsan sem gaddar í sig rækjuna. Við eigum ekki gott með að hafa áhrif á svona atriði. Ég hef lýst því yfir að ég vilji ekki breyta 25 prósenta aflareglunni til hækkunar eða lækkunar. Fiskifræðingar hafa margir talið að skynsamlegt væri að lækka hlutfall þess sem taka má úr hverjum stofni. Ég held að ástæða sé til að bíða átekta og sjá hvort aðrar aðgerðir, til dæmis til að verja stærsta þorskinn, geti ekki skilað árangri."

### Gengið mun lækka

Hefur þú engar áhyggjur af sjávarbyggðum sem bera skarðan hlut frá borði í góðærinu?

„Það er ekki vafi á því að alvarlegasta ógnunin við sjávarútveginn í dag er gengi krónunnar. Ég hef lagt út af þessu á öllum fundum sem ég hef verið á að undanförnu. Staðan er alvarleg. Sjávarútvegurinn tapar tekjum sem kemur auðvitað fram í lækkandi tekjum fólks sem starfar í greininni og minnkandi tekjum sjávarbyggðanna. Að mínu mati hlýtur það að gerast fyrr en seinna að krónan gefur eftir.

Við sjáum að hækkandi vextir Seðlabankans hafa verið að bíta á vaxtastigið og ættu aðgerðirnar að draga úr spennunni, sérstaklega á íbúðalánamarkaðnum sem er hin raunverulega uppspretta þenslunnar og tilefni Seðlabankans til að hækka stýrivextina.

Kjarni málsins er sá að ástandið nú er tímabundið. Viðskiptahallinn er 10 til 12 prósent eða á annað hundrað milljarðar króna og það sjá allir að svoleiðis ástand getur ekki staðið lengi. Skuldir sjávarútvegs eru gríðarlegar en þetta er tæknivædd og vel skipulögð atvinnugrein og ég veit að hún stendur undir þessu í heild sinni," segir Einar.

### Aukinn byggðakvóta?

Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins og stjórnarliði af Vestfjörðum hefur sagt að 20 þúsund tonna byggðakvóti geti snúið þróuninni til hins betra. Einar er þessu ekki sammála.

„Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki lausn að deila út kvóta með handvirkum hætti. Úthlutun byggðakvóta er eitt helsta deilumál viðkomandi byggðarlaga. Ég tel að beita eigi byggðakvótum mjög afmarkað til þeirra byggðalaga sem verða fyrir áföllum en við eigum ekki að láta byggðakvóta verða stóran hluta af okkar fiskveiðistjórnunarkerfi.

Við höfum gripið til annarra úrræða. Við höfum komið á línuívilnun sem gefur þúsundir tonna. Þetta hefur virkað vel fyrir mörg byggðarlög. Við höfum styrkt gífurlega grundvöll smábátaútgerðar í landinu og aukið veiðirétt þeirra svo mjög að mörgum þykir nóg um. Allt er þetta liður í því að búa til tækifæri og úrræði fyrir minni byggðir. Að mínu viti hefur margt verið gert sem tengja má byggðasjónarmiðum.

Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á að sjávarútvegurinn er gríðarlega öflug grein eins og samanburður sýnir glögglega. Svo gleyma menn gjarnan því að sjávarútvegurinn er þekkingariðnaður og hátæknigrein. Menn tala mikið um vanda hátæknifyrirtækja. Ég skil ekki þann mun sem menn gera á hátæknifyrirtækjum og sjávarútvegi. Marorka, Marel, 3X Stál og mörg önnur fyrirtæki hafa orðið til sem hátæknifyrirtæki vegna nálægðarinnar við sjávarútveginn. Lausnirnar í sjávarútvegi byggjast á hugviti og þekkingu. Ég er sannfærður um að gengið gefur eftir og hagur þessara fyrirtækja vænkast. Auðvitað verðum við að stuðla að því líka."

### Óskiljanlegt verð á kvóta

Fram hafa komið upplýsingar á Alþingi um gríðarlegan tilflutning á kvóta, bæði í viðskiptum með varanlegan kvóta en ekki síður með stórfelldri leigu á aflaheimildum. Og verðið er hátt og hefur jafnvel farið hækkandi þrátt fyrir ótryggar aðstæður.

„Mér er í rauninni óskiljanlegt hvers vegna kvótinn hækkar svo mikið við þær efnahagslegu aðstæður sem eru í sjávarútveginum," segir Einar.

„Það er útlokað að stýra fiskveiðum, hvort sem um er að ræða aflamarkskerfi eða sóknarstýringarkerfi, án þess að heimila framsal á heimildum. Fiskveiðistjórnun sem ekki heimilar slíkt verður óhagkvæmt eins og margoft hefur sýnt sig. Framsalið er reyndar ein leið til þess að hleypa nýliðum inn í greinina. Ég hef ekki farið í þessar upplýsingar skip fyrir skip en ég sé að að sumu leyti er þetta þannig að verið er að flytja kvóta á milli tengdra og skyldra fyrirtækja. Ég sé ekkert athugavert við það. Þar eru menn aðeins að ná fram hámarkshagræðingu í útveginum sem alltaf er verið að krefjast af honum til þess að hann geti staðið undir þessum miklu lífskjörum. Ég sé ekki ástæðu til að bregðast við neinu þarna með ógnarhörðu. Útgerðirnar verða alltaf að veiða sjálfar ákveðið lágmarkshlutfall af kvóta sínum. Ég hef ekki séð ástæðu til þess að auka veiðiskylduna og takmarka þar með möguleika til leiguviðskipta. Það gæti raskað stöðu ýmissa minni útgerða sem þurfa á því að halda að leigja til sín kvóta. Það eru ýmsar útgerðir sem leigja til sín og eru í örum vexti. Það á til dæmis við um fyrirtæki á Vestfjörðum sem leigja aflaheimildir af því þau eru að vaxa," segir Einar K. Guðfinnsson.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓHANN HAUKSSON
johann@frettabladid.is





**BARÁTTAN UM SLÉTTURNAR** Búskmenn reisa sér viðarskýli á sléttum Kalaharí eyðimerkurinnar í Botsvana, en þessi hirðingjaættbálkur hefur reikað um sléttur eyðimerkurinnar í meira en tuttugu þúsund ár. Nú berst þjóðflokkurinn fyrir rétti sínum þess að halda þar til áfram.

# Baráttan á sléttunni

**Búskmenn hafa haldið til á sléttum Kalaharí eyðimerkurinnar í Botsvana lengur en tuttugu þúsund ár. Þeir heyja nú erfiða baráttu um eyðimörkina.**

**BOTSVANA** Hópar hirðingja hafa í tuttugu þúsund ár lifað af á harðbýlum sléttum Kalaharí eyðimerkurinnar í Botsvana. Ættbálkur Búskmanna berst nú hatrammlega fyrir rétti sínum til þess að halda til á verndarsvæði í miðju eyðimerkurinnar, en ríkisstjórn Botsvana hefur í um áratug reynt að hrekja þaðan þá örfáu Búskmenn sem enn halda þa til.

Búskmenn eru frumbyggjar gríðarstórs svæðis sem teygir sig alla leið frá odda Suður-Afríku til Sambíu og Simbabve. Hellamyndir þeirra, þekking á náttúru sléttunnar og hæfni til þess að laga sig að erfiðum aðstæðum eru meðal sérkenna ættbálksins sem vakið hafa athygli.Eftir að hafa farið halloka fyrir ættbálkum frá miðhluta Afríku og síðar evrópskum landnemum neyddust Búskmennirnir til þess að hörfa langt inn í eyðimörkina. Talið er að einungis hundrað þúsund séu eftir í dag, og lifa flestir við mikla fátækt utan verndarsvæðisins.

Verndarsvæðið eyðimörkinni miðri var stofnað upp úr 1960, upphaflega til þess að vernda um fimm þúsund Búskmenn sem þar áttu undir högg að sækja. Þeim hefur hins vegar fækkað mjög ört síðan þá, og er nú talið aðeins um þrjátíu haldi þar enn til, Stjórnvöld í Botsvana beitt sér af mikilli hörku fyrir því að þeir yfirgefi heimkynni sín.

Ástæður þess að stjórnvöld vilja Búskmennina út af svæðinu er sú að þau segja of dýrt að halda þar uppi þjónustu, á borð við sjúkrahús og skóla. Þá segja þau nýja lifnaðarhætti Búskmanna ekki samræmast villtu dýralífi, en Búskmennirnir hafa á síðustu árum tekið upp hesta og fjórhjóladrifin ökutæki til veiða, ólíkt því sem tíðkaðist á árum áður þegar meðlimir ættbálksins veiddu eingöngu fótgangandi og notuðust við eitraða örvarodda til þess að fella bráð sína.

Aðrir telja hins vegar ástæðu þess að stjórnvöld vilji hrekja Búskmenn af landsvæði forfeðranna gróðavon í demantanámum. Stjórnvöld vilji einnig greiða fyrir ferðamannaiðnaði sem er vaxandi atvinnugrein á svæðinu.

Aukin harka hefur á síðustu mánuðum færst í samskipti Búskmanna og stjórnvalda. Vopnaðir lögregluþjónar hafa þvingað Búskmenn til þess að yfirgefa heimalönd sín, með því að hóta þeim limlestingum eða jafnvel dauða. Margir þeirra sem nauðugir hafa sest að í sóðalegum landnemabyggðum draga fram lífið með vændi og alkóhólismi og alnæmi eru gríðarleg vandamál. Starfsþjálfun er í boði fyrir meðlimi ættbálksins, en þrátt fyrir það lifir stór hluti fólksins á bótum frá hinu opinbera og eyða heitum dögunum við spil og bjórdrykkju.

Búskmenn hafa veika rödd í stjórnkerfi Botsvana og eru til dæmis ekki meðal þeirra ættbálka sem viðurkenndir eru í stjórnarskrá landsins. Rúmlega tvö hundruð Búskmenn hafa lagt fram kæru á hendur ríkisstjórninni, og vilja öðlast réttindi að snúa til baka á slétturnar, heimkynni sín um þúsundir ára. Málið hefur þó ekki ennþá komið fyrir dóm, og á meðan geta Búskmenn einungis látið sig dreyma um frelsið sem þeir segja fólgið í lífinu á víðáttum Kalaharí eyðimerkurinnar. ■





**Sérblað um heilsu fylgir Fréttablaðinu þriðjudaginn 3. janúar**



Um 150.000 lesendur

**Meðal efnis er:**
- Spennandi ný námskeið
- Hvernig halda þekktir Íslendingar sér í formi?
- Mataræðið tekið í gegn
- Hvað virkar gegn varaþurrki?
- Líkamsrækt fyrir börn

Allar nánari upplýsingar veita Helga Kristjánsdóttir í síma 550-5821, netfang helga@frett.is eða Hinrik Fjeldsted í síma 550-5837, netfang hinrik@frettabladid.is

**Blaðinu er dreift með Fréttablaðinu í 107.000 eintökum um allt land.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!


DEVOLD
HEITUSTU JÓLAPAKKARNIR
Active
80% ull
20% polymide öndunarefni
Across Canada
55% ull
45% outlast/gerfiefni
öndun mikil hitastýring
Classic
Wool Fleece
Blanda ull og flísefni
DEVOLD
15% afsláttur til jóla!
Sokkar
60% ull
38% nælon
2% lycra
80% ull
18% nælon
2% lycra
33% Merino ull
30% Coolmax
36% polyamide
1% lycra
89% Merino ull
10% nælon
1% lycra
73% outlast
26% nælon
1% lycra
80% ull
20% nælon
49% ull
50% nælon
1% lycra
71% ull
28% nælon
1% lycra
Multisport
100% ull
marg soðin hleypur ekki
öndunarefni, klæjar ekki
Póstsendum um allt land.
Opnunartími:
virka daga kl. 08 - 18
laugardag kl. 10 - 22
sunnudag kl. 10 - 16
ELLINGSEN
Útsölustaðir á landsbyggðinni: Olís Ólafsvík - Olís Njarðvík - Olís Siglufirði - Olís Hornafirði
Olís Reyðarfirði - Olís Bolungarvík - Olís Vestmannaeyjum - Olís Akranesi
GRANDAGARÐI 2 • REYKJAVÍK • SÍMI 580-8500



# HEIMILISLEGAR OG VANDAÐAR





Pioneer

PIONEER heimabíókerfi DCS–333
**Kr. 49.900**
*12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur*



Pioneer

PIONEER heimabíókerfi DCS–232
**Kr. 29.900**

**KOMIÐ OG GERIÐ HLJÓÐSAMANBURÐ**

SHARP



SHARP XLMP40H
hljómtækjastæða
**Kr. 12.900**

SHARP



SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
**Kr. 9.900**

SAMSUNG



SAMSUNG V5450
Sambyggður VHS
og DVD spilari
**Kr. 16.990**



SHARP

SHARP LC-15SH2E
15 " Svartur
TFT LCD skjár,
**Kr. 49.900**

Pioneer



PIONEER DVD spilari DV–380
**Kr. 12.900**



QONIX

QONIX PRA2000
Útvarp
**Kr. 6.990**



COBY CX-CD240
Ferðageislaspilari
**Kr. 3.990**



QONIX

QONIX
Útvarpsvekjaraklukka
**Kr. 2.390**



SAMSUNG

SAMSUNG MP3 spilari
**Kr. 22.900**
SAMSUNG MP3 spilarar
frá kr. 6.990



Nintendo

Nitnendo DS
Leikjatölva
**Kr. 12.900**



Nintendo Micro
Leikjatölva
**Kr. 8.900**

Mikið úrval tölvuleikja!



UPPSELT

CELESTRON

Celestron 60AZ
Stjörnusjónauki
**Kr. 9.900**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



*Heimsins bestu tónleikar heim í stofu!*

**TÓNLEIKAR Á DVD**

*Æðislegt úrval!*



Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.


LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
JÓLAGJAFIR
Solis OF SWITZERLAND
Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
Kr. 54.900
TEFAL
Raclette grill
Kr. 4.900
Solis OF SWITZERLAND
UPPSELT
Ávaxta- og grænmetispressa
Kr. 13.900
TEFAL
Hraðsuðukanna
Kr. 2.990
AEG
Brauðrist
Kr. 4.990
TEFAL
Blandari m/gleri
Kr. 5.990
AEG
Örbylgjuofn
Kr. 9.900
TEFAL
Mínútugrill
Kr. 7.990
AEG
Kaffivél
Kr. 3.990
TEFAL
Töfrasproti
Kr. 2.590
AEG
Handþeytari m/skál
Kr. 7.990
AEG
Matvinnsluvél
Kr. 13.900
TEFAL
Straujárn
Kr. 4.790
AEG
Uppþvottavél, íslenskt stjórnborð
TILBOÐ:
Kr. 69.900
Kr.79.900 (stál)
AEG
Þvottavél -1200 sn. íslenskt stjórnborð
Kr. 69.900
AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS
Þvottavél -1600 sn. íslenskt stjórnborð
Þurrkari - 6 kg. íslenskt stjórnborð
JÓLATILBOÐ: Kr. 149.900
AEG
Ryksuga Turbo T2
1600 W
Kr. 8.900
TEFAL
AEG
Hárblásari
Kr. 2.690
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
Umboðsmenn um land allt.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Stjórnvöld þurfa að hlusta á mannréttindastjóra Evrópuráðsins:

## Skynsamlegar tillögur

Ný skýrsla mannréttindastjóra Evrópuráðsins um íslensk málefni geymir ýmsar skynsamlegar tillögur sem Alþingi og ríkisstjórn ættu að taka til gaumgæfilegrar skoðunar. Þetta á ekki síst við um aðferðir við val á dómurum í hæstarétt og um mikilvægi þess að ríkisvaldið styðji við bakið á óháðum mannréttindasamtökum.

Í skýrslunni kemur fram að mannréttindaskrifstofa Evrópuráðsins hefur veitt athygli þeim miklu umræðum og deilum sem hér hafa orðið í framhaldi af skipun tveggja hæstaréttardómara á síðasta ári. Mannréttindastjórinn tekur eðlilega ekki afstöðu til einstakra mála en mælir með því að endurskoðaðar verði þær aðferðir sem notaðar eru til að velja dómara í hæstarétt í því skyni að tryggja betur sjálfstæði réttarins. Er í því sambandi bent á hvernig mál hafa þróast á Norðurlöndum undanfarin ár. Þótt ríkisstjórnir hafi hinn formlega skipunarrétt dómara með höndum segir mannréttindastjórinn að vandað, lögbundið ráðningarferli tryggi að ekki sé gengið gegn faglegum sjónarmiðum.

*Gott er að vita til þess að erlendir aðilar, sem njóta tiltrúar, fylgjast með stjórnsýslu á Íslandi. Aðhaldið sem af slíku leiðir hefur áður leitt af sér framfarir og umbætur. Vonandi verður skýrsla mannréttindastjóra Evrópuráðsins einnig lóð á þær vogarskálar.*

Dómstólar, dómarar og dómar eru meira í sviðsljósinu en nokkru sinni fyrr. Sú tíð er liðin að það var talið óviðeigandi að gagnrýna niðurstöður dómstóla á opinberum vettvangi. Gerðar eru meiri kröfur en áður til menntunar og þekkingar dómara. Það sjónarmið er ríkjandi í þjóðfélaginu að dómara beri eingöngu að velja á grundvelli hæfni og faglegs mats. Það skapar tortryggni og skaðar réttarkerfið þegar ráðherrar fara aðrir leiðir og telja eigið mat mikilvægara en faglegt ráðningarferli. Þetta er stundum klætt í þann búning að „pólitísk ábyrgð“ þurfi að búa að baki skipun dómara í embætti. Veruleikinn er hins vegar sá að hér á landi hefur gengið afleitlega að koma fram pólitískri ábyrgð ráðherra. Ráðherrar sitja að auki skamman tíma að völdum en embættismenn um langt árabil. Þetta er því marklítil viðbára.

Sorglegt er að sjá hvernig fjárveitingar til Mannréttindaskrifstofu Íslands hafa verið afgreiddar á Alþingi. Yfir því máli öllu er lítil reisn. Það er rétt hjá mannréttindastjóra Evrópuráðsins að óháð mannréttindasamtök, sem hafa fjárhagslegt bolmagn til að beita sér, eru mikilvæg í sérhverju lýðræðisríki. Ef ríkisstjórnin hefur af einhverjum ástæðum efasemdir um núverandi Mannréttindaskrifstofu gæti hún beitt sér fyrir nýjum samtökum á þessu sviði sem sátt mundi ríkja um. Hafa ber í huga að togstreitan á milli Mannréttindaskrifstofunnar og dómsmálaráðuneytisins í þessu máli hefur fyrst og fremst skaðað ráðuneytið og viðkomandi ráðherra.

Gott er að vita til þess að erlendir aðilar, sem njóta tiltrúar, fylgjast með stjórnsýslu á Íslandi. Aðhaldið sem af slíku leiðir hefur áður leitt af sér framfarir og umbætur. Vonandi verður skýrsla mannréttindastjóra Evrópuráðsins einnig lóð á þær vogarskálar.


ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30637 12/2005

Vodafone live!

Hringitónar
Fréttir og Íþróttir
Leikir
Skemmtun



Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Nýr vefur**

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands, sem Margrét S. Björnsdóttir stýrir, hleypti í síðustu viku af stokkunum nýju vefriti. Er hugmyndin að þetta verði að hluta til fræðitímarit um stjórnmál og stjórnsýslu, en fram að þessu hafa stjórnmálafræðingar ekki átt sér sérstakan fræðilegan vettvang. Þessi hluti verður ritrýndur eins og það heitir, en það þýðir að greinar eru ekki birtar nema eftir umsögn og samþykki sérfræðinga.



**Fræðigreinar**

Auk fræðiritgerða birtir vefritið ýmsar greinar almenns eðlis, bókadóma, útdrætti úr háskólaritgerðum og fleira. Er aðgangur að öllu efninu öllum opinn á slóðinni stjornmalogstjornsysla.is. Nú þegar er þarna fjölbreytt efni að finna. Ómar H. Kristmundsson lektor skrifar til dæmis um bakgrunn aðstoðarmanna ráðherra, Þorsteinn Magnússon ræðir hvort löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið hafi runnið saman í einn valdþátt er lúti forustu ríkisstjórnarinnar, og Ólafur Þ. Harðarsson prófessor og Indriði H. Indriðason lektor fjalla um tengslin milli atkvæðahlutfalls og stjórnarmeirihluta í skoðanakönnunum og í bæjarstjórnarkosningum 1930-2002. Þá hafa háskólakennarar gefið sér tíma til að lesa jólabækur sem fjalla um sögu og stjórnmál og birta um þær vandaðar og ítarlegar umsagnir.

**Með himinskautum**

Á bloggi Össurar Skarphéðinssonar má lesa að fyrrverandi formanni Samfylkingarinnar þykir meira koma til hins nýja formanns breska Íhaldsflokksins en Blair leiðtoga Verkamannaflokksins: „Mikil tíðindi kunna að vera í uppsiglingu í breskum stjórnmálum,“ skrifar Össur. „Hinn nýi formaður breska Íhaldsflokksins fer með himinskautum þessa dagana. Hann virðist ætla að rústa Verkamannaflokknum. Íhaldsmenn undir forystu David Camerons, sem hefur verið formaður í aðeins hálfan mánuð, er með 9% forskot á Verkamannaflokkinn í könnunum.“

gm@frettabladid.is

# Blessuð jólin

Í DAG
JÓL



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Bráðum koma jólin. Það er góður siður hér í svartnættinu að kveikja sem mest af jólaljósum og láta þau lýsa sem lengst. Jólalög finnst mér mega hafa uppi í hillu eða í hljómplötusafni útvarpsstöðvanna eitthvað fram í desember. Kannski væri sniðugt að byrja að spila þau þegar fyrsti jólasveininn kemur í bæinn, af rausn minni við jólalagaútgefendur miða ég þessa uppástungu við að jólasveinarnir séu þréttan. Mér finnst gaman um jólin og hef að ég held alltaf hlakkað til þeirra þó vissulega hafi sum jól verið skemmtilegri en önnur.

Jólaundirbúningur er ábyggilega meiri á flestum heimilum en mínu. Þegar börnin voru lítil var samt eitthvað um bakstur og einu sinni gerðum við mikið klísturkonfekt - það var nú bragðbetra en það var lystaukandi á að horfa. Í Belgíu þar sem ég bjó um langt árabil hefðu jólin fyrstu árin hæglega getað farið fram hjá manni ef maður gætti ekki vel að sér og ekki hefði verið jólafrí í skólanum. Börnin fengu leikfanga-jólapakka 6. desember þegar sánkti Nikulás hélt sína hátíð og eftir það var ekki leikfang að finna í búðum fyrr en í janúar að allt var sett á útsölu og jólagjöfin sem sonurinn hafði fengið kostaði nú helmingi minna en mánuði fyrr. Sumir voru svo klókir að þeir keyptu jólagjafirnar í janúar. Tískan í leikfangabransanum er hins vegar svo mikil að ég gæti trúað að það væri stundum svona eins og að vera áskrifandi að blaðinu í gær að fá jólagjöf sem keypt var í fyrra.

En það var svo sem ekki langt að sækja jólastemninguna. Bara bregða sér í tveggja tíma bíltúr til Þýskalands þar sem allt iðaði í jólabösurum, kókó, heitu víni, kringlum og pylsum. Svo fjölgaði Þjóðverjum í Brussel þegar undirbúningur að innri markaði Evrópusambandsins fór á fulla ferð og reyndar alls konar útlendingum sem vildu gera meira úr jólunum en Belgarnar sjálfir. Það varð mikil breyting á, fyrst fréttir maður af litlum jólamarkaði einhvers staðar í bænum og á nokkrum árum varð óþarfi að leggja upp í bíltúra til að sækja sér jólastemmningu.

*Getur verið að þessi umvöndunartónn sem fylgir fréttaflutningum af jólunum og undirbúningi þeirra sé hluti af því, sem stundum er sagt, að fjölmiðlar flytji frekar neikvæðar en jákvæðar fréttir.*

Mig rekur varla minni til annars en að fyrir jólin sé fólk alltaf að býsnast yfir kaupæðinu, peningaeyðslunni, jólahlaðborðunum og svo fylgir þessu að menn hafi gleymt boðskapi jólanna. Kannski er það vegna þess að það er ekkert annað í fréttum því fréttaþættir eru fullir af þessu rausi. Hvers vegna í ósköpunum má fólk ekki halda sér veislu, borða góðan mat, gefa fallegar gjafir og jafnvel dýrar ef fólk á fyrir þeim ? Getur verið að þessi umvöndunartónn sem fylgir fréttaflutningum af jólunum og undirbúningi þeirra sé hluti af því, sem stundum er sagt, að fjölmiðlar flytji frekar neikvæðar en jákvæðar fréttir.

Í spurningaþætti eins dagblaðanna var spurt fyrir nokkru: Hvað finnst þér leiðinlegast við jólin? Ég held að allir nema einn hafi svarað að það væri stressið, eða eitthvað í þá áttina. Þessi eini, sem mig minnir reyndar að hafi verið hún, sagði, ef þá þetti ekkert leiðinlegt við jólin. Mikið var ég ljómandi ánægð með þessa manneskju. Það þarf ákveðni til að svara spurningu sem orðuð er á þennan hátt með jákvæðu svari. Því spurningin gerir ráð fyrir að eitthvað sé leiðinlegt við jólin.

Ég vil leggja til að við látum af amsturstali um jólin og undirbúning þeirra. Hreingerningar eru heilsársverkefni en ekki bundnar jólunum. Þeir sem ekki nenna að baka smákökur geta keypt þær úti í búð, ef þá langar í þær. Öllum finnst okkur gaman að fá gjafir og öllum finnst líka gaman að gefa gjafir. Það veitir ekki af ljósunum í svartasta skammdeginu. Jólaskraut er fallegt og skemmtilegt á að horfa, það eru til mörg skemmtileg jólalög. Þeir sem vilja kyrrð fari í kirkju. Njótum þess að vera með þeim sem okkur þykir vænt, etum, drekkum og eigum gleðileg jól. ■


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

*Góðan dag!*
Í dag er þriðjudagurinn 20. desember, 354. dagur ársins 2005.





## SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Guðmundur Finnbogason, Völundur Jónsson og Kristín Arna Sigurðardóttir með Friðarlogann. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Aðventuhringferð með Friðarlogann

***Jólaundirbúningur nokkurra skáta felst í því að færa landsbyggðinni merki friðar að gjöf á hverju ári.***

„Þessi ferð er orðin okkur kær," segir Völundur Jónsson, en hann hefur frá árinu 2001 farið með félögum sínum í hringferð fyrir hver jól með Friðarlogann frá Betlehem. „Það er gott að eyða þessum dögum í eitthvað annað en búðaráp og smákökubakstur. Við fáum að ferðast um landið og hitta fólk sem tekur vel á móti okkur. Þessi ferð segir okkur að jólin séu að koma en við upplifum ekkert stress eða neitt slíkt."

Friðarloginn kom fyrst til landsins árið 2000 með skipi frá Þýskalandi. Fyrsti Friðarloginn var tendraður með loga sem kveiktur var yfir legstað Krists fyrir um tvö þúsund árum. Fleiri slíkir logar eru til víða um heim en þeim er haldið lifandi allt árið og dreift, fyrir tilstilli skáta og gildisskáta, fyrir jólin til þeirra sem vilja þiggja hann að gjöf. Á Íslandi logar hann í St. Jósefskirkju allt árið.

„Loginn er tákn friðar og kærleiks og er því mjög táknrænn fyrir jólin. Boðskapurinn er sérstaklega mikilvægur núna þegar við horfum til þess að hann kemur frá stríðshrjáðum hluta veraldarinnar," segir Völundur. „Loginn er sameiningartákn sem fólk gefur hvert öðru og við förum hringferð og stoppum í hverjum landshluta til að tryggja að sem flestir geti nálgast hann."

Völundur segir sérstaklega ánægjulegt hversu góðar viðtökur þau fá á ferð sinni. Hópurinn leggur áherslu á að Friðarloginn standi skólum, sjúkrahúsum og kirkjum til boða en að hver og einn geti tendrað sitt ljós með honum, sem má svo nota í tengslum við jólin. „Á Blönduósi hefur til dæmis skapast sá siður að skátafélagið fleytir kertum niður Blöndu á þrettándanum. Þá er Friðarloginn notaður til að kveikja á einu kerti fyrir hvert barn á Blönduósi og kertið flýtur svo niður ána," segir Völundur að lokum.

Þeir sem vilja fá upplýsingar um logann og hvar hægt er að nálgast hann geta fengið upplýsingar hjá Skátamiðstöðinni í síma 550 9800.

*einareli@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTI
### [JÓL HEILSA]

**Jól á Austurlandi** er heiti á verkefni sem hefur það að markmiði að efla verslun í heimabyggð á Austurlandi og laða fólk úr öðrum landshlutum austur til að kaupa og njóta aðdraganda jólanna. Verkefnið hefur gengið vel og hafa Austfirðingar náð að vekja athygli á sér á landsvísu og borið boðskap jólanna um víðan völl.



**Reykingar** hafa aukist lítillega meðal kvenna undanfarið ár en dregist nokkuð saman hjá körlum. Í dag segjast 19,2% fólks á aldrinum 15-89 ára reykja daglega, sem er lítils háttar lækkun frá árinu 2004. Þetta kemur fram í samantekt þriggja kannana sem unnar voru af Gallup fyrir Lýðheilsustöð.

**Jólatréssala** er nú í fullum gangi. Þeir sem hafa hug á að skreyta stofuna með eðalgrænu tré ættu að drífa sig sem fyrst í jólatrésleiðangur áður en einhver kaupir tréð sem var ætlað þeim.

**Sjúkrahús** í Sviss segist munu heimila dauðvona sjúklingum sem þar liggja að binda enda á líf sitt innan veggja sjúkrahússins með aðstoð lækna. Talsmaður sjúkrahússins í Lausanne sagði, að þessi ákvörðun hefði verið tekin eftir langa íhugun og sett væru ströng skilyrði. Líknarmorð eru ekki andstæð lögum í Sviss svo framarlega sem sjúklingurinn er andlega heill og þjáist af ólæknandi sjúkdómi.






**Jóga** er góð heilsurækt. Auk þess að þjálfa líkamann er það afslappandi. Það getur verið gott eftir allt jólastressið að fara í jóga og slaka á.





Jóhanna Þórhallsdóttir notar hverja stund sem gefst til að slaka á og koma sér í alvöru jólaskap.

# Um að gera að slaka á þegar færi gefst

***Jóhanna Þórhallsdóttir kórstjóri lætur ekki jólastressið ná tökum á sér þrátt fyrir mikið annríki.***

Jóhanna Þórhallsdóttir, söngkona og kórstjóri, er heldur betur á þönum þessa dagana eins og flestir þeir sem koma nálægt kórum og söng á aðventunni. Þetta er mikill álagstími hjá henni og algert lykilatriði að vera við góða heilsu. En hvernig skyldi hún fara að því? „Ég er ekki í neinu föstu prógrammi en í haust hef ég að mestu leyti stundað göngutúra í Elliðaárdalnum og hef líka farið í leikfimitíma í Hreyingu. Svo reyni ég að fá góðan svefn og hvíla mig og slaka á,“ segir Jóhanna. Hún hefur líka lært af reynslunni með árunum. „Ég hef lært að vera ekkert að stressa mig yfir jólunum og það reynist mér best til að halda heilsu á þessum árstíma. Það er mjög mikilvægt. Ég hef lagt áherslu á að hvílast vel og ef ég fæ flensu þá tek ég á því strax því aðalatriðið er að ganga ekki á orkuna sína. Þessi árstími er mikill álagstími fyrir kórstjóra og þá er aðalatriðið er að vera ekkert að fara í neitt jólageim, hvorki stressið, skemmtanirnar né innkaupin heldur bara að einbeita sér að verkefnunum sem framundan eru.“ Jóhanna reynir að passa sig á að detta ekki í óhollustuna og fá sér of mikið af sykri eða koffíni auk þess sem henni passar ekki að sulla mikið í rauðvíni.

Hún viðurkennir þó að engin sé reglan án undantekninga. „Það er fastur liður hjá mér að hitta vinkonurnar á Jómfrúnni á jólaföstunni og þá læt ég allt aðhald lönd og leið.“ Það verður mikið að gera hjá Jóhönnu fram yfir jól. „Léttsveitin klárar reyndar sína jóladagskrá á Þorláksmessu með því að syngja jólamessu með séra Jónu Hrönn Bolladóttur fyrir framan Hegningarhúsið, en þá tekur við kórastarfið í Bústaðakirkju. Þar stjórna ég barna- og unglingakórnum og syng líka í kirkjukórnum svo það verður nóg að gera.“ Þegar öllu þessu er lokið ætlar Jóhanna að slaka á í faðmi fjölskyldunnar. „Ég set Bach á fóninn, fæ vonandi einhverja góða bók og tek jólunum fagnandi.“

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

LYFJA
Opið 8-24 alla daga
í Lágmúla og Smáratorgi

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

Nýjung hjá SPA fegurð
Gunna Sigga Naglafræðingur
hjá The Edge býður uppá:
Gelneglur á hendur
og gelneglur á tásur
SPA fegurð
20% afsláttur af nöglum í desember
Verum flottar fyrir jólin
Munið gjafakortin
S: 511 6660
Laugavegur 96 (hjá Toni & Guy)
Heiðdís Steinsdóttir snyrtifræðingur
Dagmar Koeppen svæðanuddari
Guðrún S. Jónsdóttir naglafræðingur

Náttúrulegar hágæða baðvörur
Upplifðu lúxus spa stemningu í þínu eigin baðherbergi með baðvörum sem Kolbrún grasalæknir hefur skapað fyrir Íslenskar konur.
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is



# Jólamatur bestur í hófi

*Matarvenjur jólanna teljast seint heilsubætandi. Smákökur og súkkulaði, malt og appelsín, laufabrauð og karamellur fylla munna víðs vegar um landið og ógrynni af söltu og reyktu kjöti rata upp í munn og ofan í maga.*

„Jólamaturinn þarf alls ekki að vera slæmur," segir Fríða Rún Þórðardóttir næringarfræðingur. „Það fer bara eftir hversu mikið maður borðar af honum." Saltur og reyktur matur getur farið illa í fólk sé ekki gætt hófs. „Fólk getur safnað á sig vökva og sé undirliggjandi sjúkdómur fyrir er hætta á hjartaáfalli," segir Fríða.

Fríða mælir með því að jólakjötið sé hvílt við og við og það sé ekki á diskinum í öll mál. Gott er að fá ferskt kjöt inn á milli og fiskur er alltaf hollur og góður. Svo er líka mikilvægt að innbyrða nóg af vatni til mótvægis við allt saltið. „Það þarf að passa það að drekka ekki bara gos heldur nóg af vatni með og milli mála," segir Fríða.

Áður fyrr voru ferskir ávextir fylgifiskur jólanna. Þeir þóttu herramanns matur og Fríða mælir með því að þessum sið verði viðhaldið. „Ég mæli með því að fólk borði spariávexti, það er ávexti sem það fær ekki á hverjum degi. Þetta geta verið vínber, plómur, ástaraldin eða hvaða framandi ávöxtur sem er," segir Fríða.

Fríða vill minna fólk á mikilvægi þess að hreyfa sig yfir jólin. Enginn ætti að sitja inni yfir sjónvarpinu heldur fara út að ganga og þeir sem eiga líkamsræktarkort nýti sér þau.

Fríða vinnur í eldhúsi Landspítalans þar sem hún raðar saman matseðli sjúklinga eftir kúnstarinnar reglum. Að sögn Fríðu eru miklar jólamanneskjur að störfum í eldhúsinu. „Við reynum að hafa þetta eins jólalegt og hægt er," segir Fríða. Það kemur bersýnilega í ljós ef litið er á matseðilinn yfir hátíðarnar. Á aðfangadag verður óreyktur svínahryggvöðvi og á jóladag hangikjöt og lambalæri. Auk þess geta sjúklingar valið um fiskrétt eða grænmetisrétt í öll mál kjósi þeir að sleppa jólasteikinni.

*tryggvi@frettabladid.is*



Hangikjöt ratar án efa á borð flestra landsmann um jólin. FRETTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Góður nætursvefn er mikilvægur ungum sem öldnum.

# Bók um svefn barna

*Út er komin bók eftir Dr. Eduard Estivill um svefnvenjur barna og hvernig má bæta þær. Þýðandi bókarinnar er Guðrún H. Túliníus.*

Bókin heitir Sofðu barnið blíða en útgefandi er Proxima. Dr. Estivill er svefnsérfræðingur og hefur hann rannsakað svefnvenjur barna og fullorðinna í áratugi. Í rúm 11 ár hefur hann hjálpað yfir 3000 börnum að bæta svefn sinn og í leiðinni hefur hann þróað með sér kerfi sem á að bæta svefn barna og og koma reglu á hann. Samkvæmt Dr. Estivill er hægt að kenna börnum að sofa vært í 96% tilfella og til þess að ná árangri þurfa foreldrar einungis að fylgja nokkrum einföldum reglum. Í bókinni er farið yfir þessar reglur og foreldrum gefin góð ráð svo barnið þeirra sofi sem værast. ■


Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá

Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.

Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.

IMEDEEN®

www.imedeen.com












**Jólakúlur** eru ómissandi á jólatréð. Þeir sem skreyta tréð seint ættu samt að fara yfir jólakúlurnar svo hægt sé að kaupa fleiri í tíma ef einhverjar vantar.




# Aðfangadagur í eyðimörk

***Jóladagur á blettatígrabúgarði í Namibíu.***

Eva Lind Óliversdóttir hefur ferðast víðar en margar jafnöldrur henar. Fyrir fjórum árum fór hún í sex mánaða ferðalag með vinkonu sinni og eyddi aðfangadegi í namibískri eyðimörk.

„Auk okkar voru í hópnum 20 aðrir sem komu frá öllum heimshornum,“ segir Eva Lind. „Við ferðuðumst um Mið-Austurlönd og Afríku á trukk og vorum á mikilli hraðferð. Rétt fyrir jól fékk ég ígerð í tvö köngulóarbit á löppinni en við máttum ekki vera að því að stoppa og fá almennileg lyf svo ég var sárkvalin á aðfangadag.“

24. desember var hópurinn í þjóðgarði í eyðimörk. Eva Lind segir að nokkrir úr hópnum hafi höggvið niður hríslu til að gleðja íslensku stelpurnar sem söknuðu jólanna heima. „Við gerðum músastiga og settum á hrísluna. Svo fóru undir hana tveir pakkar, einn frá mér og einn frá Júllu vinkonu minni sem gaf mér bók með myndum af afrískum dýrum. Við reyndum að syngja íslensk jólalög en það gekk ekki nógu vel, við kunnum svo fáa texta. Seinna um kvöldið fórum við með svefnpokana okkar að upplýstu vatnsbóli og ætluðum að sjá villt dýr en þau létu ekki sjá sig þetta kvöld. Ég skrifaði því bara bréf heim og sagðist sakna þess að komast ekki á skíði,“ segir Eva Lind.

Flestir aðrir í hópnum voru óvanir því að fagna aðfangadegi sérstaklega og miðuðu upphaf jóla við jóladagsmorgun. „Jólahald hinna einkenndist aðallega af fylleríi. Kanadamennirnir tóku þó þátt í að skreyta tréð og Bretarnir keyptu slúðurblöð. Það virtist duga til að koma þeim í jólaskap. Á jóladag fórum við svo í blettatígrabúgarð. Þangað sem er farið með blettatígra sem ráðast á búfé, frekar en að skjóta þá. Sá sem rak búgarðinn var af áströlskum ættum svo hann hélt smá jól með okkur, sem enn og aftur snerust aðallega um drykkju, en það var enginn annar að halda jól í nágrenninu svo það var betra en ekkert.“

Þrátt fyrir þessa upplifun segist Eva Lind aldrei ætla að halda jól í útlöndum aftur. „Fyrir mér eru jólin fjölskylduhátíð. Ég vil ekki vera í burtu frá litlu systkinunum mínum aftur, maður er svo hræddur um að missa af einhverju. Svo saknar maður þess svo mikið ef maður sér hvergi snjó,“ segir Eva Lind að lokum.


Eva Lind Óliversdóttir segist ekki ætla að vera að heiman aftur um jól, þótt hún hafi lent í miklu ævintýri í Afríku fyrir fjórum árum.


Á blettatígrabúgarðinum á jóladag. Eva Lind og eigandi búgarðsins klappa blettatígur.


Aðfangadagur í eyðimörkinni í Namibíu. Eva Lind og Júlla vinkona hennar við runnann sem var breytt í jólatré.









## jólasveinar }



### Skyrgámur

*Skyrjarmur, sá áttundi,*
*var skelfilegt naut.*
*Hann hlemminn o´n af sánum*
*með hnefanum braut.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Hann Skyrjarmur eða Skyrgámur eins og hann er yfirleitt kallaður nú er ægilegt átvagl. Þegar hann komst í skyrtunnu þá hámaði hann í sig þangað til hann stóð á blístri og stundi og hrein. Hann á það til að stelast inn í búr og ísskápa og háma í sig allt skyr sem hann finnur.
Þeir sem urðu forviða yfir furðulegu hvarfi skyrdollanna sinna á sunnudagskvöldið geta verið næsta vissir um að þar hafi Skyrgámur verið á ferð, enda var það hans kvöld að gefa í skóinn.



### Bjúgnakrækir

*Níundi var Bjúgnakrækir,*
*brögðóttur og snar.*
*Hann hentist upp í rjáfrin*
*og hnuplaði þar.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Bjúgnakrækir sat svo á eldhúsbitunum í sótinu og reyknum og át bjúgun sem þar héngu. Best þykir Bjúgnakræki að borða bjúgu og pylsur og stelur þeim hvar sem hann í þær kemst. Á liðnum árum hafa margar húsfreyjurnar komið að Bjúgnakræki með ginið úttroðið af dýrindis bjúga. Gjöfin sem var í skóm barnanna í morgun er frá Bjúgnakræki komin og ef þefað er af þeirri gjöf má eflaust finna eilitla bjúgnalykt.















Ljósadýrðin nær hátt og lágt í stærðarinnar tré á Starhaganum og gerir ljósastaurana óþarfa í þeirri götu. VILLI



Tröllvaxið jólatré í Hlíðunum. Lítil jólaköttur nýtti tækifærið og brosti framan í myndavélina. VILLI

# Ljósadýrð loftin gyllir

*Nú er tími ljóss og friðar og margir hafa tekið fram seríuna og lýsa upp sitt nánasta umhverfi.*

Smekkur manna er eins misjafn og við erum mörg. Sumir vilja skreyta með blikkandi ljósum og hafa nóg af þeim. Aðrir vilja uppblásnar jólafígúrur eða styttur. Sumir skreyta jafnvel svo mikið að rafmagnsreikningurinn fer upp úr öllu valdi. Síðan eru þeir sem vilja skreyta á einfaldari máta, lýsingin er notuð til að fegra og gefa yl í skammdeginu og yfir hátíðarnar. Ljósmyndarar Fréttablaðsins fóru á stúfana í leit að fögrum ljósum og vonandi lýsa þessar myndir upp skammdegið ykkar. ■



Litrík jólaserían hangir snyrtilega á girðingunni og gefur húsinu ævintýralegan blæ. Ægissíða í Vesturbæ. VILLI



Gangstígurinn er lýstur upp með hvítum jólaljósatrjám. HEIÐA



Rauð lýsing sem gefur sérstaklega hátíðlegan blæ, lýsir upp skammdegið og fær hjörtu til að slá. HEIÐA



Glæsilega skreytt hús í Hlíðunum í Reykjavík. HEIÐA




Ný bylting
RoboMop

sjálvirkur gólfhreinsir sem fer um gólfin og hreinsar í filter á meðan þú gerir eitthvað annað! Breytir sjálfkrafa um átt við snertingu á stólum veggjum eða öðru. Batterísdrifið, hleðslutæki fylgir.
Fyrir parket, marmara, flísar, línolíudúk.
www.robomop.net
Sölustaðir: Byggt og Búið í Smáranum, Kringlunni, Bílaraf Auðbrekku.

Heilsuhitapokinn
Ný kynslóð heilsubótar
100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR
**Sölustaðir**: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar,Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin, Eygló snyrtistofa, Heilsutek sunnumörk ,Snyrtistofan Dana Kef, nú einnig á Laugavegi 20.



JÓLAGJÖFINA HANDA HENNI FÆRÐU HJÁ OKKUR
GJAFABRÉF FRÁ 3.400 KR
SNYRTISTOFAN
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

OPIÐ TIL KL. 22
MIÐBORGIN
JÓLALEGA

Sölustaðir
Penninn
Mál og Menning
Bókabúðin Hlemmi
Skífan
Iða




305 verslanir
*Næg bílastæði*

Jólagjöf veiðimannsins !
Veiðikortið 2006

Kortið gildir sem veiðileyfi í 23 veiðivötn vítt og breitt um landið. Veiðikortið er fjölskylduvænt og stuðlar að notalegri útiveru.

Ný vötn eru:
- Þingvallavatn fyrir landi þjóðgarðs
- Ljósavatn
- Hraunsfjörður

Nánari upplýsingar um önnur vötn eru á vef Veiðikortsins www.veidikortid.is




Gefðu gleðilegt sumar í jólagjöf !
Sölustaðir: ESSO stöðvarnar - veiðibúðir og víðar
Frí heimsending á netpöntunum - www.veidikortid.is
Esso

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir



20% afsláttur
www.gunnimagg.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

Jólarýmingarsala!
Frábærar gjafavörur á allt að **70%** afslætti. Líkamsdekur, skart, töskur, sokkabuxur o.fl. Verðdæmi: 10 stk. sokkabuxur á aðeins 1000 kr.
**Opið alla daga til jóla á milli 9-17 í Stangarhyl 6.**



# Dúkkur sem hjálpa konum að læra að lesa

***Fjáröflun UNICEF hefur vakið mikla athygli fyrir þessi jól. Með dúkkusölu á að safna fjármagni svo hægt sé að mennta ungar stúlkur í fátæku Afríkuríki. Að sögn Hólmfríðar Önnu Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa UNICEF á Íslandi, gengur salan vel.***

Í byrjun árs leitaði UNICEF eftir liðsinni kvenfélaganna í landinu og úr varð að síðan í vor hafa kvenskörungar úr öllum landsfjórðungum saumað dúkkur í sjálfboðavinnu. Dúkkurnar eru allar handsaumaðar og eru engar tvær eins. „Kvenfélagskonurnar hafa verið alveg ótrúlega duglegar og dúkkurnar eru stórglæsilegar,“ segir Hólmfríður.

Upphaflega voru saumaðar 800 dúkkur og vel gengur að selja þær. „Við erum örugglega búnar að selja nær helming á tveimur til þremur vikum,“ segir Hólmfríður.

Hugmyndin að átakinu er fengin frá UNICEF í Finnlandi, en kvenfélögin komu sér saman um snið fyrir dúkkurnar en að öðru leyti fengu félagskonur frjálsar hendur.

Ágóðinn af verkefninu rennur til menntaverkefnis fyrir stúlkur í Gíneu-Bissá en ólæsi er gríðarlegt þar. „Margir gera sér ekki grein fyrir mikilvægi læsis fyrir samfélag,“ segir Hólmfríður. „Sjái maður gleðina og stoltið hjá ungri móður sem lært hefur að skrifa nafnið sitt skilur maður virkilega hversu mikla þýðingu læsi í raun og veru hefur.“

Aðeins 32% stúlkna í Gíneu-Bissá fara í 1. bekk og rétt rúmur helmingur þess hóps lýkur fjórða bekk. „Staðan er þannig í Gíneu-Bissá að konur sjá um uppeldi og fræðslu barna þannig að mennti maður konurnar, menntar maður samfélagið allt,“ segir Hólmfríður.

Dúkkurnar góðu fást í Iðu og á skrifstofu UNICEF og kosta þær 5.000 kr. ■

## uppskrift }

### Toppar

SÆLGÆTISKÖKUR AF BESTU GERÐ.

3 eggjahvítur
200g púðursykur
150g rjómasúkkulaði
1 stór poki lakkrískurl

Eggjahvíturnar eru stífþeyttar ásamt púðursykrinum. Lakkrískurlinu er bætt varlega við hræruna. Súkkulaðið er saxað og einnig bætt varlega við hræruna. Sett á plötu með bökunarpappír. Bakið við 150°C í 20 mín.

U.þ.b.60 kökur



FAGMENNSKA OG FALLEG HÖNNUN









BRILLIANT
Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Gluggagægir

*Tíundi var Gluggagægir,*
*grályndur mann,*
*sem laumaðist á skjáinn*
*og leit inn um hann.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Ef málum var svo háttað að Gluggagægir rak augun í eitthvað álitlegt innan við gluggann gerði hann allt sem í valdi hans stóð til að ná í það. Hann er kannski ekki jafn gírugur í mat og margir bræðra hans, en skelfilega er hann forvitinn karlinn og á það til að klessa nefinu upp að gluggarúðunum svo far myndast. Gluggagægir kemur til byggða í kvöld svo það er kannski skynsamlegt að geyma gluggaþvottinn til morguns.





Ingólfur og Embla voru hlessa á hægðagleði Katalóníubúa um jólaleytið.

# Frjósemislurkurinn og caganer í Katalóníu

***Rithöfundarnir Ingólfur Björgvinsson og Embla Ýr Bárudóttir kynntust skrýtnum jólasið í Barcelona.***

Ingólfur Björgvinsson og Embla Ýr Bárudóttir búa í Barcelona og hafa kynnst þar ýmsum jólasiðum.

„Katalóníubúar hafa í raun þrjár gjafahátíðir yfir jólin," segir Ingólfur. „Fyrst kemur jólasveinninn eins og um allan heim 24. eða 25. desember en stærsta gjafahátíðin er 6. janúar þegar vitringarnir koma með gjafir eins og þeir gerðu handa jesúbarninu."

„En það er kannski helst þessi áhugi Katalóna á hægðum sem kemur mest á óvart í jólasiðum íbúa í Barcelona," segir Embla. „Þar má þá fyrst telja kúkalurkinn, „caga tio" eða bara „el tio", sem kúkar jólagjöfum." Blaðamaður hváir og Ingólfur útskýrir betur: „Þetta er svona trjádrumbur og undir hann eru settar lappir eins og framfætur. Svo er andlit málað í sárið á drumbnum og húfa sett á en aftari hlutinn er hulinn með teppi og þar er jólagjöfunum stungið inn." Embla tekur við: „Börnin berja svo lurkinn með priki og syngja söng þar sem þau hvetja lurkinn til að láta frá sér gjafir handa þeim. Og svo koma gjafirnar undan teppinu." Þau hafa aldrei fengið sig til að spyrja beinlínis hvaða merkingu þessi lurkur hefur. „En þegar ég rakst á annan sið sem tengist hægðum þá varð ég að spyrja," segir Ingólfur. „Katalónar leggja mikla áherslu á að gera fallegar jólauppstillingar af fæðingu jesúbarnsins í jötunni. Þar eru Jósef og María og jesúbarnið, vitringarnir, fjárhirðarnir og hin og þessi dýr. Og þar innan um leynist alltaf lítill drengur eða kall sem situr á hækjum sér og er að kúka. Hann er oft mjög vandaður og vel gerður, skorinn í tré eða steyptur úr leir og það fer ekkert á milli mála hvað hann er að gera því kúkurinn sést koma út úr rassinum á honum. Hann er kallaður Caganer. Stundum er andlit þekktra manna, t.d. fótboltamanna sett á hann. Þessum „kúkalabba" er svo stungið inn í helgisenuna og hann falinn þar." Embla bætir við: „Og svo er mesta fjörið að finna hann." Ingólfur fékk hins vegar skýringu á þessu fyrirbæri. „Hún er sú að þetta sé heiðinn siður, nokkurs konar frjósemisdýrkun þar sem bóndinn fer út á akurinn og skilar náttúrunni einhverju af því sem honum hefur hlotnast á árinu. Þetta gerðu menn á vetrarsólstöðum og hugsanlega er hefðin runnin þaðan."


Hér fær forseti Katalönsku stjórnarinnar þann vafasama heiður að vera „caganer" eða kúkalabbi.

Ingólfur og Embla ætla að ná í vitringahátíðina í Barcelona 6. janúar en verða hér á landi fram að því og halda jól með fjölskyldu og vinum og kynna teiknimyndasöguna Vetrarvíg. Þetta er þriðja bókin í teiknimyndaflokknum Sögur úr Njálu sem hefur notið mikilla vinsælda hjá ungviðinu undanfarin ár. Þau ná hins vegar ekki að hýða jólalurkinn svo hann kúki einhverju fallegu handa þeim.

*brynhildurb@frettabladid.is*





Timberland Make it better.
100% vatnshelt á alla fjölskylduna
Frábær jólagjöf

Timberland Kringlunni • Sími 533-2290

CLAUDIO FERRICI

Atson
Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4 Opið frá 10-20

Steikarskúffa með grind og spaða
Tilboðsverð 5.990 kr

Villeroy & Boch
Kringlunni

Gefum örugga jólagjöf

Innbrotaviðvörunarkerfi fyrir heimili og bústaði
Nortek
Öryggisins vegna
Eirhöfða 13, Reykjavík, sími 587 7390, www.nortek.is

allt bílar
Alla laugardaga


Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



## JÓLABOÐIÐ GERT EINFALT

*Innkaupalisti og matseðill* SJÁ BLS. 4



## GLITRANDI GYÐJUSKÓR

*Hollywood glamúr í skótískunni* SJÁ BLS. 12

[ SÉRBLAÐ UM VEISLUHÖLD – ÞRIÐJUDAGUR 20. DESEMBER 2005 ]

# jólin 2005




# Íslensk list
## gerir hús að heimili



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur



Mynd eftir Soffíu Sæmundsdóttur

LISTMUNASALA fold

Opið í Kringlunni alla daga
til jóla frá 10–22

Opið á Rauðarárstíg 10–18 til 15. desember,
frá 15. desember til jóla er opið til kl. 22.

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Kringlunni og Rauðarárstíg

# Villibráðin í eldhúsinu

Argentína steikhús er vel þekkt fyrir ljúffengar steikur að hætti Argentínubúa og nú hefur Stefán Magnússon, kokkur á Argentínu, skellt saman þriggja rétta lúxusmáltíð í gómsæta hátíðarveislu fyrir sex til átta manns.

„Þetta er upplagður jóla- og áramótamatseðill, og er eitthvað sem flestir ættu að ráða við í eldhúsinu heima hjá sér. Hráefnin eru flest fáanleg í Bónus, Hagkaupi eða Nóatúni," segir Stefán, sem unnið hefur í sex ár hjá Argentínu steikhúsi á Barónstíg í Reykjavík. Hann bætir við að súkkulaðið í eftirréttinn fáist í Sandholtsbakaríi eða í Kökuhúsinu, en forrétturinn er blanda af íslenskri önd og austurlenskri sósu. Þessi blanda menningarheima er mjög algeng í eldamennsku í dag að sögn Stefáns, sem sjálfur hyggst elda svipaða máltíð á nýársdag.



Andalæri með austurlenskri sósu í forrétt.

### Forréttur:
Andalæri (confit) í austurlenskri sósu.
Lærin söltuð með grófu salti og látin liggja í 1-2 tíma. Má krydda til með smá timjani og rósmaríni. Lærin eru síðan skoluð og sett í pott til suðu. Þau eru látin malla á lágum hita þar til kjötið er laust frá beinunum eða í um þrjá klukkutíma. Þetta má undirbúa daginn áður, en áður en lærin eru borin fram eru þau hituð í ofni á háum hita til að brúna fituna.

### Austurlensk sósa
150 gr sykur
120 gr fínt saxaður engifer
120 gr fínt saxaður shallot-laukur
1 msk sesamolía
2 l kjúklingasoð
2-3 msk sætt chili
2 stk sítrónugras
2-3 dl Kikkoman sojasósa (mikilvægt að nota Kikkoman en ekki aðrar gerðir)
sósulitur
þykkt með maísena
smá kjötkraftur
Grænmetið er brúnað í sykrinum, vökvanum er síðan bætt út í og látið sjóða í um það bil 1½ tíma. Síðan er smakkað til og þykkt með maísena.

### Aðalréttur:
Hreindýralundir með villibráðarsoðsósu, kartöflumús og gljáðu grænmeti.
Gert er ráð fyrir tveimur kílóum af hreindýralundum fyrir átta manns, eða um 250 grömm á mann. Með hreindýrinu er gott að bera fram bragðsterkt rauðvín og segir Stefán að best sé að nota vín sem eru krydduð, þurr og kröftug.

### Kryddlögur fyrir hreindýr
20 gr steinselja
20 gr kerfill
10 gr rósmarín
10 gr timjan
5 gr fennelduft
250 ml olía
20 ml truffluolía
6 gr salt og pipar
Allar kryddjurtirnar eru steyttar saman við olíuna eða handsaxaðar og hellt yfir hreindýralundirnar. Kjötið er látið marínerast í 1-2 daga í þessum kryddlegi.
Hreindýralundirnar eru brúnaðar á mjög heitri pönnu til að loka kjötinu, og eru síðan eldaðar í ofni á 110 gráðum í um það bil 25-28 mínútur eða þar til kjarnhiti mælist 55-58 gráður með kjötmæli. Þegar búið að elda kjötið er gott að láta það standa í 4-5 mínútur áður en það er skorið, því annars tapast úr því vökvinn.

### Hreindýrasósa
700 ml villisoð (OSCAR)
1 dl madeira
1 dl púrtvín
25 gr þurkaðir villisveppir
salt og pipar
smjörklípa
smjörbolla ef þarf
100 gr hveiti / 75 gr smjör
sósulitur
Sveppirnir eru lagðir í bleyti þar til þeir verða mjúkir og eru síðan saxaðir og steiktir upp úr smjöri. Síðan er víni bætt út í, þar á eftir villisoði. Það er síðan saltað og piprað og allt látið malla í um það bil 45 mínútur. Þykkt með smjörbollu ef þurfa þykir.

### Kartöflumús
500 gr kartöflur
1½ dl rjómi
35 gr parmesanostur
salt og pipar
smjörklípa
1 tsk marinn hvítlaukur
Kartöflur eru soðnar, síðan flysjaðar og stappaðar í gegnum sigti. Þær eru síðan soðnar í rjómanum, kryddaðar til og smjörið sett út í og þykkt með osti.

### Sykursíróp fyrir grænmetið
300 ml vatn
100 gr sykur
Litlar gulrætur og spergill flysjað og snyrt. Sykursírópið er látið sjóða niður þar til það er orðið þykkt, en þá er grænmetið sett út í og látið sjóða í 4-5 mínútur eða þar til það er orðið gljáð og soðið í gegn.



Hreindýralundir með kartöflumús.



Stefán Magnússon, sem unnið hefur í sex ár á veitingastaðnum Argentínu, segist ætla að elda svipaðan mat og hér er sagt frá á nýársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### Eftirréttur:
Súkkulaðimús og jógúrtís.
Eftirréttinn má búa til nokkrum dögum fyrir veisluna. Stefán skreytir ísinn með ferskum mintulaufum til þess að fá skemmtilegan lit í réttinn.

### Súkkulaðimús
600 gr vanillusósa
900 gr léttþeyttur rjómi
640 gr Valrona-súkkulaði (72%)
Vanillusósa og súkkulaði eru hituð upp hvort í sínu lagi. Rjómi er léttþeyttur. Vanillusósunni er síðan bætt út í bráðið súkkulaðið og rjómanum blandað varlega saman við. Best er að nota töfrasprota þegar þessu er blandað saman en ef hann er ekki til má nota sleif. Súkkulaðið þarf að vera við stofuhita þegar þetta er gert, en gæta verður þess að það sé ekki of heitt þegar vanillusósunni er blandað saman við svo músin skilji sig ekki. Blöndunni er síðan hellt í form og fryst í að minnsta kosti tvo klukkutíma svo að hún stífni. Músin er tekin tímanlega út úr frystinum svo hún sé ekki frosin þegar hún er borin fram.

### Mangó- og passionsósa
250 gr mangó-puré
250 gr passion-puré
150 gr sykur
5 stykki stjörnuanís
1-2 stk vanillustöng
Þetta er allt soðið saman í 10-15 mínútur þar til sósan er orðin þykk.
Gott er að skera á vanillustöngina og skafa úr henni þegar sósan er soðin niður.

### Jógurtís
1 l vatn
500 gr sykur
500 gr sýrður rjómi
500 gr hreint jógúrt
vanilluduft
Vatn og sykur brætt saman í potti ásamt vanillu. Kælt og jógúrtinni og sýrða rjómanum hellt saman við og hrært með töfrasprota uns blandan er kjekkjalaus. Fryst.



Gómsætur eftirréttur.

Íslensk hönnun
og framleiðsla
er góð gjöf

Þitt val skiptir máli

Íslenskir framleiðendur

SI Samtök iðnaðarins



★★★★★ **Úlfar:** „Virkilega góður hryggur. Bragð og safi í toppi.“

★★★★★ **Eyþór:** „Gott reykbragð, safaríkur og góður.“

★★★★ **Örn:** „Góður. Aðeins of blautur en gott eftirbragð.“

★★★★★ **Sigmar:** „Gott jafnvægi á milli salts og reykbragðs.“

# SS hamborgarhryggur bestur í bragðkönnun DV




Í árlegri blindsmökkun matgæðinga DV á 13 tegundum hamborgarhryggja fékk SS hamborgarhryggurinn langbestu dómana, eða **19 stjörnur af 20 mögulegum.** SS hamborgarhryggur rýrnar ennfremur mjög lítið við suðu og það var samdóma álit matgæðinganna að hann væri bæði safaríkur og bragðmikill.

Matgæðingar DV eru: Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari á Þremur Frökkum, Eyþór Rúnarsson matreiðslumaður hjá Sigga Hall og hinir valinkunnu áhugamenn um góðan mat, Sigmar B. Hauksson og Örn Árnason leikari.

SS fremstir fyrir bragðið

Fíton/SÍA

# Jólaboðið gert einfalt

María Guðmundsdóttir og systkini hennar fjögur brugðu á stórsniðugt ráð þegar móðir þeirra tók að eldast og fjölskyldan að stækka og stór jólaboð urðu heldur mikil vinna fyrir eina roskna konu.

„Þetta var þannig að mamma gamla var alltaf með alla fjölskylduna á jóladag. Svo stækka fjölskyldur eins og gengur og gerist og það varð of mikið stress og álag fyrir mömmu að standa í að sjá um allan matinn og halda svona stóra veislu,“ segir María Guðmundsdóttir, fyrrverandi ritstjóri hjá útgáfufélaginu Heimi. „Þá þróaðist þetta þannig hjá okkur að við systkinin ákváðum bara að slá saman í jólaveislur og hver og einn í fjölskyldunni kemur með eitthvað.“

Alls eru þetta um 35 manns sem mæta í jólaboðin í fjölskyldu Maríu, en þau systkinin skiptast á að halda boðið. Þau borða yfirleitt það sama, hefðbundinn jólamat, heitt hangikjöt með kartöflumús og öllu tilheyrandi ásamt síld, rækjuhlaupi, rækjum í aspas, magálum, eplasalati og öðrum réttum sem hæfa köldu borði á jóladag. Móðir Maríu mætir að sjálfsögðu í boðin en hún er hætt að þurfa að sjá um veitingar. Barnabörn hennar eru farin að sinna eftirréttunum.

„Þetta er svona fremur hefðbundinn matseðill sem helgast af því að við vorum vön að fá þennan mat á jóladag í foreldrahúsum í gamla daga og flestir vildu halda sig við þessa hefð, ekki síst börnin okkar,“ segir María. „Við skiptum með okkur verkum þannig að allir innan þessara fimm fjölskyldna taka eitthvað að sér. Vanalega þarf gestgjafinn lítið að sjá um annað en að bjóða upp á húsnæðið, diska, glös og þess háttar, svo hans hlutverk er minna í undirbúningnum af því að hann heldur boðið. Þetta hefur gefið mjög góða raun.“

Annað sem þetta fyrirkomulag gerir, að sögn Maríu, er að fólk verður áhugasamara um jólaboðið og hlakkar meira til að mæta. „Þarna eru allir þátttakendur. Allir slá saman og þetta verður minni vinna fyrir hvern og einn, en samt jafnglæsilegt jólahlaðborð og er ekki nein brjálæðisleg vinna fyrir einhvern einn aðila, sem er náttúrulega mikið álag, sérstaklega þar sem flestar konur vinna úti í dag,“ segir María.

## Matseðillinn

Fjölskylda Maríu hefur haldið lista yfir hvað þarf í jóladagsboð fyrir 30 manns og deilir hún listanum með lesendum Fréttablaðsins.

**Forréttur:**
Rækjuhlaup ( með rækjum, skelfiski og eggjum) borið fram með kokteilsósu og kartöfluflísum. Síld og rúgbrauð.

**Aðalréttur:**
Hangikjöt, magáll, kartöflumús, grænar baunir, heimalagað rauðkál, jólasalat (epla-og rauðbeðusalat) ásamt laufabrauði.

**Desert.**
Heimalagaður ís, heimalöguð karamellusósa og ískex. Kaffi og konfekt.

## Innkaupalisti

MARÍU GUÐMUNDSDÓTTUR FYRIR 30 MANNA MATARBOÐ

**Forréttur:**
500 gr rækjur (í 2 form)
1 dós kræklingur
3-4 egg (harðsoðin)
2 bréf Toro-hleypir (Aspas-gelé)
Skreytt með niðurskorinni papriku og gúrkum
Í sósu þarf majónes og/eða sýrðan rjóma og sweet relish
2x200 gr dósir kartöfluflísar

3 tegundir síld
3-4 pk rúgbrauð

**Aðalréttur:**
3 kg hangilæri
2,0-2,4 kg hangiframpartur
2 pk ca 0,5 kg magáll
2,6-3,0 kg bökunarkartöflur fyrir kartöflumús
2 heildósir grænar baunir
Heimalagað rauðkál ( 1 meðalstórt rauðkálshöfuð, 2-3 msk svínafeiti/smjör eða smjörlíki, 1 stór laukur, 4 epli, 3dl rauðvínsedik eða rifsberjasaft, 10 negulnaglar, salt og síróp)
Jólasalat (smjör, hveiti, mjólk, 150 gr rauðbeður + safi, 3 epli, sinnep, salt og smá sykur)
Laufabrauð 20-30 stykki

**Eftirréttur**
Heimalagaður ís um 6 lítrar
karamellusósa ( sykur, rjómi soðið vatn)
ískex
Kaffi og konfekt

Gos, Egils malt 12x0,5 l
Egils appelsín 6x2 lítra flöskur.
Þeir sem vilja taka með sér rauðvín eða bjór.


María Guðmundsdóttir, fyrrverandi ritstjóri, að elda rauðkál í eldhúsinu sínu.




MAGIS

www.magisdesign.com



# HINN EINI SANNI
# BOMBO



HÖNNUÐUR:
STEFANO GIOVANNONI, 1997

epal

Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is





ermahnappar }

## Glingur í skyrtuna

Þessi jólin ættu karlmenn að prófa að fá sér ermahnappa í skyrtuna, en skyrtur fyrir ermahnappa fást meðal annars hjá GK á Laugaveginum. Bæði er það mjög smart og karlmannlegt. Einnig eru ermahnappar skemmtileg og falleg jólagjöf, en vandaðir ermahnappar geta orðið að erfðagrip. Ef til vill eru einhverjir til frá afa eða pabba og nú er tíminn til að skella þeim í skyrtuna. Ermahnappana á myndinni er að finna á vefsíðunni cufflinks.com.



Gylltur hnútur. Sígildur og flottur.



Hauskúpa fyrir töffarann.



Ermahnappur sem er jafnframt klukka.



Fallega fjólublár og flottur við bleika eða hvíta skyrtu.








Ljósbrúnn hlýralaus kjóll með gylltum pallíettum á 14.990 kr. í Oasis. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Perlur og pallíettur á síðum hlýrabol í Topshop. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Bakið á laxableikum bol með möttum pallíettum á 3.690 kr. í Topshop. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Pallíettuhaf á hvítum kjól á 15.990 kr. í Oasis. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Glitrandi jólastund

Pallíettur og perlur eru nauðsynlegar á jólakjólana.

Stjörnurnar hafa stigið niður af himnum og tekið sér bólfestu meðal okkar í öllum þeim ótal pallíettum sem prýða fatnað okkar um jólin. Þær láta ekkert ósnert hvorki kjóla, né klúta, pils, húfur, töskur eða trefla. Enginn árstími er jafn tilvalinn fyrir mannfólkið til að glitra eins og stjörnur, sérstaklega ef frost er og endurkast mánans stráir stjörnum í slóð okkar. Jól og áramót eru glitrandi stundir og jaðra við raunverulegt ævintýri, og skemmtilegast er að taka þátt í því að fullum krafti. Álfakjólar og gellulegir skór, ásamt áberandi gulltösku ættu að koma sérhverri konu í sannkallað hátíðarskap. Auk þess er tilvalið að kaupa pakka af pallíettum og strá yfir hátíðarborðið eða jólatréð.

Það má þræða þær upp á tvinna og sauma í gamla kjóla og fatnað og gefa flíkunum nýtt og glitrandi líf. Pallíetturnar eru flottar við hvað sem er og eiga jafn vel við sjúskaðar gallabuxur og silkikjóla eða í lófa þar sem hægt er að láta þær falla á jörðina eina af annari þegar maður gengur um.




# NÝ DIESEL BARNADEILD Á LAUGAVEGI 91








opið til kl. 22:00
alla daga til jóla

gallerisautján

Laugavegi 91 s. 512 1722



# Borðað með puttunum

Fingramatur, snittur og smáréttir eru eitt skemmtilegasta fæði sem hægt er að bjóða upp á í áramótaveislum, og eru hugmyndirnar að því hvað hægt er að bera fram óþrjótandi.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra veitingastaði og veisluþjónustur sem bjóða upp á fingramat og spjallaði við eigendur og kokka.

## Á næstu grösum

Á næstu grösum er veitingastaður sem rekur líka veisluþjónustu. Veitingahúsið sérhæfir sig í grænmetisréttum, en veisluþjónustan gerir rétti með fiski og kjöti ef þess er æskt. „Við sérsníðum veisluþjónustuna að hverjum og einum og sinnum til dæmis pöntunum um lítið glútein eða engar mjólkurafurðir. Ég á sparisnittur eiginlega fyrir hvað sem er,“ segir Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari.

Dæmi um það sem er á boðstólum eru tortillavafningar með hummusi, spínati, papriku og agúrku, confit-soðin kartafla með reyktu ýsutartar með rauðbeðum og sýrðum rjóma, steikt brauð með stöppu úr sætum kartöflum og gráðosti og hnetutígull með hægelduðum tómötum og basilíku. Auk þessa eru rúmlega 20 tegundir á boðstólum. Á næstu grösum miðar við 8 tegundir af snittum á mann, og verð á hvern einstakling er 1.800 krónur.



Ýmsir smáréttir frá veitingastaðnum Á næstu grösum. Hér er tortillavafningur með hummusi, hnetutígull með hægelduðum tómötum og fleira góðgæti.

## The Deli

The Deli í Bankastræti og í Félagsstofnun stúdenta í Háskóla Íslands býður upp á afar girnilegan mat frá Miðaustur- og Miðjarðarhafslöndunum, sem hentar vel í aðeins öðruvísi veislu.

„Þó þetta séu ekki þessar hefðbundnu snittur, þá er þetta fingramatur í Miðausturlöndum og í Grikklandi og borðar fólk hann þá með brauði. Þeir eru kallaðir meze á grísku en mezze á arabísku,“ segir Sigurður Thoroddsen, eigandi Deli. „Hér er meira hráefni, og af því það er svo mikil vinna í snittum, þá fer meiri peningur í vinnuna í stað þess að fara í hráefnið eins og það gerir hér.“

Auk þess selur Deli það sem Sigurður kallar arabískt nammi, en það eru hnetur, gráfíkjur og apríkósur.

Smáréttirnir kosta á bilinu 870 krónur og upp í 1.500 krónur á hvern mann í veislunni.



Calamari smokkfiskur frá Grikklandi, seldur í Deli.



Deli selur ýmiss konar smárétti og fingramat frá Miðaustur- og Miðjarðarhafslöndunum.



Caprese-salat frá Kaprí fæst hjá Deli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Brauðbær í Óðinsvéum

Smurbrauðsstofan Brauðbær við Óðinstorg hefur verið starfrækt allt frá árinu 1964 en Brauðbær byggir á hinum hefðbundna danska smurbrauðsskóla Oskars Davidsen í Kaupmannahöfn og notar fyrirtækið aðeins besta hráefni sem völ er á.

„Við höfum mikinn metnað og sækjumst eftir kröfuhörðum viðskiptavinum,“ segir Birgir Sigfússon hjá Brauðbæ.

Flestir panta tvær til þrjár stærri snittur á mann, eða sex til átta litlar snittur í tveggja klukkustunda boð. Minnstu snitturnar, canapé-snitturnar, kosta 125 krónur stykkið, kaffisnitturnar 150 krónur og matarsneiðarnar eru á 690 krónur. Allar fást þær með ýmsu áleggi, til dæmis gæsapaté, eggjum og síld, krabbasalati og camembert.



Matarsneiðar frá Brauðbæ með steiktri rauðsprettu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Kaffisnittur frá Brauðbæ.



Canapé-snittur með ýmsu áleggi frá Brauðbæ.






ÓMISSANDI Á JÓLUNUM!

Til að skapa fullkomna jólastemningu þarf að huga að hverju smáatriði. Fjölskylduhefðirnar verður að halda í til þess að jólin séu eins og þau eiga að vera. Sulturnar frá **Den Gamle Fabrik** eru í senn smáatriði og aðalatriði í jólamatnum, enda hafa Íslendingar gætt sér á þessum bragðmiklu sultum í meira en þrjá áratugi. Fullkomnaðu jólin á þinn hátt með þínum hefðum, en ekki gleyma sultunum frá **Den Gamle Fabrik**.




eva
Laugavegi 91 s.512 1715
opið til kl.22 alla daga til jóla
DKNY - IKKS - Paul et Joe - Nicole Farhi - Gerard Darel - Vent Couvert - Bruuns Bazaar - Kristensen du Nord
Ný sending af glæsilegum sparifatnaði og skóm


Jólatilboð
Glerskápur
48x36x191
kr. 29.000
Bókaskápur
80x39x193
kr. 45.000
Postulínsdúkkur
í miklu úrvali frá kr. 1.250
Hunda- og katta-
körfur frá kr. 500
Járnlestar-, -bílar og -hjól
með antikáferð frá kr. 1.950
Veggljós f/kerti
kr. 2.500
Stór spegill
79x120
kr. 16.000
Stór spegill
79x120
kr. 16.000
Stór spegill
79x120
kr. 11.500
Handheklaðir púðar kr. 950
og dúkar kr. 1.950
Vínstandar kr. 1.500
Myndrammi
kr. 1.200
Leðurborð 56x87x55
kr.14.500
Opnanlegur kollur við borð
31x30x24
kr. 3.500
Stóll
43x44x88,5
kr. 12.000
Snyrtiborð
85x42x78
kr. 23.000
Stór kommóða
89x42x90
kr. 39.900
Hálfmáni
83x35x77
kr. 15.500
Kollur
36x30x47
kr. 6.900
Bólstraðir leðurkistlar
3 stærðir
kr. 6.900 - 10.900
Körfur með loki
40x45 kr. 5.500
30x35 kr. 4.500
Háar körfur
60x30 kr. 3.000
50x25 kr. 2.500
Smákistlar frá kr. 398
Púðar og skammel 50% afsláttur
Útsölustaðir um allt land : Blómastofan Vestmannaeyjum, Virkið Snæfellsbæ, Sælukjallarinn Patreksfirði, Blóma- og gjafavöruverslun Maríu Grundarfirði, Blóm
Húsgagnaloftið Ísafirði, Mosfell Hellu, Nesbakki Neskaupsstað, Rás ehf Þorlákshöfn, Eyrarbúðin Siglufirði, Blómaverk Ólafsvík, Kofortið Hafnarfirði, Lækjargarðu


1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími 10-22 fram að jólum, Þorláksmessa 10-23, aðfangadagur 9-12
www.1928.is
Myndir í ramma frá kr. 1.950
Mjúk teppi til jólanna kr. 2.900
Hátíðardúkar frá kr. 1.500
Fallegir funkisstólar íslensk hönnun á jólatilboði
Ilmpokar frá kr. 300
Stólar áður 29.900, nú 23.900
Stólar áður 32.900, nú 25.900
Englar 2 stk. kr. 680
Myndir fyrir skot- og laxveiðimanninn kr. 3.900
Lyklaskápur 36x24 kr. 2.500
Hálfmáni 70x58 kr. 9.900
Snyrtivörur í gjafapakkningu frá kr. 475
Kollur h46 kr. 2.900
Skartkistill 20x30 kr. 2.500
Blaðakarfa 32x35 kr. 2.900
CD standur einfaldur 109x24x20 kr. 9.500
CD standur tvöfaldur 109x44x20 kr. 14.900
Kommóða stór 91x92 kr. 19.000
Kistlar stór hæð 50x75 kr. 9.900 mið hæð 38x65 kr. 7.900 lítill hæð 28x55 kr. 5.900
Skartgripaskrín kr. 2.500
Kistlar 30x50 kr. 4.500 38x65 kr. 6.500 50x78 kr. 8.500
...naborg Hveragerði, Dalakjör Búðardal, Draumaland Keflavík, Gamla búðin Hvolsvelli, Í tilefni dagsins Selfossi, Klakkur ehf Vík, Klörubúð Djúpavogi,
...r Borðeyri, Garðarshólmi Húsavík, Ílex Dalvík, Laufskálinn Neskaupsstað, His.is Vestmannaeyjum, Esar Húsavík, Blómaturnin Ísafirði, Heimahornið Stykkishólmi.


1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími 10-22 fram að jólum, Þorláksmessa 10-23, aðfangadagur 9-12
www.1928.is
Myndir í ramma frá kr. 1.950
Mjúk teppi til jólanna kr. 2.900
Hátíðardúkar frá kr. 1.500
Fallegir funkisstólar íslensk hönnun á jólatilboði
Ilmpokar frá kr. 300
Stólar áður 29.900, nú 23.900
Stólar áður 32.900, nú 25.900
Englar 2 stk. kr. 680
Myndir fyrir skot- og laxveiðimanninn kr. 3.900
Lyklaskápur 36x24 kr. 2.500
Hálfmáni 70x58 kr. 9.900
Snyrtivörur í gjafapakkningu frá kr. 475
Kollur h46 kr. 2.900
Skartkistill 20x30 kr. 2.500
Blaðakarfa 32x35 kr. 2.900
CD standur einfaldur 109x24x20 kr. 9.500
CD standur tvöfaldur 109x44x20 kr. 14.900
Kommóða stór 91x92 kr. 19.000
Kistlar stór hæð 50x75 kr. 9.900 mið hæð 38x65 kr. 7.900 lítill hæð 28x55 kr. 5.900
Skartgripaskrín kr. 2.500
Kistlar 30x50 kr. 4.500 38x65 kr. 6.500 50x78 kr. 8.500
...naborg Hveragerði, Dalakjör Búðardal, Draumaland Keflavík, Gamla búðin Hvolsvelli, Í tilefni dagsins Selfossi, Klakkur ehf Vík, Klörubúð Djúpavogi,
...r Borðeyri, Garðarshólmi Húsavík, Ílex Dalvík, Laufskálinn Neskaupsstað, His.is Vestmannaeyjum, Esar Húsavík, Blómaturnin Ísafirði, Heimahornið Stykkishólmi.

# Afgreiðslutímar Vínbúða yfir hátíðarnar



## Höfuðborgarsvæðið

| | Austurstræti | Dalvegur, Kóp. | Eiðistorg | Garðabær | Hafnarfjörður | Heiðrún |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 09:00 - 18:00 |
| Þri. 20. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 09:00 - 18:00 |
| Mið. 21. des | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fim. 22. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 12:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 09:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 13:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 09:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 09:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 |

| | Holtagarðar | Kringlan | Mjódd | Mosfellsbær | Smáralind | Spöngin |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 11:00 - 18:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:30 |
| Þri. 20. des | 11:00 - 18:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:30 |
| Mið. 21. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 18:30 |
| Fim. 22. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 18:30 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 10:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 12:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 10:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 20:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 |

## Landsbyggðin

| | Akranes | Akureyri | Keflavík | Selfoss |
|---|---|---|---|---|
| Mán. 19. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 |
| Þri. 20. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 18:00 |
| Mið. 21. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fim. 22. des | 12:30 - 18:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 13:00 | 09:00 - 12:00 |



| | Borgarnes | Blönduós | Búðardalur | Dalvík | Djúpivogur | Egilsstaðir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 21:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 11:00 - 19:00 | 12:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 12:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 |
| Lau. 31. des | 09:00 - 13:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Fáskrúðsfj. | Grindavík | Grundarfj. | Hólmavík | Húsavík | Hvammstangi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 16:00 - 20:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | Lokað | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 11:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 16:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 16:00 - 19:00 | 14:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Hveragerði | Hvolsvöllur | Höfn | Kirkjubæjarkl. | Neskaupsst. | Ólafsvík |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 14:00 - 22:00 | 14:00 - 20:00 | 14:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 12:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 12:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 |

| | Ísafjörður | Patreksfjörður | Reyðarfjörður | Sauðárkrókur | Seyðisfjörður | Siglufjörður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 11:00 - 22:00 | 10:00 - 22:00 | 14:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 12:30 - 19:00 | 13:00 - 18:00 | 14:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 | 16:00 - 18:00 | 13:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 11:00 - 20:00 | 10:00 - 19:00 | 12:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 19:00 | 11:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 09:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

| | Stykkishólmur | Vestmannaeyj. | Vík í Mýrdal | Vopnafjörður | Þorlákshöfn | Þórshöfn |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 23. des | 14:00 - 22:00 | 11:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 | 16:00 - 22:00 |
| Lau. 24. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | Lokað | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |
| Fim. 29. des | 14:00 - 18:00 | 12:30 - 19:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 | 16:00 - 18:00 |
| Fös. 30. des | 14:00 - 19:00 | 11:00 - 20:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 | 16:00 - 19:00 |
| Lau. 31. des | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 | 10:00 - 12:00 |

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Athugið að um aðra daga en nefndir eru hér gilda almennir afgreiðslutímar, sjá nánar á vinbud.is.





Gull og glamúr á 19.500 kr. í Kron.

Bláir glimmerskór á 22.600 kr. í 38 þrep.

Ökklaháir leðurskór fyrir karlmenn á 23.900 kr. í 38 þrep.

Rauðir og flottir skór á 12.990 kr. í Kron.

# Glitrandi gyðjuskór

## Skótískan einkennist af gamaldags Hollywood-glamúr

Skótískan er vægast sagt æðisleg í ár því það virðist bókstaflega allt vera í tísku. Allir ættu að geta fundið sinn eigin stíl og skartað sínu fegursta. Spariskór kvenna eru með háum hæl, mjóum, breiðum, stuttum eða flatbotna. Tærnar eru rúnnaðar og mjóar. Það má helst greina að glamúrinn sé eitthvað sem allir skórnir eiga sammerkt. Skraut, litir, pallíettur og glitrandi glimmer er nokkuð sem sést mikið. Glitrandi gyðjuskór eru áberandi og eru sérstaklega flottir við pallíettukjólana og loðfeldina. Lakkskór eru einnig farnir að láta á sér kræla fyrir konur jafnt sem karla. Karlar geta verið í flottum lakkskóm við jakkafötin eða bara í strigaskóm.



Hollywood glamúrskór á 13.990 kr. í Kron.

Falleg flauelisrós og hái hælar á 23.600 kr. í 38 þrep.








AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Í JÓLAPAKKAN HENNAR
Freistandi og flott undirföt
Sett frá kr. 3490 -4990
mikið úrval sjáumst
COS Glæsibæ • s 588 5575

Gefðu góða gjöf frá okkur
áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

IÐA

# Mikið úrval af erlendum bókum




























Lækjargata 2a s. 511-5001 opið 09 - 22 alla daga



KRISTALIA





# heima







# Kristalia - ný lína!





full búð af
nýjum vörum

loftljós, veggljós, lampar - mikið af nýrri gjafavöru!

verið velkomin



opið:

| | |
|---|---|
| virka daga | kl.10-18 |
| þorláksmessu | kl.10-23 |
| aðfangadag | kl.10-12 |



Bláu húsunum við Faxafen • 108 reykjavík • 568 4242



# Leiðin liggur í Bílanaust

## þar sem hörðu pakkarnir fást



873 Visor CKIT
**VISOR** handfrjáls búnaður
**9.900,-**
Bluetooth handfrjáls búnaður



356 7645150510
**BLAUPUNKT** Essen MP35
**14.900,-**
Bíltæki með útvarpi og geislaspilara og spilar MP3



889 H02A200
**BÍLANAUST** verkfærasett
**16.880,-**
**200** stk. 1/4" og 1/2" toppasett + mikið af aukahlutum



097 0K400
**ERO** öryggisljós
**2.990,-**
Fjölnota vasaljós með lífhamri og hníf sem sker öryggisbelti



889 H02S4248C
**BÍLANAUST** topplyklasett
**9.980,-**
1/2 og1/4" topplyklasett **48** stk. „spline" toppar frá 4-32 mm



063 077900273
**ROLLUP** rafmagnspíanó
**5.990,-**
Skemmtilegt píanó sem hægt er að rúlla saman



951 DEMON
**DEMON** kassabíll
**6.785,-**
Kassabíll fyrir kraftmikla ökumenn



889 H02MT4294
**BÍLANAUST** rauða taskan
**24.900,-**
**94** stk 1/4" og 1/2" toppasett og verkfæri

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík
Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is

# Ein hvít og önnur brún

FJÖGURRA LAGA TERTUR TILHEYRA JÓLABAKSTRINUM Á MÖRGUM HEIMILUM ENDA ERU ÞÆR HREINASTA SÆLGÆTI AUK ÞESS AÐ VERA DRJÚGAR OG GEYMAST VEL.

**Vínarterta**

1 kg hveiti
500 g sykur
3 tsk ger
500 g smjör
5-6 egg



Hvít lagterta gengur undir nafninu Vínarterta.

Þurrefnunum er blandað saman, smjörið mulið í og vætt í með eggjunum og mjólk ef með þarf. Degið er hnoðað vel og gott er að leyfa því að standa og jafna sig. Síðan er því skipt í fjóra hluta og hver hluti flattur út í stóra ferkantaða köku sem lögð er á plötu. Gott er að hafa bökunarpappír undir. Kökurnar bakaðar ljósar og sulta sett á þær heitar. Athugið að fyrstu kökunni er hvolft áður en sultan er sett á hana.

**Brún lagterta**

330 g smjörlíki
425 g sykur
675 g hveiti
3 egg
1 1/2 tesk. natron
1 1/2 tesk. kanill
3 tesk. negull
4 msk. kakó



Kanelbragðið af þeirri brúnu er jólalegt.

Farið eins að og með hvíta degið nema hvað kökurnar eru látnar kólna vel áður en smjörkrem er sett á þær. Stundum er sulta höfð undir kreminu.

Smjörkrem

300 g smjör
500 g flórsykur
6 msk soðið vatn
2 tsk vanilla
Allt þeytt vel saman.






## jólakveðja



## Gleðileg jól

Á ÝMSUM TUNGUMÁLUM

**Albaníska:** Gezur Krislinjden
**Arabíska:** Idah Saidan Wa Sanah Jadidah
**Argentínska:** Feliz Navidad
**Brasilíska:** Boas Festas
**Búlgarska:** Tchestita Koleda
**Kantóníska:** Gun Tso Sun Tan'Gung Haw Sun
**Mandarínska:** Kung His Hsin Nien bing Chu Shen
**Króatíska:** Sretan Bozic
**Tékkneska:** Prejeme Vam Vesele Vanoce
**Grænlenska:** Jutdlime pivdluarit ukiortame pivdluaritlo
**Esperantó:** Gajan Kristnaskon
**Hawaíska:** Mele Kalikimaka
**Ungverska:** Kellemes Karacsonyi unnepeket
**Íraska:** Idah Saidan Wa Sanah Jadidah
**Japanska:** Shinnen omedeto. Kurisumasu Omedeto
**Kóreska:** Sung Tan Chuk Ha
**Makedónska:** Sreken Bozhik
**Pólska:** Wesolych Swiat Bozego Narodzenia
**Rúmenska:** Sarbatori vesele
**Rússneska:** Pozdrevlyayu s prazdnikom Rozhdestva
**Úkraínska:** Srozhdestvom Kristovym

## á jóladöfinni }



Stefán Máni.

## 20.desember

**Bjúgnakrækir** heimsækir Þjóðminjasafnið kl. 11.

Jólahrollur í hádeginu- **Stefán Máni** les úr bók sinni Túristi í Þjóðmenningarhúsinu kl. 12.15.

Fyrstu **kertaljósatónleikar Camerarctica** eru í Hafnarfjarðarkirkju og hefjast klukkan 21.

**Graduale Nobili** heldur jólatónleika við kertaljós í Langholtskirkju og hefjast þeir kl. 21.







Örvar viðbragðspunkta orkurása líkamans.



Þriggja punkta nudd samtímis á kálfa, ökkla og iljar.



Samvirkandi þrýstings- og titringsnudd sem skilar hámarksárangri.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS RUM 30129 11/2005

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900 • www.rumco.is
Opið: Virka daga kl. 11–18 og laugardaga kl. 11–14

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu Skovby borðstofa frá Valhúsgögnum úr Kirsuberjavið. Borð, 12 stólar, 2 skenkar og 1 efri skápur. Ný 940.000 en selst á rúml. hálfvirði.Uppl.í s. 896 1067.

## Fatnaður

**Til sölu minkapelsar**
Síður og stuttur, blárefapels, skinnkragar, ullarkápur og jakkar t.d. yfirst. Verð frá 5 þ.
**K.S. Díana s. 551 8481.**

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



Hvolpa- og hundagrindur með og án hurða. 3 stærðir, Dýrabær Hlíðasmára 9. www.dyrabaer.is

**Gæludýrabúr 50% afsláttur.**
Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattarbúr og fiskabúr með 50% afslætti. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.
**Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.**



Kisa hvarf af Rauðavaði í Norðlingaholti 15. des. Kolsvört siamblanda, með hvítan blett á bringu. Vins. hafið samband í 896 0791 eða 567 3460.

**40% Afsláttur**
Af öllum fugla , fiska og nagdýrabúrum fram til Jóla.
Fuglabúr frá kr 2.340 m-afsl.
Hamstrabúr frá kr. 2.520 m-afsl.
Kanínubúr frá kr. 4.260 m-afsl.
Fiskibúr með öllu frá kr. 4.788 m-afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711,**
**Dýraland Kringlan, s. 588 0711**
**Dýraland Spöng. s. 587 0744.**

**Hundaræktunin í Dalsmynni**
Var beðin um að selja Chihuahua 7 mán. Uppl. í s. 566 8417.

**Hvolpur gefins**
Gefins tík, 3 mán. Skosk-íslensk. Uppl. í s. 846 1384.

Hvolpur óskast! Fjölskylda með góða aðstöðu óskar eftir ódýrum smáhundi, má vera blendingur. S. 822 7007.

**Jóla Hvolpar!**
Hvolpa vantar nýtt heimili og góðan félagsskap. Hreinræktaðir laugarásbúar. S. 865 5613.

Yndislegir Silki-Terrier hvolpar til sölu. Ættbókarfærðir og heilsufarsskoðaðir til afhendingar 2. jan. Verð 150 þús. Uppl. í s. 690 2908.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

Sérmeðhöndlaður spænir frá Snowflake. Nánari uppl. á www.snowflake.ltd.uk Sími 864 5172, Ægir.

# TIL SÖLU




**Bújörð**
Til leigu jörð í Borgarfirði 143 fm einbýli, hesthús og útihús. Tilvalið fyrir hestamenn og fl. Sími 694 2171.

## Ljósmyndun

Tekur þú myndir? Eru þær í öruggri geymslu? Fyrir 9,95 US$ á mánuði færðu 15 gígabita öruggt geymslupláss, 100 framkallaðar myndir á gæðapappír, gefins vörur að verðgildi 40 - 60US$ og heildsöluver á öðrum vörum. Og þetta er í hverjum mánuði. Aðrir áskriftarpakkar í boði. Hafið samband, Heimsmynd ehf s.699-1114 www.heimsmynd.myphotomax.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170 m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu íbúð 65 fm á Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 661 5761.

Unufell 21. 4ra herb. íbúð til leigu. Laus 1. jan. Uppl. í s. 698 5563.

## Húsnæði óskast

Reglusöm, reyklaus kona óskar eftir 2-3 herb. íbúð á sv. 170, 107, 101. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 860 0262.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir bílskúr á leigu undir lager, helst í Austurbæ Rvk. eða í Kópavogi. S. 892 4588.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

26 fm. bílskúr við Krummah. til leigu. Verð kr. 25 þ. á mán. Uppl. í s. 822 8216 eftir kl. 20.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**BÍLSTJÓRAR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Reyðarfirði.
Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir:**
**Már í síma 474-1525**
**tölvupóstfang mar@odr.is**

**Ræstingar**
Ræstingar. Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17.
**Upplýsingar í síma 699 8403**
**Bónbræður ehf.**

Nesbyggð

**Reykjanesbær**
Vantar smiði og múrara eða vana menn í byggingavinnu. Einnig vantar gröfumann með meirapróf. Nesbyggð ehf. Upplýsingar í síma 840-6100 (Páll)

**Bón og þvottastöðin Sóltúni 3**
Óskar eftir að ráða duglega menn í vinnu. Mikil vinna framundan og góðir tekjumöguleikar. Æskilegur aldur 18-30.
**Uppl. gefur Jónas verkstjóri á staðnum eða í s. 551 4820.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Hellulagnir. Óska eftir starfsmönnum vönum hellulögnum í 2-3 vikur. Upplýsingar í síma 861 2295

Vélstjóra vantar ísfisktogara. Uppl. í s. 843 4215.

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir rösku fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó tímabundið. Framtíðarstarf möguleiki. Uppl. í s. 660 0560

**Smurstöð**
Vanir menn á smurstöð hjá Bílko. Óskum eftir umsjónarmanni og vönum mönnum á smurstöð okkar Bílko. Frekari upplýsingar um stöðunar gefur Guðni í s. 660 0560.

Óska eftir smiðum og verkamönnum í vinnu. Mikil vinna framundan, góð laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. í s. 616 9434.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Kötturinn okkar sem heitir Negró er týndur, hann fór að heiman frá sér á Heiðarveginum í Keflavík aðfaranótt laugardags 17. des og hefur ekki sést síðan eftir það. Hans er sárt saknað. Hann er heimakær og félagslindur. Þeir sem geta hafa séð hann vinsamlega hringja í síma 895 7155. Fundarlaun ef óskað er.

## Einkamál

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

Íslendingur sem býr erlendis og er að flytja til Íslands óskar eftir að komast í samband við konu á aldrinum 50-55 ára. Uppl. um persónuhagi og mynd óskast. Svör sendist Kritóferi Magnússyni Husebyveien 61, 1621 Gressbik Norge.

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.

**Háskóli Íslands, Háskólatorg.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Háskóla Íslands vegna Háskólatorgs.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. stækkun á einum byggingareit, einum nýjum byggingareit ofanjarðar auk byggingareits neðanjarðar. Hámarksbyggingamagn er samtals 10.000m$^2$.
Tillagan gerir ráð fyrir að Alexandersstígur með tilheyrandi gróðri verði áfram áhrifamikil tenging innan Háskólasvæðisins.
Bílastæðum, á því svæði sem breytingin nær til, leiðir til þess að bílastæðum fækkar um 81 stæði og verður þeim komið fyrir á Háskólasvæði austan Suðurgötu. Gengið verður út frá samnýtingu bílastæða á Háskólasvæðinu og eru hugmyndir um gjaldtöku fyrir bílastæði sem gæti dregið úr bílastæðaþörf.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Kjalarnes, Lykkja.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Lykkju á Kjalarnesi.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a að afmarkaðir eru nýjir byggingareitir fyrir gistiaðstöðu/þjónustuhús þar sem nú eru hlaða/hesthús og á byggingareit A1 (á korti) er gert ráð fyrir heilunar- og menntasetri. Grunnflötur miðstöðvar verður allt að 700m$^2$. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi íbúðarhúsi Lykkju.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Elliðavað – Búðavað.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðlingaholt, vegna lóðanna við Elliðavað 1 - 17 og Búðavað 1 -23.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a að byggingareitir verða stækkaðir og breyttir, einstaka byggingaeiningar stækka og breyting verður á legu húsagatna. Við Elliðavað verða tvær raðhúsalengjur í stað þriggja. Megin ástæða fyrir breytingu er að koma fyrir innbyggðum bílskúrum án þess að skerða um of íbúðarrými húsanna.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 20. desember til og með 1. febrúar 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 1. febrúar 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 20.desember 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

allt atvinna
Alla sunnudaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Jörfabakki Reykjavík

RE/MAX BÚI





**Verð: 16.300.000**
Stærð: 82,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 11 millj.



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali

### Íbúðin er laus fljótlega

Falleg og björt 3 herb. 82,9 fm íbúð. Hol/stofa/borðstofa með fallegu parketi, svalir í suður. Eldhús með hvítri/ beyki innréttingu, flísar á gólfi. 2 herb. með parketi, annað með skáp. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Barnvænt og gróið hverfi.



Guðrún
Sölufulltrúi
**821 9209**
runa@remax.is

TILKYNNINGAR

## Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

ATVINNA

## KÓPAVOGSBÆR

### FRÁ LINDASKÓLA

- **Starfsfólk óskast í Dægradvöl Lindaskóla, frá og með áramótum.**

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og SfK.
Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 554 3900 og 861 7100.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

ATVINNA

SÁÁ

## Áfengisráðgjafar

**Auglýst eru laus störf áfengis og vímuefnaráðgjafa hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann. Um er að ræða áhugaverð störf er hefjast með 2ja ára starfsþjálfun sem fram fer á Sjúkrahúsinu Vogi og öðrum meðferðarstöðvum SÁÁ. Unnið er á vöktum á öllum starfsstöðvum SÁÁ. Upplýsingar um störfin gefur Hjalti Björnsson dagskrárstjóri hjalti@saa.is sími 824 7620**

**Umsóknaeyðublöð eru hjá móttökuriturum á Vogi. Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 112 Reykjavík í síðasta lagi 3. janúar 2006 (eldri umsóknir óskast endurnýjaðar).**

SÁÁ

## Sérfræðingur og Deildarlæknir

**Staða sérfræðings við Sjúkrahúsið Vog er laus til umsóknar nú þegar.**

**Sérmenntun í geðlækningum, lyflækningum eða heimilislækningum æskileg.**
**Einnig er laus staða deildarlæknis.**
**Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson forstöðulæknir í síma 824 7600.**
**Umsóknir sendist SÁÁ Stórhöfða 45, 110 Reykjavík merktar „læknir".**

TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

## Stækkun Hellisheiðarvirkjunar í Sveitarfélaginu Ölfusi

### Mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Orkuveita Reykjavíkur hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um stækkun Hellisheiðarvirkjunar í Sveitarfélaginu Ölfusi

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **20. desember 2005** til **31. janúar 2006** á eftirtöldum stöðum:

Á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, á bókasafninu í Þorlákshöfn, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðum VGK verkfræðistofu: www.vgk.is og Orkuveitu Reykjavíkur: www.or.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **31. janúar 2006** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

**Skipulagsstofnun**

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ



## ÚTVARPSFÓLK

Létt 96,7

Létt 96.7 er fyrst og fremst afþreyingarútvarp þar sem dagskrárgerðarfólk leggur áherslu á léttleika og lítið tal í bland við tónlistina.

Áhugasamir sendi okkur bréf með ferilskrá og viðeigandi upplýsingum ásamt mynd til Létt 96,7, Krókhálsi 6, 110 Reyjavík fyrir 30. desember.

## Langar þig að vinna í útvarpi?

Létt 96,7 leitar að dagskrárgerðarfólki til að starfa á öldum ljósvakans. Við leitum eftir duglegum einstaklingum með góða útvarpsrödd, skemmtilegt fas og áhuga á fjölmiðlum. Skilyrði er að viðkomandi hafi góð tök á íslenskri tungu.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# HVUNNDAGURINN



GUÐMUNDUR KRISTINN JÓNSSON SEGIR FLESTA DAGA TILEINKAÐA TÓNLIST.

## *Tileinkaðir tónlist*

**Í hverju felst starf þitt?**
Ég vinn sem hljóðmaður hjá RÚV og eins er ég gítarleikari í Hjálmum og Baggalút og rek hljóðver í Keflavík sem heitir Geimsteinn.
**Hvernig er venjulegur dagur í þínu lífi?**
Þeir eru voða ólíkir. Flestir dagar byrja á því koma börnunum í leikskólann og svo fer ég annað hvort upp í RÚV eða í Geimstein til að grúska eitthvað í músík. Svo fara kvöld og helgar mikið í Hjálma eða Baggalút, en það er aðallega um helgarnar.
**Hefurðu gaman af þessu?**
Já, mjög.

## VISSIR ÞÚ

...að Haka Sukur var fljótastur allra til að skora í úrslitakeppni HM? Það tók hann 11 sekúndur að skora gegn Suður Kóreu 2002.

...að fljótastur að fá reisupassann á HM var Rúmeninn Ion Vladoiu en hann var rekinn af velli eftir þriggja mínútna leik gegn Sviss á HM 1994?

...að sá sem skoarað hefur flest mörk í úrslitakeppni er Just Fontaine en hann skoraði 13 mörk í úrslitakeppni HM 1958 í Svíþjóð en það er met sem seint verður slegið.

...að Peter Shilton hélt markinu oftar hreinu en nokkur markmaður fyrr og síðar á HM 1982, 1986 og 1990? Hann lék 17 leiki og hélt hreinu í 10 þeirra.

...að þegar Ástralir sigruðu Samóa 31-0 í undankeppni HM 2002 settu þeir markamet?

...að Péle er yngsti leikmaðurinn til að skora í úrslitakeppni HM?

...að hann var aðeins 17 ára og 239 daga gamall?

...að yngsti leikmaður á HM var 17 ára og 41 dags gamall er hann þreytti frumraun sína?

... að hann var frá Norður Írlandi og hét Norman Whiteside?

...að goðsögnin Roger Milla er elstur allra sem tekið hafa þátt í HM sem leikmenn?

...að hann er jafnframt elstur allra til að skora á HM?

...að bæði metin sló hann í leik gegn Rússum árið 1994? Hann var þá 42 ára og 39 daga gamall.

...að í sama leik sló Oleg Salenko annað met? Hann skoraði 5 mörk í einum og sama leiknum.

...að Claudio Suarrez er leikjahæsti landsliðsmaður í heimi? Hann lék 171 landsleik fyrir Mexíkó á árunum 1992 til 2003.




Verð nú aðeins kr.
59.000.-
Verð áður kr. 75.000.-



Verð nú aðeins kr.
59.000.-
Verð áður kr. 79.000.-



Verð nú aðeins kr.
49.000.-
Verð áður kr. 65.000.-
Með leðri kr. 65.000.- Verð áður kr. 89.000.-

Hvíldarstólar
Jóla tilboðsverð
Vandaðir hvíldarstóll,alklæddir leðri með skemli, ruggu og snúning.
www.valhusgogn.is
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið til kl. 19:00 Sími 581-2275 ■ 568-5375

MAÐUR & KONA
LAUGAVEGI
Laugavegur 7, 101 Reykjavík, sími 56 11 5 11



Maður & kona er ný snyrtivöruverslun við Laugaveg með glæsilegt úrval af snyrtivörum frá: Cartier, Givenchy, Burberry, Paul Smith, Moschino, Versace, Dolce & Gabbana, Roberto Cavalli, Britney Spears, Gant og fleirum.

CHANEL
GUERLAIN
MARBERT
Elizabeth Arden

Við óskum ykkur til hamingju með þessa glæsilegu verslun!
FORVAL
FABRIKAN

## AF NETINU

### Svanasöngur

Það mætti hreinlega halda að Framsóknarflokkurinn væri að syngja sitt síðasta þegar litið er yfir svið stjórnmálanna árið 2005. Flokkurinn með forsætisráðuneytið mælist nánast án undantekninga vel undir tveggja stafa tölunni tíu í könnunum og varla á höfuðborgarsvæðinu. Í kjördæmi formanns Framsóknar og forsætisráðherra landsins! Makalaus staða við fyrstu sýn en vel skiljanleg þegar rýnt er í atburði síðustu missera.
Björgvin G. Sigurðsson á bjorgvin.is

### Mogginn blífur

Morgunblaðið er eini prentmiðillinn, sem stendur undir nafni, hinir eru að raða efni í kringum auglýsingar, fyrir utan DV, sem verður daglegra verra (DV) eins og einhver sagði einhvers staðar og á hann örugglega eftir að fá í staðinn tituprjónstungu frá ritstjórn DV. Reynsla mín er sú, að alltaf þegar ég nefni DV og gagnrýni hér á síðunni, er fundið að mér á einn eða annan veg í blaðinu. Vegsaukinn kemur úr ólíklegustu áttum.
Björn Bjarnason á bjorn.is

### Samkoma andans manna

Egill [Helgason] bað mig taugastrekktur að koma með bókastafla til sín inn í stúdíóið. Þrátt fyrir stressið gekk allt snuðrulaust fyrir sig. Hannes Hólmsteinn heilsaði mér afar vinsamlega að fyrra bragði, ég hef ekki hitt hann áður, merkilegt nokk; hann sagðist hafa lesið eftir mig. Auglýsjlega hef ég einhvern tíma bloggað mig í mjúkinn hjá honum. [...] Halldór Guðmundsson bauð mér far eftir útsendingu niður á Laufásveg, líklega var hann á sama jeppanum og ég stakk mér upp í gleraugnalaus árið 2001, þegar ég hélt að hann væri Páll Þorsteinsson.
Ágúst Borgþór Sverrisson á agustborgthor.blogspot.com

### Hinn nýi níhilismi

Ein helsta ástæða þess að börn trúa því þetta lengi á jólasveininn er sú staðreynd að foreldrarnir bakka upp lygina. Börn trúa foreldrum sínum og eru því til í að horfa fram hjá vísbendingum um hið gagnstæða. Það er því mikil opinberun þegar barnið kemst með eigin rökhugsun að þeirri niðurstöðu að foreldrarnir hafi logið að því. Oftar en ekki svara börnin fyrir sig með því að ljúga á móti. Þau sjá í gegnum sveinka-sögurnar, en þykjast trúa til að fá gotterí og leikföng.
Stefán Pálsson á kaninka.net/stefan

### Öll athygli er góð athygli

Frægasti maður í heimi sem hefur fengið afar lofsamlega dóma svo ekki sé kveðið fastar að orði fékk verðlaun í Fréttablaðinu í dag. Tvær stúlkur völdu kápuna á lista yfir verstu kápur og var bókin sú eina sem fékk tvær tilnefningar. Ég tel því eðlilegt að ég standi uppi sem sigurvegari. Er þetta ágætis sárabót eftir að horft var fram hjá bókinni í vali til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem og verðlaun bókabúða.
Kristjón Kormákur Guðjónsson á kristjon.blogspot.com














# Gott framtak borgarstjóra

UMRÆÐA
HÆKKUN LÆGSTU LAUNA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

*Og hinn nýi útvarpsstjóri ríkisútvarpsins hefur nýlega ráðið fjölmarga nýja starfsmenn frá Stöð 2 á ofurlaunum. Það þarf að upplýsa um þau laun.*

Undanfarna mánuði hefur ríkt vandræðaástand í leikskólum Reykjavíkurborgar vegna manneklu. Það hefur ekki tekist að fá nægilega marga starfsmenn í leikskólana vegna lágra launa þar. Lág laun í ýmsum umönnunarstörfum, t.d. á hjúkrunarheimilum aldraðra, eru til skammar. Allir virðast sammála um að hækka þurfi laun fólks í þessum störfum. Rekstur leikskóla og hjúkrunarheimila er svo mikilvægur að menn geta ekki hugsað þá hugsun til enda hvernig ástandið væri ef rekstur þessara stofnana stöðvaðist.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sýndi mikla röggsemi er hún beitti sér fyrir myndarlegri hækkun á launum aðstoðarfólks á leikskólum nú fyrir skömmu þegar gera þurfti nýja samninga við þetta fólk og aðra, er vinna samkvæmt samningum Eflingar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Steinunn Valdís sýndi mikinn dugnað og kjark, er hún gerði þessa samninga. Ef til vill afstýrði hún stöðvun leikskólanna með þessum nýju samningum. Hún á þakkir skilið fyrir.

Það hefði mátt ætla, að almenn ánægja mundi ríkja eftir gerð þessara samninga. En það er nú öðru nær. Það hefur verið ráðist harkalega á Steinunni Valdísi borgarstjóra vegna samninganna. Málsmetandi stjórnmálamenn og bæjarstjórar hafa verið þar fremstir í flokki. Og hver er ástæðan? „Jú, samningarnir geta valdið verðbólgu og komið af stað launaskriði." Ja, heyr á endemi. Eiga nú nokkrir ófaglærðir starfsmenn á lægstu launum í leikskólum borgarinnar að geta ógnað stöðugleikanum.

Ríkið hefur gert fjölmarga samninga á undanförnum misserum, sem hafa verið mun varasamari að þessu leyti til en umræddir samningar Reykjavíkurborgar. Og hinn nýi útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins hefur nýlega ráðið fjölmarga nýja starfsmenn frá Stöð 2 á ofurlaunum. Það þarf að upplýsa um þau laun. Í einkageiranum tíðkast miklar yfirborganir og ofurlaun. Forstjórar fyrirtækjanna skammta sér milljónir í laun á mánuði. Bankastjórar og bankaráðsformenn eru á ofurlaunum og taka sér sumir hverjir hundruð milljóna samkvæmt kaupréttarsamningum. En laun aðstoðarmanna á leikskólum voru rúmar eitt hundrað þúsund kr. á mánuði. Lægstu byrjunarlaun voru 114 þúsund kr. Þau hækka við nýju samningana í 130 þús kr. á mánuði. Þessi hækkun ógnar engum stöðugleika.

Hækkun lægstu launa á ekki að vera öðrum, sem hafa góð laun, tilefni til þess að krefjast kauphækkunar. Menn verða um hríð að sætta sig við að launabilið minnki. Hækkun lægstu launa hjá Reykjavíkurborg á ekki að valda verðbólgu eða launaskriði.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# *Byggjum brú til Landeyjar*

UMRÆÐAN
SAMGÖNGUR TIL VESTMANNAEYJA



HALLGRÍMUR AXELSSON

*Vöruhöfn tryggði flutninga beint inn á svæðið, eitthundrað sjómílna styttri sigling er frá Evrópu heldur en til Reykjavíkur. Frá Vestmannaeyjum til Landeyjar yrðu allt eftir staðsetningu fimmtán til tuttugu sjómílur. Sigling með hraðskreiðri ferju á milli tæki um eina klukkustund.*

Ríkidæmi Íslendinga hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Það þurfti sérstakan skatt og tuttugu ár til að koma upp þjóðarbókhlöðu fyrir um tuttugu til fjörutíu árum. Í dag er næsta sjálfsagður hlutur að byggja Tónlistarhús, Óperuhús, hátæknisjúkrahús, Flugstöð og bara nefndu það.

Til skoðunar hefur verið að grafa göng milli lands og Vestmannaeyja. Kostnaður við slíka framkvæmd er sagður gríðarlegur og berglögin, sem þarf að fara gegnum, óhagstæð; sprungin og laus í sér á köflum. Í þessari grein er kynntur annar valkostur, bygging Landeyjar við suðurströndina tengdri fastlandinu með brú.

Suðurlandsundirlendið er stærsta byggilega, samfellda láglendi Íslands og jafnframt stærsta landbúnaðarsvæði landsins. Ekki vantar byggingarland, nægt land er fyrir borgarbyggð, íbúðahús, atvinnu- og þjónustuhúsnæði að ótöldu rými fyrir flugvöll og jafnvel álver.

Vöruhöfn tryggði flutninga beint inn á svæðið, eitthundrað sjómílna styttri sigling er frá Evrópu heldur en til Reykjavíkur. Frá Vestmannaeyjum til Landeyjar yrðu allt eftir staðsetningu fimmtán til tuttugu sjómílur. Sigling með hraðskreiðri ferju á milli tæki um eina klukkustund.

Frá Suðurkjálka austur á Höfn í Hornafirði hefur Vestmannaeyjahöfn verið eina lífhöfnin. Í Landey yrði önnur lífhöfn og hver veit þegar nýir tímar renna upp að nýjar eyjar með lífhöfn verði byggðar austar t.d. við Vík og jafnvel Ingólfshöfða.

Að gera höfn beint inn í suðurströndina getur reynst erfiðleikum bundið vegna þess að stöðugur efnisflutningur náttúruaflanna fer meðfram ströndinni, bæði möl og sandur. Ef byggð væri höfn beint inn í ströndina þyrfti stöðugt að vinna við dýpkun innsiglingarinnar. En höfn í Landey mundi á óverulegan hátt hindra efnisflutninginn utan og innan eyjarinnar.

Hugmyndin að slíkri lausn er ekki mín, en vonandi vekur þessi grein umræðu og athugun.

*Höfundur er verkfræðingur.*

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Jólaskelfir í Geithaganum

UMRÆÐAN
FJÖLMENNINGARSAMFÉLAGIÐ



EINAR KARL HARALDSSON

*Kristnir menn hafa ákveðið að halda þau hátíðleg út af sögulegum atburði sem bar til á jólanótt. Það er okkar trú og kemur ekki í veg fyrir að aðrir gleðjist út af til að mynda sólarganginum. Ég er ekki hrifinn af einmenningu eins og þeir skoðanabræðurnir Bush og Sverrir.*

Mikil skelfing hefur gripið um sig á leikskólanum Geithaganum í Huskvarna í Svíþjóð. Þar er nú verið að segja sögur af sveinunum þeim sem brugðu sér hér forðum á bæina heim. Sögumaður er lítill sveinn sem er bæði lagviss og næmur, segist heita Stúfur og á jólasveinabúning. Með ógnandi látbragði og tilheyrandi dansi kyrjar hann yfir vinum sínum Ajoup, Daniel, Moussa, Wilmu og Tilde: „Þið kannist við jólaköttinn..." og það er ekki nema von að þau verði hrædd. Eins og alþjóð veit leggst jólakötturinn á fátæka fólkið sem fær enga nýja spjör og er heldur ekki frýnilegur með kampana beitta sem brodda „og upp úr bakinu kryppa há", að sögn Jóhannesar úr Kötlum.

Ekki minnkar skelfingin þegar upplýst er að foreldrar jólasveinanna séu þau Leppalúði og Grýla, sem stingur óþekkum börnum í poka til þess að hafa í matinn þegar hentar. Og Einar Steinn, en svo heitir sögumaður, á það líka til að halda fyrirlestra um það á leikskólanum að séu börnin ekki auðsveip og hlýðin foreldrum sínum á jólaföstunni muni jólasveinarnir setja kartöflu í skóinn. Börn í Svíþjóð fá ekki í skó, hafa aldrei heyrt um þennan nýtilkomna sið á Íslandi, og eiga því bágt með að skilja þessa íslensku uppeldisfræði.

Fóstrurnar í Geitahaganum hafa aldrei heyrt annað eins. Hverskonar menning er eiginlega þarna á Íslandi? Hvað á það að þýða að hræða líftóruna úr börnunum svona rétt fyrir jólin? Er þetta ekki bara barnfjandsamlegt?

Einu sinni var sagt um Svía að þeir væru leiðinlegir í veislum en góðir við börn. Og svo mikið er víst að rétthugsandi menn þar í landi tóku sig á tímabili til og fóru að endurskrifa ævintýrin þannig að úr þeim varð öll ógn og skelfing. Og auðvitað var fullt tillit tekið til allra hópa eins og hjá James Finn Garner í Mjallhvíti og lóðrétt skertu sjömenningunum.

**Kátt er á jólunum!**

Þetta datt mér í hug þegar ég las grein Sverris Jakobssonar, dálkahöfunds í Fréttablaðinu 17. desember, þar sem hann heldur að lesendum þeirri alfræðibókavisku að kristnir menn hafi stolið jólunum. Ég viðurkenni fúslega að þegar jólasiðir eru annars vegar þá er ég býsna þjófóttur. Jólafastan og jólin hjá mér eru hræringur úr íslenskum og sænskum siðum, kaþólskum og lútherskum og til skrauts eru fornir frjósemis- og sólrisusiðir. Sumt af þessu tek ég alvarlega en af öðru hef ég gaman. Ég tel ekki að neinn hafi skaðast af þessum þjófnaði. Þvert á móti gerir hann bæði mitt líf og annarra skapandi og skemmtilegt.

Jólunum hefur ekki verið stolið frá neinum. Kristnir menn hafa ákveðið að halda þau hátíðleg út af sögulegum atburði sem bar til á jólanótt. Það er okkar trú og kemur ekki í veg fyrir að aðrir gleðjist út af til að mynda sólarganginum. Ég er ekki hrifinn af einmenningu eins og þeir skoðanabræðurnir Bush og Sverrir. Bandaríkjaforseti er hættur að bjóða gleðileg jól af tillitssemi við Gyðinga, og býður nú gleðilegar hátíðir. Mér finnst það óþarfa pennaleti. Af hverju er ekki hægt að bæta við kveðju sem hæfir Gyðingum um þetta leyti árs?

**Lifi fjölbreytnin!**

Um 5 prósent Íslendinga eru af erlendu bergi brotnir og þeim fer hratt fjölgandi. Það væri skemmtilegt ef fjölmiðlar gerðu sér far um að kynna siði þessara landa okkar. Hvaða kveðjur hæfa t.d. þegar við umgöngumst Íslendinga sem eiga rætur í víetnamskri eða thailenskri menningu á þeirra hátíðisdögum? Við höfum tekið matarmenningu þeirra fagnandi sem viðbót í okkar matarflóru, en erum við ekki býsna áhugalaus um þeirra siði að öðru leyti? Stendur ekki eitthvað í alfræðibókunum um þá?

Aum er sú fjölmenning sem byggir á því að draga frá, leggja niður og hætta við en ekki á því að bæta við, blanda saman og byggja ofaná. Hún verðskuldar að kallast einmenning og það má undarlegt heita að þeir sem telja sig vera mesta vini fjölmenningar skuli hamast gegn fjölbreytninni.

Að þessu skrifuðu óska ég lesendum gleðilegra jóla, árs og friðar!

*Höfundur er varaþingmaður Samfylkingarinnar.*




## AF NETINU

**Skýtur skökku við**

Unnur Birna sannfærði kvenréttindakonur á Íslandi og heillaði þær upp úr skónum. Kvenréttindafélag Íslands sendi henni bréf í Fréttablaðinu í dag þar sem henni er óskað til hamingju og gefin gjöf, bók um kvenréttindabaráttu á Íslandi. En í bréfinu er einnig tekið fram að félagið „sé ekki hlynnt fegurðarsamkeppnum". Það hlýtur að skjóta skökku við ef félagið er á annað borð að hafa uppi jákvæða umræðu um keppni af slíku tagi.

**Sverrir Ingi Gunnarsson á djoflaeyjan.com**

**Þetta eru asnar, Ásgeir.**

Allir eru að reyna að brjótast úr glæstri meðalmennskunni enda eins og fávitar. Fara í uppreisn gegn velferðinni og þægindunum með því að fara á bætur og ganga í Vinstri-græna. Þessir menn nota eiturlyf og ferðalög á kostnað foreldra sinna til þess að finna sjálfan sig og halda úti góðri bloggsíðu.

**Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason á deiglan.com**

## ÁRÉTTING

Með grein Kristins Snælands um jafnréttismál, sem birtist í gær, var mynd af Árna Magnússyni félagsmálaráðherra og Fanný Gunnarsdóttur hjá Jafnréttisráði. Tekið skal fram að efni greinarinnar tengist Fanný ekki.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

**Veldu Focus C-Max** www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

Ford

*Nýtt tákn um gæði*

**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max**

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér nýárstilboð Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

**Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.**

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

**Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar**

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | 1.845.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | 2.070.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| Verð með nýársuppbót | 2.260.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

**Veldu Ford Focus C-Max**

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (140% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. [1)]Aðeins með 2 lítra vél.

**HARVEY FIRESTONE (1868-1938)**
**LÉST ÞENNAN DAG**

*„Leið frumkvöðulsins er alltaf ógreiðfær.“*



*Harvey Firestone var bandarískur frumkvöðull í bílaframleiðslu.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 20. DESEMBER 1973

# *Forsætisráðherra myrtur*

Þennan dag árið 1973 var spænski forsætisráðherrann, Luis Carrero Blanco, myrtur í bílsprengingu í Madrid höfuðborg Spánar.

Forsætisráðherrann, sem var sjötugur, var á leið úr messu ásamt lífverði sínum þegar fjarstýrð sprengja sprakk nálægt bíl hans. Ráðherrann og lífvörðurinn létust samstundis og fjórir vegfarendur slösuðust. Sprengingin var svo öflug að hún þeytti bíl forsætisráðherrans yfir þak kirkjunnar sem hann hafði setið messu í. Bíllinn lenti á annarri hæð byggingarinnar við hlið kirkjunnar og olli miklum skemmdum.



Lögreglan í Madrid staðfesti ekki dauða ráðherrans fyrr en sex tímum eftir sprenginguna. Rannsókn leiddi í ljós tilræðið var vel skipulagt. Ódæðismennirnir höfðu grafið göng undir götuna sem ráðherrann var vanur að keyra eftir að hann kom úr messu, og höfðu komið sér fyrir hinum megin við götuna.

Dauða forsætisráðherrans bar að garði fimmtán mínútum áður en réttarhöld yfir tíu andstæðingum ríkisstjórnar Francos áttu að hefjast. Þeir voru handteknir 18 mánuðum fyrr í kirkju í Madrid og sakaðir um að standa að ólöglegri samkomu. Mikil mótmæli fylgdu réttarhöldunum og mörg þúsund mótmælendur höfðu lent í útistöðum við lögregluna. Talið var að sprengingin tengdist réttarhöldunum og að verið væri að senda skilaboð til stuðningsmanna Francos.

Luis Carrero Blanco var fyrsti spænski ráðherrann í 34 ár sem var myrtur. Þar áður var ráðherra myrtur í borgarastríði landsins árið 1939.

Talið var að baskneskir þjóðernissinnar stæðu á bakvið morðið á Blanco til að hefna fyrir aftöku baskneskra hermanna en enginn lýsti morðinu á forsætisráðherranum á hendur sér.

## MERKISATBURÐIR

**1860** Suður-Karólína verður fyrsta ríkið sem segir sig úr ríkjasambandi Norður-Ameríku.

**1915** Síðustu áströlsku hersveitirnar fara frá Gallipoli í Tyrklandi.

**1917** Fyrsta sovéska leyniþjónustan, Cheka, er stofnuð.

**1989** Hernaðaraðgerð Bandaríkjamanna í Panama hefst til þess að steypa ríkisstjórn Manuel Noriega af stól.

**1995** Friðarviðræður hefjast í Bosníu að frumkvæði NATO.

## ANDLÁT

**Hafrún Hafsteinsdóttir**, Torfufelli 31, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 16. desember.

**Salvör Gottskálksdóttir**, Bröttukinn 25, lést á St. Jósepsspítala föstudaginn 16. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Hermann Guðmundsson**, símstöðvarstjóri frá Súgandafirði, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Sigurður Arnar Róbertsson** verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



**FLÓÐ** Mikil flóð hafa sett allt úr skorðum á stóru svæði í suðurhluta Tælands og hafa allt að 30 manns látist vegna þeirra hingað til. Loka hefur þurft stórum hluta stærstu borgar suðurhluta landsins, Hat Yai, vegna flóðanna en miklar rigningar hafa verið á því svæði að undanförnu.

## AFMÆLI

**Sunna Borg** leikkona er 59 ára.

**Ólafur Haukur Johnson**, skólastjóri Hraðbrautar, er 54 ára.

**Elinóra Inga Sigurðardóttir**, formaður Landsambands Hugvitsmanna, er 52 ára.

**Guðmundur Þóroddsson**, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, er 48 ára.

**Stefán Snær Konráðsson**, framkvæmdastjóri ÍSÍ, er 47 ára.

**Stefán Hjörleifsson**, gítarleikari í Nýdönskum, er í 41 árs.

**Teitur Þorkelsson**, fyrrverandi fréttamaður, er 36 ára.

**Flosi Eiríksson**, bæjarfulltrúi í Kópavogi, er 36 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1629** Pieter de Hooch, hollenskur málari.
**1786** Pietro Raimondi, ítalskt tónskáld.
**1927** Kim Young-sam, forseti Suður-Kóreu.
**1946** Uri Geller, ísraelskur miðill.
**1980** Ashley Cole, enskur knattspyrnumaður.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**



**LANDSPÍTALINN VIÐ HRINGBRAUT** 75 ár eru liðin síðan starfsemi hófst í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**LANDSPÍTALINN VIÐ HRINGBRAUT:** TEKINN Í NOTKUN FYRIR 75 ÁRUM

# Varð til fyrir áorkan kvenna

Starfsemi hófst á Landspítalanum við Hringbraut 20. desember 1930. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði húsið sem í hugum margra er eitt hið glæsilegasta á Íslandi. Framkvæmdir hófust 1926 og í júní það ár lögðu dönsku konungshjónin hornstein að húsinu en þau voru þá í opinberri heimsókn á Íslandi. Það voru íslenskar konur sem beittu sér hvað harðast fyrir byggingu spítalans og gerðu þær það af því tilefni að árið 1915 var konum veittur kosningaréttur með breytingu á lögum. Stofnuðu þær þá til Landspítalasjóðs og söfnuðu peningum til byggingarinnar.

Áður höfðu Kleppsspítali og Vífilstaðaspítali verið reistir en starfsemi spítalanna þriggja var sameinuð undir merkjum ríkisspítala árið 1935. Enn áður hafði Landakotsspítali verið reistur.

120 sjúkrarúm voru á Landspítalanum fyrst um sinn og fyrsta daginn sem spítalinn var opinn leituðu þrír sjúklingar bót meina sinna. Guðmundur Thoroddsen var fyrsti yfirlæknir Landspítalans.

Fyrir nokkrum árum voru ríkisspítalar sameinaðir Borgarspítalanum í Fossvogi og úr varð Landspítali-háskólasjúkrahús. Er það einn stærsti vinnustaður landsins með vel á fimmta þúsund starfsmenn.

Fjölmörg hús tengd starfsemi Landspítala hafa verið byggð á nærliggjandi lóðum og raunar fer starfsemi á hans vegum fram í tugum húsa, víða um höfuðborgarsvæðið. Fyrir dyrum standa stórfelldar framkvæmdir, reisa á svonefnt hátæknisjúkrahús á Landspítalareitnum við Hringbraut sem kosta mun tugi milljarða króna.

Til marks um breytingarnar sem orðið hafa með árunum má nefna að í stað eins yfirlæknis við spítalann árið 1930 fylla yfirlæknarnir nú vel á sjöunda tuginn og yfir þeim eru sviðsstjórar. Magnús Pétursson er forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Eins og áður sagði teiknaði Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, Landspítalann og þykir húsið einkar fallegt. Guðjón teiknaði fjölmargar glæsibyggingar í Reykjavík og má þar nefna aðalbyggingu Háskóla Íslands, Landakotskirkju og Þjóðleikhúsið. ■




†

*Elskuleg fósturdóttir okkar*

**Hafrún Hafsteinsdóttir**
Torfufelli 31, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 16. desember. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 13.00.

Fyrir hönd barna hennar og annarra vandamanna.

**Helga H. Friðriksdóttir** **Ólafur Gunnarsson**





†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Elsa Ágústsdóttir**
Digranesheiði 45, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 30. nóvember. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Þökkum sýnda vinsemd og hlýhug. Innilegar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild 11G fyrir góða aðhlynningu í veikindum hennar.

**Garðar Jóhannesson**
**Sigurlaug Garðarsdóttir** **Sigvaldi Gunnarsson**
**Jóhanna Ólöf Garðarsdóttir** **Axel G. Guðjónsson**
**Dagrún Linda Garðarsdóttir** **Daníel J. Pálsson**
**Bryndís Garðarsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**





†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Lúthersdóttir**

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Magnús Haukur Kristjánsson**
**Lárus Ingi Kristjánsson** **Lára Gunnarsdóttir**
**Eymundur Kristjánsson**
**Hilmar Kristjánsson**
**Helga Ragnhildur Kristjánsdóttir** **Grímur Örn Grímsson**
**Inga Lára Kristjánsdóttir** **Alf Berntson**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu, Alla, Eymundur og Guðjón.**





†

*Ástkær móðir okkar, systir og fósturdóttir,*

**Ólöf Guðjónsdóttir**

lést 12. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. desember kl 11.00.

F.h. annarra vandamanna.

**Marvin Ingólfsson** **Þóra Björk Ingólfsdóttir**
**Ingi Guðjónsson** **Margrét Ólafsdóttir**

# Loksins á DVD

## vinsælasta barnaefni allra tíma




2.999

**Nýju þættirnir úr sjónvarpinu komnir á DVD**

- Latibær er bráðskemmtilegt barnaefni sem sannarlega hefur slegið í gegn um allan heim og hefur nú verið sýnt í yfir 20 þjóðlöndum
- Hér eru krakkarnir úr Latabæ ásamt hinum ofurhressa íþróttaálfi mætt á frábærum DVD diski sem á er að finna yfir 90 mín. af skemmtilegu og fræðandi fjöri
- Hefur að geyma fjóra þætti úr fyrstu seríu, Velkomin til Latabæjar, Glannfinnur læknir, Íþróttadagur og Hetja í einn dag

**Dýrin í Hálsaskógi**

- Þetta frábæra barnaleikrit sem öll þjóðin þekkir er nú komið á DVD
- Kvikmyndað á stóra sviði Þjóðleikhússins
- Hlaut Grímuna sem barnasýning ársins 2004
- Hér í flutningi frábærra leikara og tónlistarmanna
- Myndin er sett upp fyrir breiðtjald og hljóðsett fyrir heimabíó




2.999

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.323 +0,26%**

**Fjöldi viðskipta:** 171
**Velta:** 1.810 milljónir

MESTA HÆKKUN
**Dagsbrún +1,64%**
**Mosaic Fashions +1,13%**
**Landsbankinn +0,83%**

MESTA LÆKKUN
**Atorka Group -0,83%**
**Actavis -0,61%**
**FL Group -0,58%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 48,90 -0,60% ... Bakkavör 51,50 +0,60% ... FL Group 17,30 -0,60% ... Flaga 4,90 +0,00% ... HB Grandi 9,55 +0,50% ... Íslandsbanki 17,10 +0,00% ... Jarðboranir 24,30 +0,00% ... KB banki 698,00 +0,40% ... Kögun 59,80 -0,30% ... Landsbankinn 24,40 +0,80% ... Marel 65,00 +0,00% ... SÍF 4,18 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,60 +0,00% ... Össur 114,50 +0,00% (tölur samkvæmt Kauphöll Íslands kl. 14.45)

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningskápurinn...*

### Kartöflur í skóinn

Eins og flestum er kunnugt er jólasveinninn til þótt einstaka prestur reyni að draga í efa tilvist hans. Það sem meira er, jólasveinninn er réttlátur og verðlaunar og refsar í samræmi við ströngustu staðla í codex eticus jólasveinanna. Þannig fá góðu börnin góðgæti og nytjahluti í skóinn en þau óþekku fá kartöflu. Jólasveinarnir sem fylgjast með fjármálafyrirtækjum eru lítið fyrir að gefa eitthvað gott í skóinn en því viljugri að skella einni og einni kartöflu í skóinn hjá þeim sem þeir fylgjast með. Fyrir þessi jól eru komnar tvær kartöflur í skó fjármálafyrirtækja: Íslandsbanki fékk eina frá íslenskum kauphallarjólasveini og KB banki fékk eina frá norskum eftirlitsjólasveini. Til gamans má geta þess að Norðmenn eru miklar kartöfluætur.



### Danska á sunnudögum

Fréttir af áhuga Dagsbrúnar á eignum norska fyrirtækisins Orcla. Meðal þeirra eigna sem Danir í það minnsta búast við að áhugi sé á eru Berlingske Tidende, síðdegisblaðið BT og fríblaðið Urban. Dagsbrún er móðurfélag 365 fjölmiðla og hér á bæ ýmist dusta menn rykið af dönskunni sinni eða harma slugs í skóla við nám á því ágæta tungumáli. Ein er sú hugmynd að taka upp þann gamla sið að tala dönsku á sunnudögum en tvö bæjarfélög héldu þeim sið hvað lengst, Akureyri og Stykkishólmur, og hafa þeir löngum þótt danskir bæir. Frá Stykkishólmi er einmitt stjórnarformaður Dagsbrúnar, Þórdís J. Sigurðardóttir

## MARKAÐSPUNKTAR

Íslenska krónan hafði veikst töluvert um hádegi í gær eða um rúmt eitt prósent. Greining Íslandsbanka spáir veikingu krónunnar en hún muni svo styrkjast á fyrstu mánuðum nýs árs.

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði verulega í nóvember eða um 3,1% samkvæmt vísitölu fasteignamats ríkisins. Verð á fjölbýli hækkaði um 2,5 prósent í mánuðinum en verð á sérbýli hækkaði meira eða um 5 prósent að því er fram kemur í fréttum Íslandsbanka.

Gengi í bréfum Dagsbrúnar, móðurfélags 365 miðla, hækkaði við opnun Kauphallar Íslands í gær. Nam hækkunin tæpum tveimur prósentum, en um helgina bárust fréttir af því að félagið hyggðist gera tilboð í fjölmiðlafyrirtæki sem meðal annars gefur út Berlinske Tidende.



**EÐLILEG VIÐBRÖGÐ** Orkuveitan mun leita eftir tilboðum í hlut sinn í Jarðborunum. Forstjóri Atorku telur að um eðlileg vinnubrögð sé að ræða.

# Atorka heldur sínu striki

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á laugardaginn hefur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur ákveðið að leita eftir tilboðum frá fjárfestum í þrettán prósenta hlut sinn í Jarðborunum.

Atorka Group, sem hefur lagt fram yfirtökutilboð í Jarðboranir, sem rennur út um miðbik janúar, hyggst halda sínu striki og ætlar ekki að breyta skilmálum tilboðsins. Magnús Jónsson, forstjóri Atorku, segir að það hafi verið hið eðlilegasta mál hjá stjórn Orkuveitunnar að leita eftir tilboðum.

Hluthafar Jarðborana fá 25 krónur fyrir hvern hlut sinn í skiptum fyrir bréf í Atorku á genginu 6. Tilboðsverðið hefur verið gagnrýnt af greiningardeild KB banka sem finnst það of lágt.

- eþa

# Óbreytt stefna Seðlabanka

Japanski seðlabankinn hefur enn ekki tekið ávörðun um framtíðarstefnu í peningamálum. Stefna bankans í dag er að halda skammtímavöxtum nálægt núll prósentum til að vinna á verðhjöðnun. Seðlbankinn hefur staðfest að hann muni halda sig við núverandi stefnu þar til neysluverðsvísitalan fer að sýna stöðugan stíganda.



**FJÁRFESTINGAR ERLENDRA AÐILA, JAPANI,**

# Google 1 - Gates 0

AOL dóttufyrirtæki Time Warner hefur náð samkomulagi að Google muni áfram sjá notendum AOL fyrir netvafra eins og þeir hafa gert síðastliðin þrjú ár. Samningurinn er metinn á um sex milljarða íslenskra króna.

Microsoft var talið líklegast til að hreppa hnossið en upp úr samningum milli AOL og Microsoft slitnaði.

Fyrir níu árum komst Netscape að samkomulagi við AOL um vafraþjónustu en Microsoft tókst að stela þeim viðskiptum á síðustu stundu. Aðstæður Microsoft minna um margt á Netscape fyrir níu árum.



**BILL GATES** Aðaleigandi Microsoft.

Google hefur í hyggju að fjárfesta fyrir um milljarð dollara í AOL og eignast við það fimm prósent í fyrirtækinu.

# Dagsbrún hyggur fjölmiðlakaup í Skandinavíu

**Dagsbrún, móðurfélag 365 miðla og Og Vodafone, skoðar kaup á fjölmiðlafélaginu Orkla Media, sem gefur meðal annars út Berlingske Tidende, síðdegisblaðið BT og fjölda tímarita og dagblaða á Norðurlöndum.**



**SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON OG ÞÓRDÍS J. SIGURÐARDÓTTIR** Orkla Media er til sölu í heild sinni eða að hluta. Dagsbrún skoðar fyrirtækið en eitt af markmiðum íslenska félagsins er útrás.

Fyrirtækið er í eigu norsku fyrirtækjasamsteypunnar Orkla, sem á Elkem móðurfélag Íslenska járnblendifélagsins.

Dagsbrún hefur haft það á stefnuskrá sinni að vaxa út á við og er þetta liður í þeirri stefnu. Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, segir að félagið hafi til skoðunar Orkla Meda í heild sinni sem og hluta þess en engar ákvarðanir liggi fyrir um kaup.

Danska blaðið Beringske Tidende fjallar um þessa hugsanlegu fjárfestingu Dagsbrúnar og telur að stjórnendur og eigendur þess horfi á kaupin á Berlingske sem stökkpall til frekari vaxtar í Danmörku. Í greininni er sagt að Baugur, stærsti eigandinn í Dagsbrún, sækist eftir illa reknum fyrirtækjum með mikið sjóðsstreymi og líkist því ekki alvöru fyrirtæki heldur meira áhættufjárfestingarsjóði. Berlingske Tidende hefur verið rekið með tapi í mörg ár og verður það skoðað hvaða kostir eru í stöðunni að snúa blaðinu við.

Berlingske hefur það eftir Skarphéðni Berg Steinarssyni, framkvæmdastjóra hjá Baugi, að Orka Media sé það stórt félag að stærstu hluthafar Dagsbrúnar þyrftu að leggja fram aukið hlutafé. Markaðsvirði Dagsbrúnar er um 24 milljarðar króna en talið er að verðmæti Orkla Media sé á bilinu 80-90 milljarðar króna eða meira en þrisvar sinnum verðmætara en Dagsbrún.

Velta Dagsbrúnar nam ellefu milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og var hagnaður félagsins um 550 milljónir króna.

**eggert@frettabladid.is**

# Novator býður í pólskt símafyrirtæki

Novator Telecom Poland, fyrirtæki undir stjórn Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur gert tilboð í þrettán prósenta hlut í pólska símafyrirtækinu Netia. Fyrir á Novator tíu prósenta eignarhlut í Netia en stefnir á að eignast fjórðungshlut í félaginu segir í fréttatilkynningu félagsins. Tilboð Novator er um átta prósentum hærra en gengi Netia var við lokun markaða á föstudag sem þá var 6,15 pólsk Zloty en Netia er skráð í kauphöllinni í Varsjá. Tilboðið mun taka gildi 29. desember og renna út þann 13. janúar.

Um ástæður tilboðsins segir Björgólfur að honum litist vel á pólska fjarskiptamarkaðinn. „Pólverjar eru ein af stórþjóðum Evrópu. Hagkerfið er í örum vexti og notkun farsímaþjónustu eykst þar hröðum skrefum.“



**BJÖRGÓLFUR THOR**

Björgólfur vill styrkja tengsl Netia við hið nýja fyrirtæki P.4. sem er sjötíu prósent í eigu Novator en Netia á þrjátíu prósent. P.4. fékk á árinu leyfi til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfa.

Netia hóf starfsemi á pólskum fjarskiptamarkaði árið 1994 og er í dag með um 30 prósenta markaðshlutdeild í Póllandi. Stærstu eigendur félagsins í dag eru breskir fjárfestingasjóðir.

Björgólfur Thor og Novator eiga í dag hluti í fjarskiptafyrirtækjum í Finnlandi, Tékklandi, Búlgaríu, Grikklandi og Póllandi. ■

FRJÁLSI
Hagstæðasta bílalánið
Lægri vextir og ekkert lántökugjald
Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lágmúla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is

# JÓLAPAKKAR OFFICE 1

## Case Logic® verndar eigur þínar.
## Case Logic® fæst í Office 1.

### Myndavélataska
Taska fyrir digital myndavélar.
Vörunúmer: TBC2
**995,-**

### Myndavélataska
Taska fyrir stærri digital myndavélar
Vörunúmer: TBC4
**1.995,-**

### Myndavélataska
Taska fyrir digital myndavélar.
Vörunúmer: TSC1
**995,-**

### Myndavélataska
Taska fyrir digital myndavélar.
Vörunúmer: TSC3
**1.495,-**

### Geisladiskataska
Hörð taska fyrir 24 geisladiska.
Vörunúmer: CDE24
**1.395,-**

### Geisladiskataska
Hörð taska fyrir 48 geisladiska.
Vörunúmer: CDE48
**1.895,-**

### Geisladiskataska
Hörð taska fyrir 72 geisladiska.
Vörunúmer: CDE72
**2.995,-**

### Geisladiskataska
Nælontaska fyrir 48 geisladiska.
Vörunúmer: QCW64
**2.995,-**

### DVD taska
Taska fyrir 40 DVD diska með kápum. Vörunúmer: DVB40
**2.995,-**

### Multimedia taska
Vörunúmer: DMM120
**4.995,-**

### Multimedia taska
Multimedia taska fyrir heimilið.
Vörunúmer:HCD96B og HCD96K
**3.995,-**

### iPod töskur
Leðurtöskur fyrir Mini iPod spilara.
Vörunúmer: ICM2
**2.995,-**

### Fartölvubakpoki
Fartölvubakpoki Professional fyrir 15,4".
Vörunúmer: KLB15
**12.995,-**

### Fartölvutaska
Fartölvutaska Professional fyrir 15,4".
Vörunúmer: KLC15
**9.995,-**

### Fartölvutaska
Fartölvutaska hörð með haldi blá fyrir 17".
Vörunúmer: NPE3
**7.995,-**

### Fartölvutaska
Fartölvutaska Professional fyrir 17".
Vörunúmer: KLC17
**12.995,-**

Glæný sending!

Afgreiðslutímar verslana!

*Office 1 Smáralind*
Virka daga frá 10-22
laugardaga 10-22
sunnudaga 11-22

*Office 1 Skeifunni 17*
Virka daga frá 9-20
laugardaga frá 11-19
sunnudaga 13-19

*Office 1 Akureyri og Ísafirði*
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-22
sunnudaga 13-18

*Egilsstöðum*
Virka daga frá 10-22
laugardaga frá 10-18
sunnudaga 12-20

# Office 1 Superstore

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 | 5 | 9 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 2 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 9 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 4 | 8 | 5 | 2 | 1 | 6 | 7 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 5 | 9 | |
| 8 | | | 4 | 7 | | | | |
| | 4 | | 3 | | | 6 | | |
| | 7 | | | | | 9 | | 2 |
| | 8 | | | | | | 6 | |
| 2 | | 5 | | | | | 4 | |
| | | 4 | | | 7 | | 8 | |
| | | | | 9 | 2 | | | 1 |
| | 2 | 3 | | | | | | |




# STUÐ MILLI STRÍÐA

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** MAN EFTIR JÓLAKVEÐJUNUM



Eitt af því sem gert er fyrir hver jól er að senda vinum og vandamönnum jólakveðjur. Heilmikill tími getur farið í að dást að heimagerðum jólakortum, sem ég hef sjálf aldrei tíma til að gera, sjá hver tískan er í þeim efnum í ár og hvað hefur breyst frá því í fyrra. Er til dæmis enn verið að klippa út myndir í mörgum lögum og líma saman með einhverjum púðum á milli? Ég er ekki nógu vel að mér í föndrinu til að vita þetta, ekki fyrr en jólakortin eru opnuð.

Aðventan er tími hefðarinnar og ég mun örugglega halda fast í þá hefð að skrifa jólakortin á síðustu stundu. Reyna að muna hverjum ég er búin að skrifa og hverjir eru eftir. Síðan er að finna heimilisföngin. Það er enn eitthvað um það að einungis annar makinn er skráður í símaskrá og þá þarf að muna hvað hann Sjonni heitir, eða Gulla og svo öll börnin. Það er fátt eins hræðilegt eins og tilkynna nánum ættingjum að maður bara getur ekki munað hvað börnin þeirra heita. Lausnin er því einföld; elsku Jón, Jóna og börn... og vonast svo til að það verði fyrirgefið að börn og gæludýr eru ekki nafngreind í upptalningunni.

Síðustu dagana fyrir jól hrúgast svo jólakortin inn og þá þarf að taka ákvörðun. Á maður að opna kortin strax til að sjá hver er að senda mér jólakort eða á að bíða með þetta, eins og jólagjafirnar, fram á aðfangadagskvöld. Það er skemmtileg hefð að opna kortin ekki fyrr en á jólunum. En á móti kemur að ef ég opna kortin strax hef ég tíma til að skrifa kort handa þeim sem ég gleymdi - sem er einhver á hverju ári. Í ár hef ég ákveðið að bíða. Þannig að ef einhver á von á jólakorti frá mér en fær ekki er um að kenna skipulagsleysi hjá mér en ekki hugsunarleysi. En til að vera alveg viss um að kveðjan berist óska ég ykkur bara öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. ■

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott






# VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING

Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - OG FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2006*

## FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ!

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL ÁRAMÓTA OG GILDIR
EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 90.000 KR.

**TEKK COMPANY**

OPIÐ TIL 10 - 22 TIL OG MEÐ 23.12.2005 - OPIÐ AÐFANGADAG 9 -12

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

! **Kl. 21.00**
*Stúlknakórinn **Graduale Nobili** heldur jólatónleika við kertaljós í Langholtskirkju. **Elísabet Waage** leikur á hörpu og sex kórfélagar syngja einsöng. Stjórnandi er **Jón Stefánsson**.*

# menning
menning@frettabladid.is

# Syngja í sig jólaskapið

„Okkur langaði bara til að gera notalega jólatónleika, koma okkur í jólaskap og kannski öðrum líka,“ segir Valgerður Guðnadóttir söngkona. Hún kemur fram á tónleikum í Neskirkju í kvöld ásamt tveimur öðrum söngkonum, þeim Ardísi Ólöfu Víkingsdóttur og Rósalind Gísladóttur. Með þeim spilar Vignir Þór Stefánsson á píanó.

Á efnisskránni verða eingöngu jólalög. „Þetta eru allt saman lög sem fólk þekkir og finnst gaman að heyra, klassísk jólalög í skemmtilegum útsetningum. Við syngjum allar saman og svo erum við með dúetta líka. Þetta verður ósköp notalegt.“

Þær nefna sig Jólastjörnur, hafa sungið töluvert saman, meðal annars í kvartettinum Ópus, en þetta er í fyrsta sinn sem þær koma fram þrjár saman. „Við höfum allar verið að syngja á fullu í desember. Hún Ardís er Idolskvísa, var í fjórða sæti held ég fyrsta árið, og er að syngja í þessum Lummum,“ segir Valgerður og bætir því við að bæði hún sjálf



og Rósa eigi von á barni áður en langt um líður sem greinilega megi á þeim sjá.

„Við verðum því býsna skrautlegar á sviðinu í Neskirkju.“

## > Ekki missa af ...

... upplestri Kristjáns Þórðar Hrafnssonar og Sigríðar Jónsdóttur á skáldaspírukvöldi í Iðu í kvöld.

... jólatónleikum í anddyri Háskóla Íslands í hádeginu á morgun þar sem nýr stúlknakór flytur jólaverkið Ceremony of Carols eftir Benjamin Britten ásamt Elísabetu Waage hörpuleikara.

... sólstöðuhátíð Ásatrúarmanna við Kaffi Nauthól í Nauthólsvík annað kvöld, þar sem glaðst

# Eplið og eikin

Eplið fellur sjaldan langt frá eikinni, er sagt, og það má til sanns vegar færa um Óskar Lárus Ágústsson og dóttur hans Erlu Sólveigu Óskarsdóttur. Bæði hafa þau hannað húsgögn, Óskar sem smiður en dóttir hans sem lærður húsgagnahönnuður.

Í dag opna þau sýningu á verkum sínum í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg í Garðabæ. Tilefnið er 85 ára afmæli Óskars, sem er í dag, og nefna þau sýninguna Eplið og eikin.

„Mörgum finnst þetta sérkennilegur tími til að opna sýningu en þetta er nú einu sinni afmælisdagur hans og því verður ekki breytt,“ segir Erla, sem hefur lengi langað til þess að halda sameiginlega sýningu á hönnunargripum þeirra feðgina.

Hún útskrifaðist sem húsgagnahönnuður árið 1993 frá Danmarks Design Skole í Kaupmannahöfn og hefur unnið sjálfstætt síðan. Óskar lærði húsgagnasmíði á verkstæði Hjálmars Þorsteinssonar við Klapparstíg og lauk sveinsprófi árið 1943.

Erla segist aldrei hafa hugsað um það á námsárum sínum að hún væri að feta í fótspor föður síns.

„Það hefur kannski staðið manni of nærri. Það er ekki fyrr en á síðustu tveimur til þremur árum sem ég hef farið að skoða hans hluti og sjá ákveðinn skyldleika. Ég hafði ekkert hugsað út í það fyrr. Ég held samt að hann hafi ekki litið á sig sem hönnuð. Þetta var bara nauðsyn, að brauðfæða fjölskylduna. En það var í honum þessi óþrjótandi sköpunarkraftur. Hann var alltaf að búa eitthvað til og skapa.“

Óskar er síður en svo hættur að smíða, þrátt fyrir háan aldur. Erla segir hann líka hafa hjálpað sér mikið.

„Ég er ekki smiður og það er erfitt að fá fólk til að smíða frumgerðir af húsgögnum. Hann hefur gert þetta fyrir mig.“

Sýningin stendur til 20. janúar.



**ERLA OG ÓSKAR** Þau feðgin opna sýningu í dag á húsgagnahönnun þeirra beggja, sem haldin er í tilefni af 85 ára afmæli Óskars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STEFÁN OG SKÚLI** Skúli verður fjarri góðu gamni á fyrirlestrinum á morgun en Stefán lumar á nokkrum ráðum til að mæta því og ætlar að bregða upp myndum af félaga sínum og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

# Framfarir í sögu og fótbolta

**Á knattspyrnuvelli framfaranna nefnist erindi Stefáns Pálssonar og Skúla Sigurðssonar sem flutt verður á hádegisfyrirlestri Sagnfræðingafélagsins í dag. Þeir líkja framförum í sagnfræði við knattspyrnu,**

Erindið er hluti af fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands sem nefnist „Hvað eru framfarir“, þar sem framfarahugtakinu hefur verið velt upp með ýmsum hætti.

„Flestir í fyrirlestraröðinni hafa sett spurningamerki við hugtakið, en sumir ekki,“ segir Stefán. „En við Skúli erum sérlega miklir afstæðishyggjumenn og póst-módernistar og setjum stærra spurningamerki við hugtakið en aðrir hingað til.“ Þótt Skúli sé minni knattspyrnuáhugamaður en Stefán er líkingin við knattspyrnuvöll frá honum komin. „Hugmyndin er sú að við myndum ekki telja það framfarir í fótbolta þótt menn myndu bruna hraðar fram og aftur völlinn eins og járnbrautarlestir,“ segir Stefán. „Framfarir í fótbolta hljóta að snúast um skemmtilegt miðjuspil þar sem menn koma með flóknari fléttur og leika fram og til baka. Þannig fótbolti hugnast okkur að minnsta kosti sem og sagnfræði. Tæknisagan er okkur hugleikin og við tæpum á dæmum úr sögu símans á Íslandi sem og sögu rafvæðingar.“

Þá reyna þeir Skúli og Stefán að svara þeirri spurningu hvort viðhorf sagnfræðingsins til framfarahugtaksins hafi ekki áhrif á störf hans, en eins og sönnum póst-módernistum sæmir komast þeir ekki að einhlítri niðurstöðu.

„Án þess að ég ljóstri of miklu upp þá teljum við að framfarahugtakið sé orðið óskilgreint fyrirbæri og það er einkennandi fyrir umræðuna í dag að ferðamátinn til framfaralandsins skiptir meira máli heldur en markmiðið sjálft.“

Skúli og Stefán hafa áður flutt saman erindi og geðjast samstarfið vel, en Skúli verður reyndar fjarri góðu gamni þar sem hann er staddur í Berlín. „Við reynum að mæta því á einhvern hátt, bregðum upp myndum af honum svo hann verði alltumlykjandi,“ segir Stefán. „Við ætlum að reyna að gera þetta bæði lifandi og skemmtilegt og vonandi velta upp áhugaverðum spurningum.“

Fyrirlesturinn verður fluttur í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands og hefst klukkan 12.10 í dag. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

bergsteinn@frettabladid.is

# Tilbreyting frá jólastússinu

Hljómsveitirnar Moskvitch og Hljómsveit Hafdísar Bjarnadóttur halda tónleika á Kaffi Kúltúra í kvöld. Á efnisskránni er ný frumsamin tónlist auk þjóðlagatónlistar frá ýmsum heimshornum.

Hljómsveit Hafdísar Bjarnadóttur er komin saman á ný eftir langt tónsmíðahlé með splunkuný lög eftir Hafdísi í farteskinu. Hljómsveitina skipa Steinunn Guðjónsdóttir á blokkflautur, Grímur Helgason á klarinett og bassaklarinett, Eiríkur Orri Ólafsson á trompet, Kristín Þóra Haraldsdóttir á fiðlu, Hafdís Bjarnadóttir á rafgítar, Ragnar Emilsson á rafbassa og Scott McLemore á trommur.

Að sögn Hafdísar eru nýju lögin blanda af mörgum stefnum eins og áður hefur verið. Stuðið sé aftur á móti orðið aðeins meira núna. „Ég er líka með fjölbreyttari aðferðir en áður. Tónsmíðarnar eru orðnar aðeins breiðari,“ segir Hafdís. „Ég er á öðru ári í Listaháskólanum að læra tónsmíðar og hef ég aðeins lært af því.“

Hafdís segir að tónleikarnir í kvöld tengist ekki neinni útgáfustarfsemi. „Þetta er ekki neitt „jóla“. Við erum ekki að kynna disk og ég held að þetta sé ágætis tilbreyting frá öllu jólastússinu.“



**HLJÓMSVEIT HAFDÍSAR BJARNADÓTTUR** Sveitin er komin saman á ný eftir langt tónsmíðahlé með splunkuný lög í farteskinu.

Hljómsveitin Moskvitch hefur verið í dvala í haust þar sem tveir meðlimir sveitarinnar stunda nám í Gautaborg. Á efnisskrá Moskvitch eru aðallega lög frá Austur-Evrópu en einnig má finna lög frá öðrum löndum, til dæmis Indlandi og Finnlandi.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 21.00. Miðaverð er 500 kr.





ÞAÐ ER ÞITT MÁL HVAÐ ÞÚ GERIR
MAGIC VEITIR ÞÉR ORKUNA
MAGIC KYNNIR
KVÖLDSTUND MEÐ
TARANTINO
FÖSTUDAGINN 30. DESEMBER, FRÁ KL. 21:00, Í HÁSKÓLABÍÓI.
QUENTIN TARANTINO BÝÐUR ÞÉR Í BÍÓPARTÝ
SALA HEFST Í DAG KL. 10:00!
Á boðstólum eru þrjár kvikmyndir úr hans einkasafni, sem hann kynnir. Eftir hverja mynd situr hann fyrir svörum.
Kl. 21:00 - Kvikmynd 1
Kl. 23:00 - Kvikmynd 2
Kl. 01:00 - Kvikmynd 3
Á milli mynda spjallar Tarantino við gesti.
Í gær seldist helmingur miðanna á 20 mínútum í netforsölu. Vertu tilbúin/n klukkan 10:00 í dag til að tryggja þér miða. Sala fer fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á www.icelandfilmfestival.is. Númeruð sæti, en sama miðaverð alls staðar í salnum.
Endaðu bíóárið með stæl; í bíópartýi með Quentin Tarantino.
Miðaverð aðeins 3.400 + 150 króna miðagjald.
midi.is
iff
ICELANDAIR
IH
ICELANDAIRHOTELS
DV

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson barítón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.**
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin kl. 14-18, símasala kl. 10-18. Lokað 24. des.-2. jan. Netsalan alltaf opin.
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ




Stóra svið

**SALKA VALKA**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20

**WOYZECK**
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 21

**KALLI Á ÞAKINU**
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14

**CARMEN**
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT

Nýja svið/Litla svið

**ÞRJÁR SYSTUR e. TSJEKHOV**
Nemendaleikhúsið, aðeins í desember
Þr 27/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

**MANNTAFL**
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING

**BELGÍSKA KONGÓ**
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 MIÐAV. 2.500-

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ
GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VISIR VEFTV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN
**Frumsýning mán. 26/12 uppselt**, 2. sýn. þri. 27/12 **uppselt**, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00**, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Fim. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, **aukasýningar þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00**, mið. 28/12 kl. 13:00 **uppselt**, kl. 15:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 **uppselt**.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Styrkur einstaklingsins

**[ BÆKUR ]**
**UMFJÖLLUN**

*Hinir sterku* er lágstemmd saga sem fjallar um sambönd, hugsjónir og réttlætingar. Þessi samtímasaga er önnur skáldsaga höfundarins sem einnig hefur skrifað ljóð og leikrit, þ.á m. verkið Böndin á milli okkar sem var sýnt í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn vetur. Aðalpersóna sögunnar er ung sjónvarpskona sem hefur gengið í gegnum erfiðleika og þarf að endurmeta líf sitt, einkalíf og opinbert, og samskipti við fjölskyldu og vini fyrrum ástmanns síns.

Sögunni er miðlað í gegnum sjónvarpskonuna ungu. Frá hennar sjónarhorni birtast viðhorf annarra og hugsanir hennar um samferðafólkið móta frásögnina. Mestur hluti sögunnar er sagður í þriðju persónu, samtöl eru ekki mörg né annað sem brýtur upp þennan lágstemmda frásagnarmáta. Röddin er íhugul en fremur einhæf því sjónvarpskonan er eins konar sía á söguna. Í forgrunni eru samskipti hennar við mennina í lífi hennar. Í fortíðinni er Ómar, ógæfusamur athafnamaður og í nútímanum nýi kærastinn Arnar, vinurinn Þór og fyrrum tengdafaðirinn sem á vissan hátt er orsök spennunnar í sögunni.

Sagan hverfist ekki aðeins um tilfinningalíf heldur einnig um þjóðmálin. Höfundi tekst vel til í lýsingum á skoðanaskiptum og ágreiningsefnum sem yfirleitt eru ekki tekin til umfjöllunar í íslenskum skáldsögum. Aðalpersóna sögunnar veltir fyrir sér viðbrögðum og mögulegum réttlætingum fólks í samhengi við skilning þeirra á samtímanum og stjórnmálaskoðanir þeirra. Hún er sjálf efins og óörugg innra með sér en kemur fyrir eins og ein af hinum sterku út á við. Andstæðurnar í sögunni eru annars vegar mennirnir sem aðhyllast nýfrjálshyggju, og verður tíðrætt um frelsi og möguleika einstaklingsins, og hins vegar hún sjálf sem fulltrúi jöfnuðar í samfélaginu þó staða hennar í pólitík sé ekki skilgreind sérstaklega. Í þessum köflum kemst höfundurinn á nokkuð sannfærandi flug og pólitíkin kryddar söguna þó tenging hennar við einkalíf persónanna mætt vera sterkari.

Leiðin sem höfundurinn fer í að skipta upp bókinni er krefjandi fyrir lesendur. Það er flakkað töluvert í tíma og því er erfiðara að fylgjast með því hvernig unga konan þroskast eða breytist heldur en ef um hefðbundna línulega frásögn hefði verið að ræða. Sagan hefst á föstudagskvöldi og endar á laugardagskvöldi en þarna á milli hefur lesandinn ferðast allt til upphafs sambands hennar og athafnamannsins, inn og út úr hugsunum persónanna sem unga konan hefur kynnst og umgengist um lengri eða skemmri tíma.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**




**HINIR STERKU**
HÖF. KRISTJÁN ÞÓRÐUR HRAFNSSON
**Útg.** Mál og menning
**Niðurstaða:** Höfundur hefur mikið vald á þeim stíl sem hann beitir og minnir mjög á fyrri bókina hans sem einkennist af næmni fyrir tilfinningum persónanna. *Hinir sterku* er ekki viðburðarík bók framan af, nema á tilfinningasviðinu, en þegar frásögnin í heild er gaumgæfð er bókin full af litlum sögum, hugleiðingum og ósvöruðum spurningum sem gera þetta að áhugaverðri og eftirminnilegri skáldsögu.

# Saga af margboðuðu sjálfsmorði

**[ BÆKUR ]**
**UMFJÖLLUN**

Árið 1990 sendi Rúnar Helgi Vignisson frá sér skáldsöguna Nautnastuld. Þar sagði frá lúsernum Agli Grímssyni sem stóð engan veginn undir nafni og var jafn ólíkur fornhetjunni og nafna sínum Skallagrímssyni og hugsast gat. Egill glímdi við silfurskottur, bæði raunverulegar og andlegar, og reyndi að koma undir sig fótunum sem rithöfundur þrátt fyrir að vera þjakaður af þunglyndi, minnimáttarkennd og almennum aumingjaskap.

Þunglyndið var alger nautnastuldur og varð Agli einnig fjötur um fót í ástarmálum þar sem hann missti frá sér hverja draumadísina á fætur annarri. Það rofaði þó aðeins til hjá Agli í bókarlok þar sem hann var kominn til Bandaríkjanna og í hendurnar á sálfræðingnum Jane sem hjálpaði honum að takast á við Nautnastuldinn.

### Tilgangslaust líf

Rúnar Helgi hefur nú grafið Egil upp, 15 árum síðar, í Feigðarflani. Þeir sem gerðu sér vonir um að Egill væri á grænni grein eftir Nautnastuld geta gleymt því. Þunglyndið, minnimáttarkenndin og meðvirknin eru enn að drepa þennan gamla kunningja sem sér ekki til sólar frekar en fyrri daginn. Hann er giftur sálfræðingnum sínum og á með henni tvö börn. Þau búa í Reykjavík og una hag sínum illa. Jane finnur sig ekki á Íslandi og Egill finnur sig ekki í hjónabandinu. Er löngu orðinn leiður á konunni sinni og sér engan tilgang með veraldlegu brölti. Rithöfundarferillinn er runninn út í sandinn og hann hefur ekkert gefið út lengi og þarf því að vinna fyrir sér sem framhaldsskólakennari en gengur frekar illa að tjónka við MSN-kynslóðina.

Lái því Agli hver sem vill þótt hann ákveði að binda enda á líf sitt. Hann kveður börnin sín og konu á nöprum haustdegi, fer í BYKO og kaupir barka og hosuklemmu. Hann ætlar svo að breyta bílnum sínum í lítinn gasklefa með því að leiða útblástur hans inn í bílinn og heldur því út úr bænum með það fyrir augum að finna góðan stað til að deyja á.

Egill er seinheppnari en flestir og verður því bensínlaus áður en hann nær lokatakmarki sínu en eins og sannaðist best í Dýrðlegu fjöldasjálfsmorði getur það haft afdrifaríkar afleiðingar að fresta sjálfsmorði. Þessi óvænta töf verður til þess að Egill lendir í hverri uppákomunni á fætur annarri á þjóðveginum og neyðist til að slá áformum sínum á frest allt þar til hann er kominn á æskuslóðirnar á Ísafirði.

Ferðalag Egils er bráðskemmtilegt á köflum og á vegi hans verða kynlegir kvistir sem varpa ljósi bæði á hann sjálfan og þjóðarsálina. Þarna á meðal eru stórundarleg bóndahjón, gamall félagi frá Ísafirði sem Egill kemur að með haglabyssuhlaup í kjaftinum og síðast en ekki síst unglingsstúlkan Ekki-Snæfríður Íslandssól. Hún er dásamlegur senuþjófur sem hristir hressilega upp í Agli.

### Gráglettni Egils Grímssonar

Þegar Egill lagði upp í feigðarferð sína réttlætti hann fyrirhugað sjálfsmorð sitt ekki síst með því að með því að hverfa úr jarðlífinu muni hann hlífa börnunum sínum við því að horfa upp á þá hryggðarmynd sem faðir þeirra er. Hann ætlar sem sagt að bjarga börnunum sínum með því að drepa sig og reyna að rjúfa sögulega samfellu þunglyndis og alkóhólisma í fjölskyldunni. Þetta er ef til vill full ódýr réttlæting og samferðarmenn Egils sjá til þess að hann fái um nóg að hugsa.

Sjálfsmorð og þunglyndi eru auðvitað ekkert gamanmál en lúmskur húmor Rúnars Helga nýtur sín vel í sögunni og þótt kaldhæðni Egils Grímssonar svífi alltaf yfir vötnunum getur lestur Feigðarflans ekki haft annað en jákvæð áhrif á viðhorf lesenda til sjálfra sín og lífsins.

Feigðarflan er blátt áfram og þægileg vegasaga sem rennur ljúflega í gegn enda skrifar Rúnar Helgi skýran og læsilegan texta. Hún er töluvert styttri en Nautnastuldur og byggingin er öllu einfaldari en Nautnastuldur sem var skreyttur neðanmálsgreinum og allskonar útúrdúrum sem gerðu Egil að enn raunverulegri persónu fyrir vikið. Þetta dýpkaði frásögnina jafnframt heilmikið og bauð upp alls konar fíflagang.

Nautnastuldur er fyndnari og skemmtilegri en Feigðarflan sem er aftur á móti yfirvegaðari, samþjappaðri og beinskeyttari. Nautnastuldur höfðaði sterkt til mín á þunglyndum menntaskólaárunum og við Egill eigum enn margt sameiginlegt þannig að það er ekki hægt að segja að þetta hafi verið ánægjulegir endurfundir.

**Þórarinn Þórarinsson**




**FEIGÐARFLAN**
HÖF: RÚNAR HELGI VIGNISSON
**ÚTG:** Græna húsið
**Niðurstaða:** Feigðarflan er blátt áfram og þægileg vegasaga sem rennur ljúflega í gegn enda skrifar Rúnar Helgi skýran og læsilegan texta.

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.

Gleðileg jól!



HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

## ÁRÉTTING

Í ritdómi um bókina Barnagælur eftir Óttar Martin Norðfjörð, sem birtist í blaðinu í gær, láðist að geta að Bergsteinn Sigurðsson skrifaði dóminn.



**ÓSKAR GUÐJÓNSSON Í HAM** Flutningur Mezzoforte og Kórs Langholtskirkju á verki Árna Egilssonar er kominn út á tvöföldum disk. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Mozart við kertaljós

„Það er svo heimilislegt að koma inn í þessar kirkjur, þær hafa allar sinn sjarma. Þær hafa líka allar sinn sérstæða hljóm,“ segir Ármann Helgason klarinettuleikari og meðlimur í tónlistarhópnum Camerarctica sem heldur sína árlegu kertaljósatónleika í þremur kirkjum á höfuðborgarsvæðinu nú í vikunni.

Fyrstu tónleikarnir verða í Hafnarfjarðarkirkju í dag og hefjast klukkan 21. Næstu tónleikar eru annað kvöld í Kópavogskirkju en þeir síðustu í Dómkirkjunni í Reykjavík á fimmtudagskvöld. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21.00.

Kertaljósatónleikar Camerarctica hafa verið fastur liður í aðventuhátíðinni í yfir áratug og þykir mörgum ómissandi að fá að setjast inn í kyrrðina og kertaljósið. Enn sem fyrr leikur Camerarctica ljúfa tónlist eftir W.A.Mozart en hefur að þessu sinni fengið til liðs við sig ungan hornvirtúós og verðlaunahafa, Stefán Jón Bernharðsson.

„Það er gaman að hafa hann meðferðis. Hann ætlar að leika fallegan hornkvintett eftir Mozart,“ segir Ármann.

Auk Ármanns skipa Camerarctica þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Guðmundur Kristmundsson lágfiðluleikari, Guðrún Þórarinsdóttir lágfiðluleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari.



**CAMERARCTICA** Tónlist eftir Mozart verður flutt í þremur kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Í ár flytjum við eitt verk sem ekki er eftir Mozart. Það er kvartett fyrir klarinett og strengi eftir Bernhard Crusell, heiðklassískt verk svolítið í anda Mozarts. Þessi maður er sænskur Finni, fæddur í Finnlandi en bjó í Svíþjóð,“ segir Ármann og lýsir tónverki hans sem Mozart með skandinavískum blæ. ■

# Tvíhliða afmælisdiskur

Hljómsveitin Mezzoforte kom fram í Langholtskirkju fyrr á árinu á sögulegum tónleikum þar sem hljómsveitin frumflutti ásamt Kór Langholtskirkju viðamikið djassverk, Kaleidoscope, eftir Árna Egilsson bassaleikara, sem á um þrjátíu ára feril að baki sem einn eftirsóttasti bassaleikari í hljóðverum stóru kvikmyndaveranna í Hollywood.

Verkið heitir Kaleidoscope og er samið í tilefni af 40 ára starfsafmæli Jóns Stefánssonar, organista í Langholtskirkju og stjórnanda kórsins.

Tónleikarnir voru teknir upp og hafa nú verið gefnir út í tilefni af þrjátíu ára afmæli Jazzvakningar, sem einnig er á þessu ári.

Diskurinn er óvenjulegur að því leyti að öðru megin er hann venjulegur geisladiskur með hljóðritun af tónleikunum en hinu megin er hann dvd-diskur með kvikmyndaupptöku af tónleikunum. Þetta er í fyrsta sinn sem „tvöfaldur diskur“ af þessu tagi kemur út hér á landi. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

17 18 19 **20** 21 22 23

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.00 Jólastjörnurnar **Ardís Ólöf Víkingsdóttir, Rósalind Gísladóttir** og **Valgerður Guðnadóttir** halda tónleika í Neskirkju. Á efnisskránni eru eingöngu jólalög. Á píanó leikur **Vignir Þór Stefánsson**.
- 21.00 Hljómsveitin **Moskvitch** og **Hljómsveit Hafdísar Bjarnadóttur** koma fram á tónleikum á Kaffi Kúltúra við Hverfisgötu. Á efnisskránni er ný frumsamin tónlist auk þjóðlagatónlistar frá ýmsum heimshornum.
- 21.00 **Graduale Nobili** heldur jólatónleika við kertaljós í Langholtskirkju. Á efnisskránni eru tvö verk fyrir kvennakór og hörpu, eftir John Rutter og Benjamin Britten. **Elísabet Waage** leikur á hörpu og sex kórfélagar syngja einsöng. Stjórnandi er **Jón Stefánsson**.
- 21.00 Tónlistarhópurinn **Camerarctica** heldur sína árlegu jólatónleika í Hafnarfjarðarkirkju.

### OPNANIR

- Sýningin „Eplið og eikin“ verður opnuð í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg. Tilefni sýningarinnar er 85 ára afmæli **Óskars Lárusar Ágústssonar** húsgagnasmiðs, en með Óskari sýnir dóttir hans, **Erla Sólveig Óskarsdóttir** iðnhönnuður.

### FYRIRLESTRAR

- 12.10 **Skúli Sigurðsson** og **Stefán Pálsson** flytja erindi, sem þeir nefna "Á knattspyrnuvelli framfaranna", á hádegisfundi Sagnfræðingafélags Íslands í Fundasal Þjóðminjasafns Íslands. Aðgangur ókeypis og öllum heimill.

### BÆKUR

- 20.00 **Kristján Þórður Hrafnsson** og **Sigríður Jónsdóttir** lesa upp á fimmtugasta Skáldaspírukvöldinu, sem haldið verður í bókaverslunninni Iðu við Lækjargötu.

**hvar@frettabladid.is**




# BESTU BÆKUR ÁRSINS

**Bækur eru fólki ofarlega í huga síðustu dagana fyrir jól enda kaupa Íslendingar ógrynnin öll af bókum á þessum endaspretti jólabókavertíðarinnar. Fréttablaðið fékk fólk úr ýmsum áttum til þess að tilnefna bestu bók ársins að eigin mati og þá kom ýmislegt fróðlegt í ljós og það eru alls ekki eingöngu jólabókaflóðsbækur sem komast á blað.**



**Óttarr Proppé tónlistarmaður og bóksali:**
„Besta bókin er Small Crimes in an Age of Abundance eftir Matthew Kneale. Ég þekki fáa höfunda jafn flinka við að blanda saman alvarlegum málefnum og absúrdískri kímni. í þessum smásögum segir Kneale frá yfirsjónum hins vestræna meðaljóns. Sögupersónur valda ómældum skaða með smávægilegum yfirsjónum sínum og glæpum sem þær framkvæma gjarnan bara til að gera sér lífið örlítið léttara eða skemmtilegra. Frábær gagnrýni á „ég á rétt á“ hugsunarháttinn og um leið á köflum sprenghlægileg skemmtilesning.“



**Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona:**
„Nú er úr vöndu að ráða – held samt að ég nefni af erlendum bókum Shadow of the Wind eftir Carlos Ruiz Zafón – ótrúlega spennandi og áhrifarík bók sem maður týnir sér gjörsamlega í og svo líka Case Histories eftir Kate Atkinson sem er spennusaga á yfirborðinu en fléttar svo saman sögum margra ólíkra persóna á magnaðan hátt. Af Íslenskum bókum held ég að Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur standi upp úr af þeim sem ég er búin að lesa.“



**Þórunn Valdimarsdóttir rithöfundur:**
„Ég á erfitt með að nefna eitthvað sem er nýkomið út en ég hef nýlokið við að lesa A Brief History of Time eftir snillinginn Stephen W. Hawking og sú bók opnar nýjar víddir varðandi hugsunina á bak við það úr hverju heimurinn er og af hverju hann er eins og raun ber vitni. Hawking gerir hinum almenna manni kleift að skilja flókna hluti með því að skýra þá út á ofur einfaldan hátt. Að mínu mati frábær bók.“

**Haukur Ingvarsson ljóðskáld:**
„Ég hef fylgst með ljóðum sem Bragi Ólafsson hefur birt á Bjartsvefnum undir yfirskriftinni „Fjórar línur og titill“; fyrir skömmu heyrði ég hann líka lesa upp syrpu af þeim – þar er eitthvað á ferðinni. Bækur höfunda sem komu á bókmenntahátíð sitja í mér t.d. Dauðinn og mörgæsin eftir Kúrkov. Af nýju íslenskum skáldverkunum, sem ég hef lesið, myndi ég nefna bækur Gyrðis Elíassonar, Þorsteins frá Hamri og Jóns Kalmans – allt góðar bækur. Bók Guðrúnar Evu hyggst ég eiga til góða því ég hef heyrt því fleygt að hún sé sú besta sem komi út fyrir jólin.“





**Margrét Sverrisdóttir alþingismaður:**
„Ég get hiklaust mælt með bókum Jóns Kalmans Stefánssonar og held að ég hafi einmitt verið að lesa bókina Birtan á fjöllunum eftir hann í upphafi þessa árs. Ég hef líka lesið Skurðir í rigningu og Ýmislegt um risafurur og tímann og mæli með þessum bókum í jólapakka (enda eru þær ódýrari en eldri eru!). Svo er alltaf gaman að lesa Þórarin Eldjárn, Vigdísi Gríms og Sjón (þegar og ef bækurnar hans eru með söguþræði). Lesum íslenskt!

Ég vil líka mæla með afþreyingarbókmenntum þegar jólin nálgast. Snemma á þessu ári las ég allar bækurnar um kvenspæjarann Mma Ramotswe (The No.1 Ladies Detective Agency) eftir Alexander McCall Smith og hafði mjög gaman af þeim. Þær hafa allar verið íslenskaðar.

Fyrir þá sem setja ekki fyrir sig að hafa bækur á ensku og vilja „detta í það“ í bóklestri yfir jólin, mæli ég eindregið með bókinni, The Murder Artist eftir John Case. Þetta er svo krassandi spennusaga að ég gat alls ekki lagt hana frá mér. Hún segir frá Alex Callahan sem er fréttamaður hjá virtu dagblaði. Hann er fráskilinn og sér tvíburasyni sína, sex ára, sjaldan. En svo eiga þeir að vera hjá honum í mánuð og það er þá sem hann fer með þá í skemmtigarð sem er allur í anda endurreisnartímabilsins. Á skemmtuninni hverfa tvíburarnir eins og jörðin hafi gleypt þá og örvæntingarfull leit föðurins hefst.“



**Katrín Júlíusdóttir þingmaður:**
„Fyrsta sem kemur upp í hugann er skýrslan hans Stefáns Ólafssonar „Örorka og velferð á Íslandi og í öðrum vestrænum löndum“ sem kom út nú í desember. Þetta rit hefur svo sannarlega komið umræðunni um stöðu öryrkja í okkar samfélagi uppúr „nei – jú, víst“ hjólförunum þó einstaka stjórnmálamenn hafi stokkið í vörn. Skýrslan á skilið titilinn bók ársins og er okkur öllum holl lesning til að auka skilning okkar á þeim þröngu aðstæðum sem þúsundir einstaklinga í okkar samfélagi búa við. Það er rosalega mikið af girnilegum nýútkomnum bókum núna og verða jólin vel nýtt til lesturs þetta árið. En af þeim sem ég hef lesið hingað til stendur líka „Móðir í hjáverkum“ í þýðingu Oddnýjar Sturludóttur uppúr, hún skilur ýmislegt eftir sig og ég fann bæði þægilegar og óþægilegar samsvaranir við eigin upplifun sem móðir á vinnumarkaði í henni. Er líka búin að lesa Djöflatertuna eftir Þóru Sigurðardóttur og Mörtu Maríu Jónasdóttur og veltist um af hlátri!“



**Bryndís Loftsdóttir vörustjóri íslenskra bóka hjá Eymundsson:**
„Besta erlenda bókin sem ég las á árinu er tvímælalausn bók Bill Bryson, A Short History of Nearly Everything. Bill Bryson er í miklu uppáhaldi hjá mér enda rosalega fyndinn og gáfulegur penni. Ég held svei mér þá að Ástralíubókin hans hafi líka verið besta bókin sem ég las í fyrra. Mæli fullkomlega með öllum bókunum hans.

Í augnablikinu er ég að lesa Yosoy eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Guðrún Eva er einn af bestu höfundum Íslands og hefur því miður ekki fengið þá athygli sem hún verðskuldar. Af þeim bókum íslenskra höfunda sem ég hef lesið í ár þá er þetta sú áhugaverðasta, frjóasti höfundurinn að mínu mati. Hallgrímur er líka með sína allra bestu bók þetta árið, Rokland.

Af þýddum bókum þá verð ég að taka undir val starfsfólks bókaverslana á bókunum þremur, Skugga vindsins, Flugdrekahlauparanum og Næturvaktinni – barna vantar þó Moby Dick sem auðvitað ætti að styðja við stofn trésins á öllum alvöru heimilum. Sú bók sem ég hef hins vegar lesið oftast að undanförnu – svona 80 sinnum, er Risaeðlutíminn eftir Ingibjörgu Briem og Maribel Gonzalez Sigurjóns. Bókin er í algjöru uppáhaldi hjá syni mínum sem er tæplega þriggja ára, vígeðlan hefur skotið jólasveininum ref fyrir rass og á alla hans aðdáun þessa dagana. Mér er gjarnan skipað í hlutverk kambeðlumömmunnar sem bjargar syni sínum úr klóm vígeðlu með halanum. Frábær bók og flottar teikningar!“



**Egill Helgason fjölmiðlamaður:**
„Moby Dick eftir Hermann Melville. Það geta voða fáar skáldsögur keppt við þessa. Þetta er það sem má kalla undursamlega bók – hún er ótrúlega stór, mikil og víðfeðm – ég stend alveg við það sem haft er eftir mér á bókarkápu að þetta sé mesta skáldsaga sem hefur verið skrifuð. Melville naut þess hins vegar ekki að hafa skrifað svona stórkostlega bók; hann dó snauður, beiskur og drykkfelldur, hafandi misst fjölskyldu sína. Það er mjög raunaleg saga. En þetta er bók sem hægt er að lesa aftur og aftur full af stórbrotnum og mátulega óræðum táknum, miklum örlögum – fyrir utan lýsingar á þessari horfnu atvinnugrein, hvalveiðum, sem skapaði svo mikinn auð á 19. öld, blóði drifinn en um leið heillandi.“



**Sigríður Albertsdóttir bókmenntagagnrýnandi DV:**
„Á þessari stundu hef ég ekki lesið nema brot af því sem mig langar til að lesa en af því sem komið er mæli ég hiklaust með Sólskinshesti Steinunnar Sigurðardóttur en texti hennar er fallegur og ljóðrænn eins og vænta má. Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir á einstaklega vel heppnað byrjendaverk en í bók hennar er að finna afar fallega lýsingu á samskiptum mæðgna svo eitthvað sé nefnt. Ég var einnig ánægð með Stefnuljós Hermanns Stefánssonar og Tími nornarinnar eftir Árna Þórarinsson uppfyllir öll helstu skilyrði góðs krimma. Ekki má gleyma Slepptu mér aldrei eftir Kazuo Ishiguro í þýðingu Elísu Bjargar Þorsteinsdóttur en það er ógleymanleg saga, afar sár en líka fögur þrátt fyrir kaldranlegan veruleikann sem þar birtist.“



**Eiríkur Guðmundsson bókmenntafræðingur**
„Bók ársins er Tu rostro manana 1 (Fiebre y lanza) eftir spænska rithöfundinn Javier Marías. Hún kom á þessi ári út í enskri þýðingu Margaret Jull Costa Your Face Tomorrow 1 (Fever and Spear). Þegar bókinni lýkur getur lesandinn ekki endursagt hana. Hann veit ekki hvað hann var að lesa. Rödd höfundarins þagnar og lesandinn situr eftir, hann skilur ekki lengur það sem hann skildi fáeinum augnablikum fyrr, þegar hann hélt á bókinni og las, líklega um nótt. Bókin hefur breytt lesandanum í svefngengil. Hann veit ekki hvort bókin tilheyrir draumi en telur sig þó hafa verið vakandi allan tímann. Línur brjótast gegnum mókið eftir að lestrinum líkur. Ég er minn eigin hiti og sársauki, tíminn er snjór á öxlum þínum. Tímar okkar eru helgaðir hinu heimskulega og því augljósa.

„Flettu blaðsíðunni, flettu blaðsíðunni, ég vil ekki sjá hrylling þinn eða sársauka. Flettu blaðsíðunni og bjargaðu eigin skinni.“ Ekki hafa mig fyrir þessu.“



**Páll Stefánsson ljósmyndari**
„China eftir Játvarð Burttynsky. Bók sem kom mér mest á óvart á árinu. Stílhreinar stórformatsmyndir af þeirri umbyltingu sem Kína er að ganga í gegnum. 300 milljónir Kínverja hafa á undanförnum árum flutt úr sveit í þessar nýju megapólís borgir sem spretta eins og gorkúlur út um allt alþýðulýðveldið. Myndir af fólki, eins og maurar á verksmiðjugólfum. Rusl, fallegt rusl, skýjaklúfar og enn fleira fólk. Falleg og fagmannlega unnin ljósmyndabók í stóru broti. Besta bókin árið 2005.“


**Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma**

## Jólaþjónusta starfsfólks



### Jól í görðunum

Á jólum kemur fjöldi fólks í **Fossvogskirkjugarð, Gufuneskirkjugarð og Hólavallagarð við Suðurgötu** til þess að huga að leiðum ástvina sinna. Við munum leitast við að leiðbeina ykkur eftir bestu getu. Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **gardur.is**

### Þjónustusímar

**585 2700 og 585 2770**

Aðalskrifstofan í **Fossvogi**, sími **585 2700** og skrifstofan í **Gufunesi**, sími **585 2770**, eru opnar á **Þorláksmessu** og **aðfangadag** frá **kl. 9.00** til **kl.15.00.**

Þar veitum við upplýsingar, gefum leiðbeiningar um aðhlynningu leiða og afhendum ratkort ef þörf krefur.

### Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag

Á **Þorláksmessu** og **aðfangadag**, milli **kl. 10.00** og **15.00**, verður **Fossvogskirkja** opin fyrir þá sem vilja staldra við í dagsins önn. Starfsmenn Kirkjugarðanna verða á vettvangi í görðunum báða þessa daga og taka á móti ykkur og leiðbeina frá **kl. 9.00** til **15.00.**

**Gleðilega jólahátíð**
**Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma**
**www.kirkjugardar.is**

# Íslenskir tónar kynna
# AFMÆLISÚTGÁFUR!

9 AUKALÖG




**Sumar á Sýrlandi**
30 ára afmælisútgáfa
Veglegar umbúðir
Aukin hljómgæði

8 AUKALÖG




**Geislavirkir**
25 ára afmælisútgáfa
Veglegar umbúðir
Aukin hljómgæði

9 AUKALÖG




**Ísbjarnarblús**
25 ára afmælisútgáfa
Veglegar umbúðir
Aukin hljómgæði

7 AUKALÖG




**Kona**
20 ára afmælisútgáfa
Veglegar umbúðir
Aukin hljómgæði

**Ómissandi meistaraverk í safn allra tónlistarunnenda!**

## Nældu þér í eintak í næstu verslun!

íslenskir tónar






**HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR LEIKKONA:** „Ég er nú ekki manneskja sem læt hlutina fara í taugarnar á mér. Ég á mjög erfitt með að gera upp á milli jólalaga. Ég þoli hins vegar ekki þegar byrjað er of snemma að spila jólalögin. Þegar maður fær að heyra þetta um miðjan nóvember þá slekk ég á á útvarpinu.“



**ELÍS PÉTURSSON HLJÓMSVEITARMEÐLIMUR Í JEFF WHO:** „Það er ýmislegt sem kemur upp í hugann. Þar á meðal er lagið „Svona eru jólin“ sem mér finnst alltaf svolítið út á kanti.“

# Hvaða jólalag fer mest í taugarnar á þér?

**Þegar líða fer að jólum fá jólalögin að hljóma á öldum ljósvakans í stríðum straumum. Sum eru frábær á að hlýða á meðan önnur eru lítt skemmtileg. Við hér á Fréttablaðinu ákváðum því að athuga hvaða lög fara illa í fólk á þessum árstíma. Svör viðmælendanna voru nokkuð fróðleg.**



**DANÍEL ÁGÚST TÓNLISTARMAÐUR:** „Það er að mínu mati „Jólahjól“ með Stefáni Hilmarssyni og félögum í Sniglunum. Mér finnst það sérstaklega pirrandi lag. Þetta lag heyrist að mínu mati allt of oft í útvarpinu.“



**GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA:** „Það fer svakalega í taugarnar á mér lagið „Ef ég nenni“ sem er að mínu mati alveg afspyrnu slakt. Svo er þarna lag sem ég kalla hraða jólalagið. Textinn í því lagi er vægast sagt slakur. Hann er einhvern veginn svona „meiri jól meiri jól“ eitthvað. Mér finnst það lag alveg svakalega leiðinlegt. Þessi tvö standa eiginlega upp úr slökum lögum um jólin.“



**BIRGIR BALDURSSON TROMMARI:** „Er það ekki „Jól alla daga“ með Eiríki Haukssyni? Það er þá aðallega barnakórinn á bak við sem fer svona rosalega í taugarnar á mér í þessu lagi.“



**HILDUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR BLAÐAMAÐUR:** „Ég hef verið með lagið „Nei nei ekki um jólin“ á heilanum núna undanfarna daga. Mér finnst þetta vera frekar hryllilegt lag þar sem sá sem syngur vill ekki að eitthvað gerist um jólin. Ég ímynda mér alltaf að það sé eitthvað hræðilegt sem má ekki gerast um jólin. Fyrir utan boðskapinn sjálfan er þetta líka bara svakalega vont lag.“



**STEINUNN ÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR SÖNGKONA ÚR NYLON:** „Yfirleitt eru ekki nein jólalög sem fara í taugarnar á mér en þó get ég nefnt eitt lag sem mér finnst svolítið skrítið. Lagið „Ef ég nenni“ með Helga Björnssyni er mjög gott lag en textinn er að mínu mati arfaslakur. Það að kaupa gjöf handa elskunni sinni ef þú nennir, er að mínu mati ekki góður texti.“

**BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR LEIKKONA:** Mikið er þetta skemmtileg spurning. „Jólahjól“ fer rosalega í taugarnar á mér. Það er að mínu mati allt of oft spilað. Ég snýst við í skinninu þegar ég heyri þetta lag. Þegar ég heyri upphafsstefið þá fæ ég kryppu.“



**HLYNUR ÁSKELSSON ÖÐRU NAFNI CERES 4 TÓNLISTARMAÐUR:** „Það er klárlega „Gilsbakkaþula“ og þessi mjög svo leiðinlega endurtekning sem er sífellt í því lagi. Það er einhver leiðinda síbylja í þessu lagi sem ég kann ekki við.“



**ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR ÞÁTTAGERÐARKONA:** Það eru eiginlega bara engin jólalög sem fara í taugarnar á mér. Það er bara alls ekki neitt sem stendur upp úr. Ég gæti hins vegar miklu frekar nefnt jólalög sem mér finnst skemmtileg heldur en þau sem mér finnst slæm.“




TÓNLEIKAR ANNAN Í JÓLUM
Bubbi
Það seldist upp á þorláksmessutónleika Bubba Morthens á 3 klukkutímum. Vegna gríðarlegrar eftirspurnar verða aukatónleikar annan í jólum á NASA .
Miðasala er hafin á NASA og er miðaverð kr 2.500.
Takmarkað magn miða. Allar nánari upplýsingar á www.prime.is og www.nasa.is
prime
NASA
RÁS 2











**THE WHITE STRIPES** Rokkdúettinn hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Blue Orchid besta lagið

Lesendur breska tónlistartímaritsins NME hafa kosið Blue Orchid með bandaríska rokkdúettnum The White Stripes besta lag ársins 2005.

Blue Orchid var fyrsta smáskífulagið af plötunni Get Behind Me Satan, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur síðan hún kom út. Um fimm þúsund Íslendingar sáu og hlustuðu á The White Stripes á eftirminnilegum tónleikum í Laugardalshöll í haust.

## 20 BESTU LÖG ÁRSINS

1. The White Stripes - Blue Orchid
2. Arctic Monkeys - I Bet You Look Good On The Dancefloor
3. Arcade Fire - Rebellion (Lies)
4. Maximo Park - Apply Some Pressure
5. Kaiser Chiefs - Oh My God
6. Franz Ferdinand - Do You Want To
7. The Rakes - 22 Grand Job
8. Gorillaz - Dare
9. Bloc Party - Two More Years
10. We Are Scientists - The Great Escape
11. Editors - Munich
12. The Futureheads - Area
13. The Strokes - Juicebox
14. LCD Soundsystem - Daft Punk Is Playing At My House
15. The White Stripes - My Doorbell
16. The Bravery - An Honest Mistake
17. Queens Of The Stone Age - In My Head
18. Arctic Monkeys - Fake Tales Of San Francisco
19. Babyshambles - F**k Forever
20. Hard-Fi - Hard To Beat






# Ekkert grín

**[UMFJÖLLUN]**
**TÓNLIST**

Að mínu mati var það stórslys að hljómsveitin The Darkness hafi fengið plötusamning. Ef einhver þarna úti átti erfitt með að gera upp huga sinn um virði þessarar sveitar, þá ætti þessi fylgifiskur metsöluplötunnar Permission to Land að sannfæra sá hinn sama um að þessi sveit er ekki plastsins virði.

Þegar sveitin skaust inn í sviðsljósið vó hún salt milli þess að vera grínsveit eða fúlasta alvara. Það var svo sannarlega hægt að hlæja að hljómsveitarmeðlimum, og þannig tengdu þeir sig við almenning, léku trúða með ýktum töktum á sviði og í myndböndum. Þetta er bölvun sem virðist fylgja öllum glysrokksveitum, enda er tónlistarstefnan sjálf svo ótrúlega ýkt að það verður bara hlægilegt

Þegar einhver reynir að tappa af hjartabrunni sínum. Þess vegna er besti leikurinn að setja sig í hlutverk Spinal Tap, og hafa gaman af því.

Þessi nýja plata The Darkness hljómar eins og menn hafi virkilega ætlað sér að gera rokkmeistarastykki. Þessir tónlistarmenn eru smekklausari á tónlist en Englandsdrottning. Ég hef það líka á tilfinningunni að þeir hafi ekki heyrt eina einustu plötu sem var gerð eftir 1985.

Þessi plata hljómar eins og hljómasveitarútúr Queen og Van Halen hafi lent saman á 100 kílómetra hraða á klukkustund og valdið slíkum heilaskemmdum hjá meðlimum að þeir hafi ekki lengur hundsvit í hvaða sveit þeir léku áður. Samkvæmt minni kokkabók er það virkilega slæm hugmynd að blanda áhrifum þessara tveggja sveita saman, en þannig hljómar þetta samt. Ekki bætir svo úr sök að geldingurinn Justin Hawkins er enn meira pirrandi en áður og finnur þörf fyrir að fara upp á háa c-ið á 10 sekúndna fresti. Ég bara vona að þessi sveit sé einn allsherjar brandari. Því þó hann sé ekkert fyndinn, þá væri það bara allt of sorglegt ef þessir menn væru að taka sjálfa sig alvarlega. Ef svo er eiga þeir bara eitt eftir: að einhver kveiki á perunni svo þeir geti séð hversu miklum skít þeir eru búnir að raða í kringum sig í myrkrinu.

**Birgir Örn Steinarsson**




**THE DARKNESS: ONE WAY TICKET TO HELL... AND BACK**

NIÐURSTAÐA:

**Að renna annarri plötu The Darkness í gegn er ekkert grín. Það var kannski hægt að brosa að frumrauninni en núna er brandarinn bara orðinn útþynntur, gamall og grútleiðinlegur.**

# Almenn miðasala í dag

500 miðar á bíósýningu leikstjórans Quentins Tarantino í Háskólabíói þann 30. desember seldust í netforsölu á aðeins 20 mínútum í gær.

Vegna eftirspurnarinnar hefur verið ákveðið að hefja almenna miðasölu í dag en ekki 27. desember eins og áður hafði verið ákveðið. Hefst miðasalan klukkan 10.00 í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi, á icelandfilmfestival.is og á midi.is. Miðaverð er 3.400 krónur auk 150 króna miðagjalds. Aðeins eru um 500 miðar eftir.


**QUENTIN TARANTINO** Leikstjórinn heimsfrægi mun sýna þrjár af uppáhaldsmyndum sínum í Háskólabíói þann 30. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI







**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4-6-8-10 | B.I. 12 |
| KING KONG VIP | KL. 6-10 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 5-8.10 | B.I. 10 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 4-6-8 | |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| INTO THE BLUE | KL. 8 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5.30-9 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 9 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6 | B.I. 10 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 4.20-8-11.40 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8-10.10 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| KING KONG | KL. 5-7-9 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 6-9 | B.I. 10 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 8-10.15 | B.I. 16 |
| LA MARCHE DE L´EMPEREUR | KL. 6 | |
| NOEL | KL. 6-8 | |
| LORD OF WAR | KL. 10 | B.I. 16 |

Háskólabíó




**LISA EKDAHL** Sænska söngkonan hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár.

# Lisa Ekdahl til Íslands

Sænska söngkonan Lisa Ekdahl heldur tónleika í Háskólabíói föstudaginn 24. mars næstkomandi. Ekdahl hélt tvenna tónleika hér á landi fyrir troðfullu húsi í Austurbæ fyrir einu og hálfu ári og er því mörgum kunn hér á landi.

Tónleikarnir í mars eru hluti af tónleikaferð Ekdahl um Norðurlöndin sem hefst í Danmörku þann 10. febrúar. Tilefnið er útkoma plötunnar Pärlor av glas sem kemur út 18. janúar. Fyrsta smáskífan með laginu Vraket af þeirri plötu er væntanleg nú fyrir jólin. Á Pärlor av glas heldur Ekdahl áfram samstarfi sínu og Lars Winnerbäcks, en hann stjórnaði upptökum á síðastu plötu hennar, Olyckssyster, sem hlaut frábærar viðtökur almennings og gagnrýnenda þegar hún kom út fyrir tæpum tveimur árum.

Miðasala á tónleikana í Háskólabíói hefst þriðjudaginn 27. desember klukkan 10.00 á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT um allt land. ■

# Aftur tekst Jackson það

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Hvernig getur Hollywood ætlast til þess að við nennum að horfa á þriggja tíma kvikmynd um vonlausa ást risavaxinnar górillu til ljóshærðrar leikkonu? Jú, ef leikstjórinn heitir Peter Jackson og hann fær algjörlega frjálsar hendur.

Kvikmyndaleikstjórinn Carl Denham neyðist til að beita heldur óhefðbundnum og ólöglegum aðferðum ef nýjasta mynd hans á einhvern tímann að líta dagsins ljós. Hann hefur komist yfir kort sem vísar veginn til Hauskúpueyju en hún er síðasta ókannaða svæðið í heiminum. Föruneytið er skipað hinni ungu og fátæku leikkonu Ann Darrow, leikskáldinu Jack Driscoll og harðskeyttri áhöfn undir stjórn skipstjórans Englehorn. Hauskúpueyja reynist auðvitað háskalegur staður með mannætum, risaeðlum og skrímslinu Kong. Upphafleg áætlun frumbyggjanna, að fórna Ann, fer öll úr skorðum því górillan fellur fyrir hinu ljósa mani og flýr með það inn í skóg. Eftir æsilegan eltingarleik og töluvert mannfall tekst björgunarsveitinni að „frelsa“ leikkonuna en græðgi Denham verður til þess að skrímslið er klófest og flutt til New York . Eftirleikurinn er síðan flestum kunnur: Kong sleppur, leggur nokkrar byggingar í rúst og flýr upp á Empire State bygginguna þar sem Ann reynir að bjarga lífi hans.

Uppbygging King Kong er góð. Fyrri hluti myndarinnar fer í að kynna helstu sögupersónur og ná tengingu við þær en annars hefði okkur verið slétt sama um örlög þeirra. Umhverfið er allt að því fullkomið; New York á kreppuárunum er stórkostlega útfærð og eyjan sannkallaður ævintýraheimur með allskyns kynjaverum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um tæknibrellurnar og King Kong hefur aldrei litið betur út.

Jackson hefur hins vegar vaðið fyrir neðan sig og setur ekki allt sitt traust á tæknibrellurnar heldur fær til liðs við sig nokkra úrvalsleikara sem skyggja þó ekki á hina loðnu stjörnu myndarinnar. Jack Black er skemmtilega geðveikur sem leikstjórinn Denham og fegurðin geislar af Naomi Watts sem Ann Darrow. Þá tekst fáum jafn vel upp að leika gáfumenni og Adrien Brody sem er mjög góður í hlutverki leikskáldsins Driscoll.

Peter Jackson hefur fengið heimsbyggðina til flykkjast í bíó áður og honum tekst það aftur með King Kong. Hann nýtir sér allt það besta sem kvikmyndirnar hafa upp á að bjóða og býr til þriggja tíma trúverðuga skemmtun um ástarmál górillu og þar liggur helsti töframáttur King Kong.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**KING KONG**

LEIKSTJÓRI: PETER JACKSON

**Aðalhlutverk:** Jack Black, Naomi Watts, Adrien Brody og Andy Serkis.

**Niðurstaða:** King Kong er trúverðug þriggja tíma skemmtun um ástarmál górillu og þar liggur helsti töframáttur myndarinnar.


Fíton/SÍA

**Svartnætti**

Er mikill kvíði, depurð eða þunglyndi að hrjá þig eða þína? Leitaðu aðstoðar. Leiðin út úr svartnættinu er styttri en þú heldur. Hafðu samband við **heilsugæsluna**, hringdu í Hjálparsímann **1717** eða leitaðu til **Geðsviðs LSH** eða **FSA**.

þjóð gegn ÞUNGLYNDI

Landlæknisembættið

*Áttu eitthvað mýkjandi og gott fyrir jólin?*

GOTT FÓLK McCANN




**L'ORÉAL MEN EXPERT**

Með L'Oréal Men Expert rakakremi og rakgeli fylgja taska og hreinsigel með sem kaupauki.

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*



## Bo til Eyja

Daninn Bo Henriksen hefur náð samkomulagi við ÍBV um að leika með félaginu næsta sumar og aðeins á eftir að ganga frá nokkrum atriðum. Bo gekk upphaflega í raðir Vals síðasta sumar en fékk ekki tækifæri þar og fór því til Fram þar sem hann stóð sig ágætlega.

# sport

sport@frettabladid.is

RÓBERT GUNNARSSON: TAPAÐI SÍNUM FYRSTA LEIK MEÐ GUMMERSBACH UM HELGINA

# *Geymir skeggið í glasi í baðherberginu*

Landsliðsmennirnir Róbert Gunnarsson og Guðjón Valur Sigurðsson og félagar þeirra í þýska liðinu Gummersbach töpuðu stórt fyrir Magdeburg, 38-28, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta um helgina. Tapið hafði einkum tvennt í för með sér: annars vegar missti Gummersbach toppsæti deildarinnar í hendur Flensburg og hins vegar fékk hið skrautlega skegg sem Róbert hafði verið að safna frá upphafi tímabilsins að fjúka. „Skeggið er farið. Þetta tók á tilfinningarnar og var erfiðara en ég hélt,“ sagði Róbert glettinn við Fréttablaðið í gær. „Við Gaui gerðum þetta saman daginn eftir tapið og menn segja að ég hafi yngst um 20 ár,“ sagði Róbert jafnframt, en hann var kominn með hálfgert villimannsútlit eftir að hafa verið að safna í margar vikur. „Ég tók mér góðan tíma í að raka skeggið af og notaði til þess rakvél sem ég átti. Þetta tók rúman hálftíma en það þurfti engin skæri. Og skeggið er ennþá til, það er í glasi inni á baði hjá mér,“ segir Róbert, sem á greinilega ekki auðvelt með að sleppa hendinni af skegginu og segir líklegt að hann geymi einhverja lokka til frambúðar.

Það hefur ávallt loðað við Róbert að vera ævintýramaður og segja þeir sem til hans þekkja að ekki sé erfitt að plata hann í að prófa hina ýmsu hluti, eins og til dæmis að safna villimannaskeggi. Spurður um hvort hann ætli að taka upp á einhverju svipuðu fyrir Evrópukeppnina í Sviss í lok janúar segir Róbert að það sé aldrei að vita. „ Nú er komið nóg af svona vitleysu í bili og það eru allavega engar hugmyndir í bankanum þessa stundina. Svona hlutir byrja yfirleitt sem hálfgert grín sem gengur síðan lengra en maður átti von á. Þannig að þótt ég sé ekki með neitt ákveðið núna er aldrei að vita hvað gerist.“





## > Tímamót í kvennakörfunni

Íslenskur kvennakörfuknattleikur varð fátækari um helgina þegar Anna María Sveinsdóttir ákvað að leggja skóna á hilluna. Anna María hefur verið holdgervingur kvennakörfunnar um árabil og ávallt farið fram með góðu fordæmi. Hún hefur verið frábær fyrirmynd sem ungar stúlkur hafa litið upp til og þarf því ekki að undra að Keflavík hafi framleitt körfuboltakonur á færibandi. Fréttablaðið þakkar Önnu Maríu fyrir sitt framlag til körfuboltans á Íslandi en það er ómetanlegt.





**HEIÐAR HELGUSON** Bíður rólegur eftir sínu tækifæri, enda fær hann ekki að fara frá félaginu eftir áramót.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Chris Coleman er ekki að selja:

# Heiðar er ekki á leið frá Fulham

**FÓTBOLTI** Chris Coleman, knattspyrnustjóri Fulham, segir að það sé ekki á dagskránni hjá félaginu að selja leikmenn þegar leikmannaglugginn opnast á ný eftir tvær vikur. Nokkrir leikmanna hans eru nokkuð eftirsóttir hjá stærri liðum, meðal annars Luis Boa Morte og Papa Bouba Diop, og þá hefur Heiðar Helguson verið sterklega orðaður við að fara frá Fulham á láni. En Coleman segir að hann ætli ekki að missa neinn af sínum leikmönnum.

„Ég hata leikmannagluggann,“ sagði Coleman við breska fjölmiðla í gær. „Það erum við sem erum að líta í kringum okkur eftir liðsstyrk en samt þurfum við að vera á varðbergi til að halda í þá leikmenn sem við höfum fyrir. En við erum lítið lið með lítinn pening, auðvitað vill ég halda öllum mínum mönnum,“ sagði Coleman og bætti við að það þyrfti mikinn pening til að þeir samþykktu að selja sína eftirsóttustu leikmenn. „Ég tel óhugsandi að nokkur leggi í að bjóða það sem við myndum vilja fá,“ segir Coleman. - vig

# Sigurvíman togaði alltaf í mig

**Sigursælasta körfuknattleikskona landsins, Anna María Sveinsdóttir, hefur lagt skóna á hilluna eftir einstakan feril þar sem hún vann allt sem hægt var að vinna í körfuboltanum á Íslandi. Hún segir velgengnina eiga þátt í því hversu lengi hún spilaði. Hún gagnrýnir metnaðarleysi íslenskra körfuboltakvenna.**

**KÖRFUBOLTI** Það er óhætt að segja að það hafi orðið tímamót í sögu íslensks körfuknattleiks um helgina þegar körfuboltakonan Anna María Sveinsdóttir ákvað að leggja skóna á hilluna eftir 21 ár í meistaraflokki. Á þessum rúmu 20 árum hefur Anna María leikið yfir 500 leiki og unnið Íslands- og bikarmeistaratitla í kippum.

Anna hefur verið mjög heppinn á ferlinum og aldrei lent í erfiðum meiðslum. Það er því sorgleg staðreynd að meiðsli hafi orðið þess valdandi að hún hafi lagt skóna á hilluna.

„Ég nenni ekki að standa í einhverjum meiðslum á gamals aldri. Þá er komið að því að segja stopp,“ sagði Anna María við Fréttablaðið í gær en hún er orðin 36 ára gömul. Þegar hún fór í hnéspeglun á dögunum komu í ljós brjóskskemmdir í lærlegg og Anna vildi ekki tefla á tvær hættur með slík meiðsli.

„Það er leiðinlegt að hætta svona en ég er engu að síður sátt með ákvörðunina þó að hún hafi vissulega verið erfið. Ég get heldur ekki verið annað en sátt við ferilinn,“ sagði Anna María sem ætlar að vera Keflavíkurliðinu innan handar út veturinn en hvað tekur við í kjölfarið veit hún ekki. Hún gerir sér þó grein fyrir því að það verði erfitt að slíta sig frá körfuboltanum sem hefur skipað svo stóran sess í lífi hennar. Eins og áður segir hefur Anna María unnið marga glæsta sigra á körfuboltavellinum en ætli eitthvað eitt standi upp úr á ferlinum?

„Mér þótti mjög vænt um viðurkenningu sem ég fékk, áður en valið var körfuboltamaður og körfuboltakona ársins, en það var einfaldlega körfuknattleiksmaður ársins yfir heildina en mig minnir að það hafi verið árið 1994. Það fannst mér mjög mikil viðurkenning. Annars voru allir þessir titlar mjög ljúfir,“ sagði Anna María en ætli hún hefði verið svona lengi í boltanum ef hún hefði ekki leikið með svona sigursælu liði?

„Ég efast um það. Það er erfitt að segja en ég hef fundið fyrir pirringi þegar við unnum ekki titla þannig að ég efast um að ég hefði verið svona lengi ef ég hefði aldrei unnið neina titla. Þetta er eins og fíkn. Þetta togar alltaf í mann aftur og ég held að það sé þessi sigurvíma sem togar í mann því maður vill upplifa hana aftur og aftur.“

Það hefur margt breyst í íslensku íþróttalífi á þeim tíma sem Anna María hefur verið að spila með meistaraflokki. Hver er stærsta breytingin að hennar mati?

„Það eru fleiri góðar körfuboltakonar í dag en áður en mér finnst samt vanta í margar þessar stelpur að þær séu tilbúnar að fórna sér fyrir íþróttina. Það hætta allt of margar stelpur fyrir þrítugt sem er allt of snemmt. Ef stelpur ætla að vera í þessu af alvöru þá verður að fórna öllu. Ég veit að það er erfitt enda ekkert borgað fyrir að spila en þetta snýst líka um metnað hvers og eins. Mér finnst persónulega oft vanta meiri metnað,“ sagði Anna María og máli sínu til stuðnings benti hún á að ef hún færi að spila með B-liði Keflavíkur þá væri hún örugglega elsti leikmaðurinn en í því liði eru fyrrum leikmenn Keflavíkur sem hættu of snemma.

henry@frettabladid.is



**DROTTNINGIN OG PRINSESSAN** Anna María sést hér í leik gegn Haukum á dögunum. Haukar hafa tekið við af Keflavík sem besta lið landsins og Helena Sverrisdóttir, sem reynir að ná boltanum af Önnu Maríu, hefur tekið við af Önnu Maríu sem besta körfuboltakona landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SIGURVEGARI** Anna María vann marga sæta sigra á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

www.kokkarnir.is
Osta- og gjafakörfur
hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum og gerðum



Hringdu og fáðu upplýsingar
5114466
kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
Í OSTA- OG SÆLKERABORÐINU HAGKAUPUM, KRINGLUNNI
Pantanir: kokkarnir@kokkarnir.is
ART-AD.IS 12.2005

Knattspyrnumaðurinn Jóhann Birnir Guðmundsson er ennþá án félags:

# Hefur mætt á æfingar hjá Fylki

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Jóhann Birnir Guðmundsson hefur mætt á æfingar hjá Keflavík og Fylki frá þeim tíma að hann kom heim til Íslands í haust frá sænska liðinu Örgryte, en þar varð hann einn af þeim leikmönnum sem urðu fórnarlömb mikilla fjárhagsörðugleika félagsins. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagðist Jóhann hafa mætt á æfingu í Árbænum fyrir tilstuðlan félaga síns Hauks Inga Guðnasonar en sjálfur lék Jóhann með Keflavík áður en hann hélt í atvinnumennsku og er vitað að þar á bæ hafa menn mikinn hug á því að fá leikmanninn aftur í sínar raðir.

„Þeir hjá Fylki hafa rætt aðeins við mig en fyrst um sinn ætla ég að einbeita mér að því að koma mér að hjá liði erlendis. Ég er alveg opinn fyrir því að spila á Íslandi en ef svo fer þá veit ég ekkert með hvaða liði. En það er ekkert sjálfgefið að það verði Keflavík,“ segir hinn 28 ára gamli Jóhann sem fór til Watford á Englandi árið 1998 og hefur síðan þá leikið með Lyn í Noregi og nú síðast Örgryte.

„Það er í raun allt í biðstöðu hjá mér ennþá og held að það muni ekkert gerast fyrr en í janúar eða febrúar. En það er ekkert laungarmál að ég stefni að því að komast að hjá liði erlendis,“ segir Jóhann og útilokar ekki neitt. „Það skiptir mig í raun engu máli hvar ég spila, svo lengi sem það er áhugavert, mun ég skoða það,“ segir hann.

- vig



**JÓHANN BIRNIR GUÐMUNDSSON** Er opinn fyrir því að spila á Íslandi næsta sumar en stefnir að því að komast út.

# Jólatilboð aldarinnar

**1** Þú kaupir Medion 40" LCD sjónvarp eða Medion 42" plasmasjónvarp...




**19.999** **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**239.988** STAÐGREITT

MEDION®

### 40" LCD SJÓNVARP 30140

- HD Ready LCD sjónvarp
- Upplausn 1366 x 768
- 1000:1 í Skerpu
- Birta 500cd/m2
- Mynd í Mynd (PIP)
- Textavarp með 2100 síðna minni
- Styður PAL/SECAM/NTSC
- 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
- 2x SCART, Composite og S-Video
- DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
- Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu

**Mynd í mynd**
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað

**HD Ready**
Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.

**Tengdu við tölvuna**
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra fyrir nýjustu leikina!

**Ótal tengimöguleikar**
Tvö Scart tengi, Component tengi og S-Video tengi þýðir að þú getur tengt nóg af græjum við án þess að lenda í vandræðum.

**Skýrari mynd**
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við.




**15.799** **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
**189.588** STAÐGREITT

MEDION®

*Glerstandur!*

### 42" Plasmasjónvarp MD35798

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 10000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg

**Miklir tengimöguleikar**
2 SCART tengi og S-Video tengi sem gera þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt mörgum öðrum tengimöguleikum.

**Mynd í mynd**
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú getur haft sem hornmynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.

Vá!




**2** ...skilar gamla sjónvarpinu þínu...

Tegund, stærð, ástand, aldur eða áhorf sjónvarpsins skiptir ekki máli, bara að það sé eða hafi verið sjónvarp.




**3** ...færð Sony heimabíó og 11 DVD myndir

SONY GÆÐI



SONY

**SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100**
DAVDZ100

- S-Master Digital Magnari
- BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
- A/V Sync • Fjölkerfa • Mutli Stereo
- Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
- VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Hljóðtengi fyrir sjónvarp
- Fjarstýring

**35.999**

Klikkaður kaupauki!

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# Danmörk og Holland heilla mest

**Knattspyrnumaðurinn Hörður Sveinsson er eftirsóttur af félögum úti um alla Evrópu en sjálfur er hann hrifnastur af Danmörku og Hollandi. RKC Walwijk í Hollandi ætlar að skoða Hörð betur í næsta mánuði.**

**FÓTBOLTI** Framherjinn Hörður Sveinsson hjá Keflavík kom aftur til landsins í fyrradag eftir að hafa verið til reynslu hjá hollenska úrvalsdeildarliðinu RKC Walwijk í fimm daga. Hörður segist hafa gengið hreint ágætlega á þeim æfingum sem hann tók þátt í á þessum tíma og eru miklar líkur á því að hann fari aftur til Hollands í janúar og leiki þá æfingaleik með liðinu.

„Þetta var eini tíminn sem ég gat farið út vegna skólans hér heima en þetta hitti þannig á að aðal- og varaliðið voru að spila í þessari viku og ég má ekki spila með varaliðinu nema að vera skráður í félagið,“ segir Hörður.

„Þjálfari liðsins sagði mér að hann hefði verið mjög ánægður með það sem hann sá til mín á æfingum en hann vill fá mig aftur og sjá mig spila í alvöru leik,“ segir Hörður, en hann er með samning við Keflavík út næsta ár sem þýðir að erlend félög munu þurfa að greiða Keflavík til að fá hann í sínar raðir.

Hörður sló fyrst í gegn í Landsbankadeildinni í sumar þar sem hann skoraði níu mörk í 17 leikjum, var valinn efnilegasti leikmaðurinn í lok móts og vakti auk þess athygli fyrir góða frammistöðu með U-21 árs landsliðinu í undankeppni HM. Hann hefur nú verið til reynslu hjá alls fjórum liðum eftir að Íslandsmótinu hér heima lauk í haust og öll eru þau í mismunandi löndum. Liðin sem um ræðir eru AIK í Svíþjóð, Brann í Noregi, FC Mydjylland í Danmörku og nú síðast RKC Walwijk í Hollandi. Hörður segir mjög gott að hafa fengið að kynnast fótboltanum í þessum löndum sem er mjög mismunandi.

„Þetta er mjög fínt og með þessu sé ég hvaða land ég tel henta mér best og ég get ekki sagt annað en að mér líki best við Danmörku og Holland. Boltinn í þessum deildum er skemmtilegri en í Noregi og Svíþjóð. Það er meiri fótbolti, bæði á æfingum og í leikjum, og það finnst mér miklu skemmtilegra,“ segir Hörður sem æfir á fullu með Keflavík á milli reynsluferða til Evrópu. - vig



**HÖRÐUR SVEINSSON** Hefur verið í hálfgerðri Evrópureisu í vetur og farið til reynslu til fjögurra félaga í fjórum löndum.



**ROBBIE FOWLER** Hefur aldrei náð sér á strik með Man. City.

Harry Redknapp:

## Hefur ekki áhuga á Fowler

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, nýráðinn knattspyrnustjóri Portsmouth, greindi frá því í gær að Robbie Fowler væri ekki á meðal þeirra leikmanna sem eru á óskalista hans. Redknapp er sagður fá fimm milljónir punda til ráðstöfunar þegar leikmannaglugginn opnast að nýju í janúar og hafði Fowler verið nefndur sem maðurinn til að leysa vandamálin sem fylgja markaþurrð framherja liðsins.

„Hans nafn var ekki nefnt til sögunnar af mér. Ég veit ekki einu sinni hvernig formi hann er í,“ segir Redknapp. - vig

Evrópumót kvenna:

## Ísland mætir Makedóníu

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik mun mæta Makedóníu í umspili um laust sæti á EM. Fyrri leikur þjóðanna fer fram hér á landi 27. eða 28. maí en síðari leikurinn ytra viku síðar.

Sigurliðið fer síðan á EM sem fram fer í Svíþjóð í desember. - hbg

Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke City:

## Vill ólmur kaupa Gallagher

**FÓTBOLTI** Johan Boskamp, stjóri Íslendingaliðsins Stoke City í ensku 1. deildinni, reynir nú allt sem í sínu valdi stendur til að festa kaup á framherjanum Paul Gallagher, sem er í láni hjá Stoke á tímabilinu frá Blackburn. Gallagher hefur spilað stórkostlega fyrir Stoke þann tíma sem hann hefur verið hjá liðinu og borið uppi sóknarleik liðsins ásamt framherjanum Simbegou Bangoura, en saman hafa þeir skorað 15 mörk í deildinni á tímabilinu. Stoke hefur komið mjög mikið á óvart í ár og er í 5. sæti deildarinnar – árangur sem að má að stórum hluta þakka Gallagher.

„Hann verður hjá okkur út tímabilið en það verður erfitt fyrir okkur að reiða fram peninginn sem þarf til að halda honum áfram. Við erum Stoke en ekki Chelsea,“ sagði Boskamp í gær. „Blackburn borgar hluta af launum hans ennþá en þau eru há og það er ljóst að þau þurfa að lækka til að við getum boðið honum að vera áfram. Hann vill vera áfram og allir hjá félaginu vilja ólmir halda honum en það er Blackburn sem stjórnar leiknum. Við getum ekki annað en vonað að þeir setji sanngjarnan verðmiða á hann,“ segir Boskamp. - vig



**JOHAN BOSKAMP** Gerir allt til að halda stjörnuleikmönnunum sínum.

Blakmenn ársins valdir:

## Jóna Guðlaug og Emil best

**BLAK** Stjörnumaðurinn Emil Gunnarsson og Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir, leikmaður Þróttar í Neskaupstað, hafa verið valin blakmenn ársins.

Í tilkynningu frá blaksambandinu kemur fram að Emil hafi verið fyrirliði íslenska A-landsliðsins í Andorra en Jóna Guðlaug er aðeins 16 ára gömul en var þrátt fyrir það þriðja stigahæst leikmanna í 1. deildinni. og lék sína fyrstu landsleiki á árinu. - hbg





JÓLAGJÖF FJÖLSKYLDUNNAR ER KOMIN Í VERSLANIR OG VODAFONE

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI GETUR ÞÚ...

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKIÐ UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK



digital ísland

FÁÐU ÞÉR NÝJAN STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL OG HORFÐU ÞEGAR ÞÉR HENTAR.
ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE
OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS.
VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

www.hanspetersen.is

## 28-420mm
## 3,5" skjár





3.121 kr. á mánuði*

**SAMSUNG Pro815**

- 8,0 milljón punkta upplausn, D-SLR
- SCHNEIDER þýsk hágæðalinsa, með ljósopi F2,2-F4,6
- 15x optískur aðdráttur (28-420mm)
- 3,5" LCD 230.000 punkta litaskjár og minni upplýsingaskjár
- Alsjálfvirk - Hraði: 1/4000 – Manual fókus (Professional)
- Video m/hljóði eins og minniskort leyfir
- 64 MB CF minniskort og 1900mAh Li-ion hleðslusett fylgir, allt að 500 myndir á hleðslu
- PictBridge samskiptastaðall

- **Listaverð kr. 69.900,-**

Væntanleg aftur í búðir

## DVD
## UPPTÖKUVÉL



3.971 kr. á mánuði*

**Canon DC20, DVD upptökuvél**

- 1/3,9" 2,2 megapixla CCD myndnemi, RGB litafilter og DiGiC DV örgjörvi • 10x optískur aðdráttur og 200x stafrænn • Hristivörn, sjálfvirkt "Easy" kerfi og næturkerfi • 2.4" skjár og lita "viewfinder" • Vandaðar kyrrmyndir • Háhraða USB 2,0 / AV og S-video með multicable / PictBridge • Li-Ion hleðslurafhlaða og innbyggt hleðslutæki

- **Listaverð kr. 89.900,-**

# VAXTALAUS SPRENGJA Í KRINGLUNNI

## Skerpa 10.000:1
## HDTV ready




6.951 kr. á mánuði*

**Lenco PL-4201**

42" Plasma sjónvarp. Skerpa: 10.000:1.
Upplausn: 852x480. Birta: 1000cd/m2. HDTV ready.
Textavarp. Öflugt stereo hljóðkerfi. Tengi: S-Video,
2x Composite, VGA og 3x scart tengi (2x RGB & 1x S-Video).

- **Listaverð kr. 159.900,-**



2.990 kr. á mánuði**

**EPSON litalaser C1100**

- Fallegir og lifandi litir með Epson AcuBrite tonerum
- Búa má til vönduð litaskjöl með fríum easy-to-use hugbúnaði
- Hröð 25ppm prentun í svart/hvítu og 5ppm fyrir litaprentun
- Fyrsta síða í svart/hvítu tekur aðeins 9 sek.
- Margir tengimöguleikar, m.a. netkort, USB 2,0 o.fl.
- Auðveldur í notkun og viðhaldi

- **Listaverð kr. 39.900,-**





**Canon EOS 350D**

**Hús með EFS 17-85 mm linsu og rafhlöðupakka (battery grip)**

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun

5.671 kr. á mánuði*

- **Listaverð kr. 129.900,-**

Væntanleg í búðir





**Canon EOS 350D**

**Hús með EFS 18-55 mm linsu, EF 55-200 mm linsu og rafhlöðupakka (battery grip)**

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Öflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun

4.821 kr. á mánuði*

- **Listaverð kr. 109.900,-**

HANS PETERSEN

Kringlan • Laugavegur 178

MasterCard · VISA RAÐGREIÐSLUR

* Verð miðast við raðgreiðslur Visa eða Euro til 24 mánaða

** Verð miðast við raðgreiðslur Visa eða Euro til 12 mánaða

# Fernando Alonso fer til McLaren-liðsins árið 2007

**Heimsmeistarinn í Formúlu 1 hefur ákveðið að ganga til liðs við McLaren rétt eins og símarisinn Vodafone. McLaren ætlar sér aftur á toppinn.**

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn í Formúlu 1-kappakstri, Spánverjinn Fernando Alonso, mun ganga í raðir McLaren-liðsins tímabilið 2007 en hann keyrir fyrir Renault í dag og mun gera áfram á næsta ári.

Þetta eru ekki sérstakar fréttir fyrir þá Kimi Raikkonen og Juan Pablo Montoya því annar þeirra verður látinn víkja fyrir Alonso. Það er ljóst að McLaren ætlar sér að verða yfirburðalið í Formúlunni á ný en liðið er nýbúið að tilkynna að Vodafone verði aðalstyrktaraðili liðsins en símarisinn hefur snúið baki við Ferrari-liðinu rétt eins og Manchester United.

„Það eru frábærar fréttir að heimsmeistarinn skuli hafa mikla trú á því sem við erum að gera hjá þessu liði," sagði Ron Dennis, yfirmaður McLaren-liðsins. „Það er klárt að við viljum vera besta liðið og með því reynum við að lokka til okkar bestu ökumennina og sterkustu styrktaraðilana."


**FERNANDO ALONSO** Mun keyra fyrir Renault á næstu leiktíð en síðan mun hann ganga í herbúðir McLaren. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Alonso varð yngsti heimsmeistari sögunnar, 24 ára, þegar hann tryggði sér titilinn á síðasta tímabili og var þar að auki fyrsti Spánverjinn sem var heimsmeistari.

„Að vera hluti af liði sem hefur eins mikla þrá, löngun og stefnu og McLaren er draumur hvers ökumanns. Þetta verður ný byrjun fyrir mig og ný áskorun þar að auki. Það eru spennandi tímar fram undan eftir að ljóst varð að Vodafone ætlar í samstarf með liðinu. Það verður erfitt að yfirgefa Renault en stundum koma tækifæri sem eru of góð til þess að hafna. Þetta var eitt þeirra," sagði Alonso. „Ég ætla ekkert að gefa eftir á næsta tímabili og stefni á að yfirgefa Renault með titli."

Ron Dennis hefur ekki ákveðið hver muni víkja fyrir Alonso en líklegt er að það verði Kimi Raikkonen en fastlega er búist við því að hann taki við af Michael Schumacher hjá Ferrari.

henry@frettabladid.is

Roy Keane tjáir sig meira um brotthvarfið:

## Eiginkonan réð því að hann fór til Celtic

**FÓTBOLTI** Roy Keane, miðjumaðurinn sem ákvað í síðustu viku að ganga til liðs við Celtic í Skotlandi fremur en Real Madrid á Spáni þar sem hann hefði fengið helmingi meira borgað, hefur greint frá því hvað vó þyngst í ákvörðun hans. Og eins og hjá svo mörgum karlmönnum virðist sem að betri helmingurinn ráði ferðinni á hans heimili.

„Þetta tók langan tíma að ganga frá þessu en á síðustu tveimur til þremur vikunum tók konan mín völdin. Á endanum og var þetta að stórum hluta hennar ákvörðun. Hún var komin með upp í kok af því að sjá andlitið á mér í fréttunum á hverjum einasta morgni, þar sem var verið að bendla mig við lið úti um allan heim," segir Keane.

„Í lokin snerist þetta um það að taka ákvörðun. Ég gat ekki beðið lengur," segir Keane, sem fær 40 þúsund pund á viku hjá Celtic en hefði fengið 70 þúsund á viku hjá Real Madrid. Keane segir að hann hafi rætt við Emilio Butragueno, yfirmanns íþróttamála hjá Real, í gegnum síma og að tilboð hans hafi verið mjög freistandi. „En ég er ekki hrifinn af því að gera hlutina í gegnum síma. Hefði ég valið


**ROY KEANE** Í stað þess að vera með tæpar átta milljónir á viku á Spáni sætti Keane sig við að vera með rúmar fjórar milljónir á viku í Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Real hefði ég þurft að bíða í viku til viðbótar og ég var einfaldlega ekki tilbúinn til þess," sagði Keane jafnframt.

Og Keane skortir ekki sjálfstraustið frekar en fyrri daginn. Hann kveðst standa fyllilega við þá gagnrýni sem hann lét falla á MUTV eftir 4-1 tap Manchester United fyrir Middlesbrough fyrir nokkrum vikum sem leiddi á endanum til þess að hann var rekinn frá Man. Utd. „Ég horfði á sjónvarpsþáttinn með liðsfélögum mínum og það voru allir sammála mér. Ég átti aldrei í vandræðum með samskipti við samherja mína. Spurðu hvaða leikmenn sem er sem ég hef spilað með á ferlinum – þeir munu allir tala vel um mig." - vig


**ROBERT HUTH** Hefur virkað afar taugaóstyrkur í þeim leikjum sem hann hefur spilað með Chelsea á leiktíðinni.

David O´Leary:

## Vill fá Robert Huth lánaðan

**FÓTBOLTI** Aston Villa hefur lagt fram beiðni til Chelsea um að fá þýska varnartröllið Robert Huth lánaðan eftir jól og út tímabilið. Vitað er að David O´Leary, knattspyrnustjóri liðsins, er í sárri leit að varnarmanni en sökum bágrar fjárhagsstöðu félagsins mun hann ekki fá krónu til leikmannakaupa í janúar. Hann hyggst því leita á lánsmarkaðinn og sér Huth sem einn sterkasta leikmanninn sem gæti hugsanlega verið möguleiki á að fá.

Umboðsmaður Huths, Manfred Schulte, útilokar ekki að samkomulag geti náðst og segist ætla að hitta Jose Mourinho á næstunni. „Ég veit ekki nákvæmlega hvenær það verður en við munum ræða málin. En það er alltaf Chelsea sem ræður færðinni í þessu máli," sagði Schulte. - vig





JÓLATILBOÐ
4.800 kr. á mánuði til 6. febrúar og Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!
515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE





GOTT FÓLK McCANN

Eitt símtal

550 5000

Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!
Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.
Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!
Létt 96,7 | Bylgjan 98,9 | Talstöðin FM 90,9 | vísir | FRÉTTABLAÐIÐ
Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna

Fimm miðlar

# Allur pakkinn

BT





- 6600GT skjákort
- 300GB harður diskur
- 1024MB vinnsluminni

Frábært tilboð

**5.118***

## MEDION V8

8077IS

**MEDION V8 X2**

- 19" "gamerskjár"
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Þráðlaust lyklaborð og geislamús
- Microsoft Windows XP home edition
- Power DVD 8-channel
- Nero 6 Burning ROM • Nero Recode
- CA eTrust Antivirus (90 days)
- Windows Movie Maker klippihugbúnaður

POWERED BY DDR MEMORY

DVD R/RW

VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI

**64 BITA**

**64 bita örgjörvi**
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

**1024 MB**

**1024MB DDR2 vinnsluminni**
Tölvan er útbúin tveimur 512MB DDR2 minniskubbum sem vinna báðir í einu en það eykur vinnsluhraða tölvunnar svo hún verður mun sprækari.

**DUAL CORE**
Ný bylting í heimilistölvum -
Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

**NVIDIA GeForce 6600 GT 256MB Skjákort**
Eitt allra hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin eins og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, CineFX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.

**5.118*** Tölvukaupalán 48 mán.

**14.999**** Vaxtalaust 12 mán.

**179.988** Staðgreitt

# Stafræn tökuvél fylgir!

## Panasonic

**MiniDv videóvél NVGS17B**

- **DV tengi og USB2** Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar.
- **2.5" Litaskjár** Hágæða LCD litaskjár sem þú snýrð eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.
- **800x aðdráttur** Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum.

Stafræn tökuvél



FYLGIR 35.988



Klipptu myndskeiðin úr Panasonic tökuvélinni þinni í Medion V8 ofurtölvunni þinni og...

...brenndu á DVD disk og sendu t.d. ömmu og afa í jólagjöf...

...algjör snilld

# Tilboð með MedionV8

**Fáðu 12.000 BTnet afslátt!**
**12.000 kr. afsláttur af öllum far- og borðtölvum fylgir ef þú tekur ADSL áskrift hjá BTnet.**

BTNET www.btnet.is.

Til: Þín! Frá: BTnet

4Mb/s extra light ADSL V16

MEDION
**Viltu hafa tvo skjái?**
**1.999 krónur**
til viðbótar á mánuði fyrir auka skjá!

19" FLATUR SKJÁR

Tilboð á aukaskjá

BT

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# JÓI FEL

## ER MÆTTUR Á DVD

**6 SÆLKERAÞÆTTIR OG VEGLEGUR UPPSKRIFTARBÆKLINGUR FYLGIR!**




**KOMINN Í NÆSTU VERSLUN!**

sena




# Ronaldinho er langbestur

**Landsliðsþjálfarar og fyrirliðar völdu Brasilíumanninn Ronaldinho besta leikmann heims árið 2005. Birgit Prinz var valin besta knattspyrnukona heims.**



**RONALDINHO** Var kjörinn besti knattspyrnumaður heims hjá FIFA með miklum yfirburðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Það var mikið um dýrðir í óperuhúsinu í Zurich í Sviss þegar kjöri besta knattspyrnufólks heims var lýst. Valið er á vegum Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, og það eru landsliðsþjálfarar og landsliðsfyrirliðar sem kjósa.

Það þarf vart að koma á óvart að Brasilíumaðurinn Ronaldinho, leikmaður Barcelona, sigraði kjörið með miklum yfirburðum (956 stig). Englendingurinn Frank Lampard, leikmaður Chelsea, varð annar (306 stig) og félagi Ronaldinho hjá Barcelona, Samuel Eto´o, varð þriðji (190 stig). Þetta var annað árið í röð sem Ronaldinho hlýtur þessi verðlaun.

Hjá konunum var þýska stúlkan Birgit Prinz kjörin best þriðja árið í röð (513 stig). Brasilíska stúlkan Marta var önnur (429 stig) og bandaríska stúlkan Shannon Boxx varð þriðja (235 stig). Engin knattspyrnukona hefur áður verið valin þrjú ár í röð.

Þess má geta að landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen valdi Ronaldinho í fyrsta sætið, Adriano í annað og Lampard í það þriðja. Landsliðsþjálfararnir fyrrverandi, Ásgeir og Logi, völdu Kaká fyrstan, Ronaldinho var annar hjá Ásgeiri og Loga og Frank Lampard þriðji.

Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir setti Prinz aðeins í þriðja sætið hjá sér en Marta var fyrst og Renate Lingor önnur. Landsliðsþjálfarinn Jörundur Áki Sveinsson setti Mörtu í fyrsta sætið, Prinz í annað og Lingor í það þriðja.

**- hbg**

---

Þjálfarateymi íslenska landsliðsins í knattspyrnu hefur verið ákveðið:

# Bjarni og Birkir aðstoða Eyjólf



**ÞJÁLFARATEYMIÐ** Þremenningarnir sem munu koma til með að bera ábyrgð á árangri íslenska landsliðsins í knattspyrnu næstu þrjú árin: Birkir Kristinsson, Eyjólfur Sverrisson og Bjarni Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN KRISTINSSON

**FÓTBOLTI** Bjarni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks, og Birkir Kristinsson, fyrrum landsliðsmaður og leikmaður ÍBV, hafa verið ráðnir aðstoðarmenn Eyjólfs Sverrissonar hjá íslenska landsliðinu í knattspyrnu. Báðir skrifuðu þeir undir tveggja ára samninga við KSÍ en Bjarni mun sjá um að aðstoða Eyjólf við almennar æfingar á meðan Birkir mun sjá um markmannsþjálfun liðsins.

„Það er erfitt að slíta sig frá landsliðinu,“ sagði Birkir hlæjandi við Fréttablaðið í gær eftir að tilkynnt hafði verið um ráðningu hans. Birkir hefur verið viðloðandi landsliðið allt frá því að hann var valinn fyrst í ólympíulandsliðshópinn svokallaða árið 1988 en honum lauk síðan formlega í vináttuleiknum gegn Ítalíu síðasta sumar. Nú er hann hins vegar snúinn aftur í landsliðið sem þjálfari sem þýðir að þegar hinn nýi samningur hans við KSÍ rennur á enda er tíminn með landsliðinu farinn að slaga hátt í tvo áratugi.

„Ég ætlaði upphaflega ekki að taka nein þjálfarastörf að mér en það má segja að þetta hafi verið tilboð sem ég gat ekki hafnað,“ segir Birkir sem býr ekki yfir neinni þjálfaramenntun að viti, aðeins gríðarlegri reynslu. „Ég treysti mér alveg í þetta starf sem er vissulega svolítið öðruvísi en hefðbundið þjálfarastarf,“ sagði Birkir og bætti því við að þetta yrði að öllum líkindum hans fyrsta og síðasta þjálfarastarf.

„Ég held að þetta verði mjög fínt og ég þarf allavega ekki að kynnast neinum. Mér líst mjög vel á þetta teymi, við þjálfararnir þekkjumst allir frá fyrri tíð og ég hlakka til að takast á við þetta.“

Í tilkynningu frá KSÍ kemur fram að Bjarni sé gríðarlega reyndur þjálfari sem lokið hafi hæsta stigi sem boðið er upp á í þjálfaramenntun hér á landi. Þá segir að Birkir sé einn reynslumesti leikmaður íslenskrar knattspyrnu frá upphafi en hann er sá leikmaður sem leikið hefur flesta leiki í efstu deild, eða 320 samtals. Þá hefur hann leikið 74 A-landsleiki fyrir Íslands hönd.

**vignir@frettabladid.is**

---

Blatter ræðst harkalega á leikmannastefnu Chelsea:

# Chelsea ekki til fyrirmyndar í stefnu sinni

**FÓTBOLTI** Forseti FIFA, Sepp Blatter, er vanur að hrista upp í hlutunum og hann gerði það enn eina ferðina í gær þegar hann réðst nokkuð harkalega að Chelsea en hann er ekki hrifinn af þeim fjölda útlendinga sem spila með liðinu.

„Ef félög geta aðeins haft fimm útlendinga í byrjunarliðum sínum þá neyðast þau til að sinna unglingastarfinu betur. Þá gæti Roman Abramovich ekki lengur keypt alla bestu menn heims fyrir fáránlegar upphæðir. Chelsea er dæmi um hvernig hlutirnir eiga ekki að vera og við viljum ekki sjá slíkt gerast úti um allan heim,“ sagði Blatter sem ætlar að berjast fyrir því að hömlur verði settar á fjölda erlendra leikmanna hjá félagsliðum. „Stuðningsmennirnir verða líka nánari leikmönnunum ef fleiri þeirra eru heimamenn. Þessi breyting mun líka sjá til þess að hinir ríku hætta að verða ríkari og að hinir fátækari hætti að verða fátækari. FIFA telur það vera rétta þróun. Það eru aðeins einn til tveir heimamenn hjá Liverpool og Bayern München og það er ekki gott fyrir fótboltann,“ sagði Blatter. Þess má geta að fjöldi enskra leikmanna er í aðalliðshóp Liverpool og þar af landsliðsmenn þannig að þessi fullyrðing Blatters stendur ekki alveg undir sér rétt eins og margar aðrar sem hann hefur látið frá sér.

Ekki er talið líklegt að hugmyndir Blatters nái í gegn.

**- hbg**

---

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

17 18 19 **20** 21 22 23

**Þriðjudagur**

**SJÓNVARP**

- 16.30 **Besti leikmaður heims** á Sýn. Útsending frá kjörinu sem fram fór í gærkvöld.
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 19.00 **Ensku mörkin** á Sýn. Mörkin og marktækifærin úr ensku 1. deildinni.
- 19.30 **Enski deildarbikarinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Birmingham** og **Man. Utd**.
- 20.00 **Þrumuskot** á Enska boltanum.
- 21.00 **Að leikslokum** á Enska boltanum.
- 21.30 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Celta Vigo.**


MIKIÐ ÚRVAL JÓLAGJAFA
ÖRBYLGJUOFN FRESIA 19L
Verð 5.790 kr.
SÚPERBYGG
Úrval jólagjafa fyrir framkvæmdafólk og iðnaðarmenn. Handverkfæri og rafmagnsverkfæri. Sjón er sögu ríkari
Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.
allt að 50% ódýrari
2.490 kr.
LOFT-VERKFÆRASETT
4.990 kr.
FLÍSASÖG
5.900 kr.
VERKFÆRAKASSI Á HJÓLUM
3.490 kr.
STINGSÖG 800W M/LASER
2.790 kr.
HNÍFAPARASETT FISKARS F. 4 KRÓM EÐA STÁL
10.990 kr.
DEWALT 907 K2 12v 2 RAFHLÖÐUR
11.990 kr.
BÚTSÖG Á SLEÐA
26.450 kr.
METABO BSZ 14,4 3ah Imp. hleðsl.
4.590 kr.
BORÐSÖG 600W
6.990 kr.
BÚTSÖG 1100W
18.990 kr.
DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 600W
13.490 kr
BÚTSÖG F. JÁRN
2.790 kr.
SDS BORA OG FLEIGASETT
5.890 kr.
MANNESMANN HLEÐSLUVÉL 18V 2 RAFHL.
4.250 kr.
SLÍPIROKKUR Í TÖSKU STIGLAUS
3.590 kr.
SMERGEL 150MM 250W
6.290 kr.
BORÐ FYRIR HANDFRÆSARA
29.850 kr
BYSSUSKÁPUR 7 BYSSUR
1.690 kr.
FLÍSUNDIRFÖT BUXUR OG BOLUR
Verð frá 1.890 kr.
TOPPLYKLASETT GOTT ÚRVAL FRÁBÆRT VERÐ
2.450 kr.
MANNESMANN HÖGGBORVÉL 600W
4.990 kr.
HJÓLSÖG 185 M/LEISER
14.890 kr.
SILVER STORM HJÓLSÖG 1600W
4900 kr.
KULDAGALLAR STÆRÐIR s, m, l, xl, xxl, xxxl
21.900 kr.
RAFSUÐUVÉL CO-2 FYRIR FYLLTAN VÍR
79.990 kr.
BORÐSÖG 2200 W
10.890 kr.
SLÍPIROKKUR DEWALT 125MM
Verð frá 1.540 kr.
ÚTILJÓS
3.990 kr.
VERKFÆRAKASSI 26”
1.990 kr.
VERKFÆRASETT BARNA
Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15
Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080
SÚPERBYGG
– meira fyrir minna

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Sabrina, don't just stare at it, eat it.“**

**Svar:**
Patrick Bateman úr kvikmyndinni American Psycho frá árinu 2000.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** FREYR GÍGJA GUNNARSSON LAUMAR SÉR INN Í HÚS HINNA FRÆGU

## *Hvar er draumurinn?*

Þegar ég var lítill dreymdi mig um að verða rokkstjarna eða frægur Hollywoodleikari. Hafði lesið um kvennafar og ríkidæmi þeirra á síðum blaðanna. Ég lærði á gítar til að auka líkurnar og vonaðist til að einhver frægur leikstjóri myndi uppgötva mig. Dagdraumarnir snerust um hið ljúfa líf og fögur fljóð. Kampavín í morgunmat, glæsibifreiðar og stór hús í hverri heimsálfu. Leikstjórinn kom aldrei til landsins og frægð mín hefur aldrei náð neinum hæðum nema þá kannski sem kassagítarspilari í partíum. Ég þroskaðist líka og gerði mér smám saman grein fyrir því að það verður enginn ríkur á dagdraumum. Ég var þó óþægilega minntur á þessa löngu horfna drauma mína með þáttunum The Fabulous Life of... sem sýndir eru á sjónvarpsstöðinni Sirkus. Þar er lífsstíll hinna ríku og frægu krufinn til mergjar og sýnt frá heimilum þessa fólks sem virðist lifa á forsíðum slúðurblaðanna. Ríkidæmi þessara stjarna er geigvænlegt. Þær eiga húseignir sem metnar eru á fleiri hundruð milljónir, bílaflota sem telur yfir tugi bíla og svona mætti lengi telja. Í einum þættinum var fjallað um börnin þeirra sem lepja dauðann ekki úr skel. Þau ganga í rándýrum tískufötum, eiga sín eigin hús og leiktæki sem við almúgafólkið getum einungis leyft okkur að dreyma um.


**P. DIDDY** Er einhver allra ríkasti hipp hopp-listamaðurinn í heiminum og kemur stundum fyrir í þáttunum The Fabulous Life of...

Það er eflaust ekki holt að horfa á svona þætti fyrir dagdraumamann eins og mig. Stundum er þó gaman að leyfa sér þann munað að dreyma um frægð og frama. Eftir því sem ég verð eldri tekur líka mun styttri tíma fyrir mig að vakna. Ég tek raunveruleikanum opnum örmum sem þrátt fyrir villu- og bílaleysið er ekki alveg jafn slæmur og hann lítur út fyrir mig að vera eftir að hafa horft á þættina The Fabulous Life of... ■

RÍKISÚTVARPIÐ 75 ÁRA — ▶ 20.15 *Heimildarmynd*


ADRENALINE RUSH — ▶ 20.40 *Raunveruleiki*


IDOL EXTRA — ▶ 20.30 *Raunveruleiki*


INNLIT / ÚTLIT — ▶ 21:00 *Lífstíll*


ENSKI DEILDABIKARINN — ▶ 19.30 *Fótbolti*

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (19:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Allt um dýrin (17:25) **18.25** Gló magnaða (30:52)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (20:24)** Brúðuþættir eftir Jóhann G. Jóhannsson og Þóru Sigurðardóttur. Dagskrárgerð: Eggert Gunnarsson og Hlíf Ingibergsdóttir.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.15 Ríkisútvarpið 75 ára** Reglubundnar útsendingar Ríkisútvarpsins hófust 20. desember 1930. Í þessari dagskrá er fjallað um fjölþætta starfsemi Útvarpsins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sólistar (3:3)** (Solisterna) Margverðlaunaður sænskur myndaflokkur. Hjónum er bjargað úr brennandi húsi þar sem þau eru bundin við rúm sitt en dóttir þeirra finnst látin og eru áverkar á líkinu. Lögreglunni miðar hægt við rannsókn málsins því að hjónin neita að segja hvað gerðist en smám saman kemur sannleikurinn í ljós.

**23.25** Örninn (8:8) **0.25** Kastljós **1.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (19:145) **10.20** Grey's Anatomy (4:9) **11.05** Eldsnöggt með Jóa Fel (e) **11.35** Alf **12.00** Hádegisfréttir

**12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** The Guardian **14.15** Life Begins 2 **15.00** Extreme Makeover – Home Edition **16.00** Shin Chan **16.20** He Man **16.45** Ginger segir frá **17.10** Jellies **17.20** Jesús og Jósefína **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Galdrabókin (20:24)**
**19.45 The Simpsons (6:22)**
**20.10 Strákarnir**
▶ **20.40 Jack Osbourne – Adrenaline Rush (1:3)** (Jack Osbourne – á útopnu)
**21.25 Numbers (5:13)** (Tölur) Nýr bandarískur sakamálaþáttur um stærðfræðisnilling sem vinnur með bróður sínum, sem er yfirmaður hjá FBI. Bönnuð börnum.
**22.10 Í sex skrefa fjarlægð** Upptaka frá eftirminnilegum útgáfutónleikum Bubba Morthens sem haldnir voru í nóvembermánuði í Þjóðleikhúsinu.

**23.05** Over There **23.50** Deadwood 2 **0.45** Amazon Women on the Moon (e) (Bönnuð börnum) **2.05** Road Ends (Stranglega bönnuð börnum) **3.40** Twenty Four 3 (e) **4.20** Silent Witness **5.15** Fréttir og Ísland í dag

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Veggfóður**
**20.00 Friends 5 (15:23)**
▶ **20.30 Idol extra 2005/2006 Í**
**21.00 Laguna Beach (1:17)** Önnur serían um krakkana á Laguna Beach.
**21.50 Fabulous Life of (6:20)** (Fabulous Life of: Leo & Giselle)
**22.20 HEX (12:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie er feimin ung stelpa sem uppgötvar einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa gengið í gegnum ætt hennar, kynslóð eftir kynslóð.

**23.05** Fashion Television (8:34) **23.30** Friends 5 (15:23) (e) **23.55** The Newlyweds (12:30) **0.20** Tru Calling (12:20)

### SKJÁREINN

**17.25** Cheers **17.50** The O.C. (e)

**18.50 Fasteignasjónvarpið**
**19.00 Silvía Nótt – Tvöfaldur lokaþáttur (e)** Frægasta frekjudós landsins snýr aftur.
**20.00 Borgin mín** Íslenska þjóðin er ekki svo ýkja fjölmenn en þó finnast Íslendingar á ólíklegustu stöðum.
**20.30 Allt í drasli**
▶ **21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Judging Amy**
**22.50 Sex and the City – 3. þáttaröð** Carrie hættir við Bill Kelley þegar hann segir henni frá sínum leyndustu órum og Miranda spyr Steve hvort þau eigi að taka sambandið á næsta stig.

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor Guatemala – Tvöfaldur úrslitaþáttur (e) **1.55** Cheers (e) **1.55** NÁTTHRAFNAR **1.55** Everybody loves Raymond **2.20** Da Vinci's Inquest **3.05** Fasteignasjónvarpið (e) **3.15** Óstöðvandi tónlist

### [Sýn]

**16.30** Fifa World Player Gala 2005 **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**19.00 Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næstefstu deild. Við eigum hér marga fulltrúa en okkar menn er að finna í liðum Leicester City, Leeds United, Reading, Plymouth Argyle og Stoke City sem jafntframt er að meirihluta í eigu íslenskra fjárfesta.
▶ **19.30 Enski deildabikarinn** (Birmingham – Man. Utd.) Bein útsending frá 5. umferð enska deildabikarsins.
**21.30 Spænski boltinn**

**23.10** World Supercross GP 2004-05 **0.05** Enski deildabikarinn

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Punch-Drunk Love (Bönnuð börnum) **8.00** Gosford Park **10.15** Try Seventeen **12.00** A Walk to Remember **14.00** Gosford Park **16.15** A Walk to Remember **18.00** Try Seventeen **20.00** Punch-Drunk Love (Bönnuð börnum) **22.00** Edward Scissorhands (Bönnuð börnum) **0.00** Duty Dating (Bönnuð börnum) **2.00** Hi-Life (Bönnuð börnum) **4.00** Edward Scissorhands (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** E! News **13.30** Fashion Police **14.00** Jackie Collins Presents **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 50 Steamiest Southern Stars **17.00** 50 Steamiest Southern Stars **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Celebrity Soup **22.30** Wild On Tara **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** Celebrity Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Fulham – Blackburn frá 17.12 **16.00** Everton – Bolton frá 17.12 **18.00** Wigan – Charlton frá 17.12
**20.00 Þrumuskot (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Aston Villa – Man. Utd. frá 17.12** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.
**0.00** Everton – West Ham frá 14.12 **2.00** Dagskrárlok


Hirschmann

Viltu sjá fullt af **fríum** sjónvarpsrásum **beint** um gervihnött?
Þá höfum **við** búnaðinn.

Verð frá **16.900,- stgr.**



- Smart Rapido FTA móttakari,
- 65 cm stáldiskur
- 0,3dB stafrænn nemi.

Leiðandi í
- loftnetskerfum
- mögnurum
- tenglum
- loftnetum
- gervihnattadiskum
- móttökurum
- örbylgjunemum
- loftnetsköplum

ÖREIND
Auðbrekka 3 - Kópavogur
sími: 564 1660

www.oreind.is

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Jack Osbourne – Adrenaline Rush** Stöð 2 **kl. 20.40**

## *Adrenalínfíkillinn Jack Osbourne*

Osbourne-fjölskyldan fær hreinlega ekki nóg af raunveruleikaþáttum. Nú hefur Jack ákveðið að fara sóló en fjölskylda hans hefur verið í raunveruleikaþáttum um langt skeið. Jack hefur aldeilis náð að snúa lífi sínu við og hefur þessi ráðvillti sonur Ozzy Osbourne ákveðið að leyfa alheiminum að fylgjast með lífi sínu og áhugamálum. Jack hefur gengið í gegnum miklar og erfiðar raunir á unglingsárum sínum. Eftir að hafa sigrast á vímuefnafíkn tók hann sig nýverið taki og gjörbreytti um lífsstíl. Hann hellti sér út í líkamsrækt og fann sér aðra og öllu heilbrigðari fíkn, þótt síður en svo sé hún hættulaus; nefnilega jaðaríþróttir. Jack er orðinn breyttur maður, hefur lést heilmikið og bíða nú dömurnar eftir honum í röðum. Í þremur þáttum er fylgst náið með Jack þar sem hann reynir að ögra sjálfum sér á allan mögulegan máta og ræðir um líf sitt á opinskáan hátt. Skylduáhorf fyrir alla aðdáendur Osbourne-fjölskyldunnar jafn sem áhugamenn um jaðaríþróttir.



*Jack Osbourne snýr við blaðinu.*

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2
**9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.05** Bílaþátturinn e. **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Í barndómi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Liður að jólum **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.30** Aldarminning Stefáns Jónssonar rithöfundar **21.10** Púsl **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Lóðrétt eða lárétt **23.10** Til allra átta

Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **7.30** Fréttayfirlit **9.03** Brot úr degi

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **13.00** *Íþróttir*

ÍÞRÓTTAÞÁTTUR

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal

▶ **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

**19.35** **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**21.55** **Kvölddagskrá** Samantekt úr Fréttavöktum dagsins og valdir helgarþættir NFS.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **13.00** Biathlon: World Cup Osrblie Slovakia **13.30** Football: Eurogoals **14.30** Figure Skating: Torino Italy **15.30** Football: Goooal ! **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: UEFA Champions League Classics **17.30** Football: UEFA Champions League Classics **18.30** Snooker: Snooker Hall of Frame **19.30** Boxing **20.00** Boxing: Milan **21.45** All Sports: Daring Girls **22.00** Rally: Dakar Challenge **22.30** Sumo: Kyushu Basho Japan **23.30** Sumo: Kyushu Basho Japan

**BBC PRIME**

**12.00** Last of the Summer Wine **12.30** Porridge **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Jeopardy **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Trouble At the Top Special **20.50** The Race for Everest **21.50** The League of Gentlemen **22.20** Casualty **23.10** Holby City **0.05** Hitch: Alfred the Great **1.00** Great Romances of the 20th Century **1.30** Great Romances of the 20th Century **2.00** Rough Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Perfect Swarm **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Seconds From Disaster **16.00** When Expeditions Go Wrong **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Megastructures **19.00** Perfect Swarm **20.00** Most Amazing Moments **21.00** Seconds From Disaster **22.00** When Expeditions Go Wrong **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Seconds From Disaster **1.00** When Expeditions Go Wrong

**DISCOVERY**

**12.05** Kapow! Superhero Science **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Mega-Wars **17.00** Dream Machines **17.30** Dream Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Ultimate Ten **21.00** Monster Moves **22.00** Deadliest Catch **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Air Wars

**CLUB**

**12.20** Innertainment **12.45** Girls Behaving Badly **13.10** Staying in Style **13.35** Insights **14.00** Art and Soul **14.30** Fantasy Open House **15.00** Crimes of Fashion **15.30** City Hospital **16.30** Lofty Ideas **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Retail Therapy **18.15** Fantasy Open House **18.40** e-love **19.05** Paradise Seekers **19.30** Crimes of Fashion **20.00** Insights **20.25** Other People's Houses **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** What Men Want **23.00** My Messy Bedroom **23.30** Retail Therapy **0.00** Vegging Out **0.30** The Villa **1.25** Crimes of Fashion **1.50** Innertainment





## HRÓSIÐ

*...fær Dj Margeir sem haldið hefur tryllt diskókvöld á öðrum degi jóla síðastliðin níu ár og nú heldur hann það tíunda og síðasta.*




**LÁRÉTT: 2** gaul **6** frá **8** herma **9** bergtegund **11** tveir eins **12** umhverfis **14** stjórntæki **16** hróp **17** skjögur **18** nag **20** fyrir hönd **21** ógæfa.

**LÓÐRÉTT: 1** gljáhúð **3** samtök **4** mikill ávinningur **5** þunnur vökvi **7** inngangskafli í tónverki **10** farfa **13** ónotaður **15** sjá eftir **16** hljóðfæri 19 á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 baul, **6** af, **8** apa, **9** kol, **11** pp, **12** kring, **14** stýri, **16** óp, **17** riða, **18** bit, **20** pr, **21** ólán.
**LÓÐRÉTT: 1** lakk, **3** aa, **4** uppgrip, **5** lap, **7** forspil, **10** lita, **13** nýr, **15** iðra, **16** óbó, **19** tá.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. 10,8 prósenta aukning.
2. Bono, Melinda og Bill Gates.
3. Sólskinshestur.


ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!


**ÞRÍR SPURÐIR** TÓNLEIKAR GUS GUS Á NASA Á LAUGARDAG

# *Hvernig voru Gus Gus-tónleikarnir?*



Ásgeir Kolbeinsson dagskrárgerðarmaður: „Þetta voru alveg frábærir tónleikar, alveg hreint meiriháttar. Þessi hljómsveit fer vaxandi. Þeir hefðu þó mátt spila örlítið lengur. Þeir spiluðu ekki nema í rúman hálftíma.“




Heiðar Austmann útvarpsmaður: „Þeir voru algjörlega frábærir. Þetta er eitt af fáum skiptum þegar maður fer út á lífið og líður eins og maður sé í útlöndum. Yfirbragðið var svo flott og þau voru svo óhefluð. Það er langt síðan ég skemmti mér svona vel á tónleikum.“



Haraldur Gíslason tónlistarmaður: „Mér fannst tónleikarnir mjög skemmtilegir. Ghostigital voru mjög skemmtilegir einnig. Það vakti mikla lukku þegar Einar Örn söng um fund tveggja manna, þeirra Halldórs og George Bush. Gus Gus voru einnig að standa sig mjög vel. Þeir voru með eindæmum flottir. Þetta var allt mjög flott, allt troðið af fólki og bara eins og best verður á kosið.“



**SILVÍA NÓTT** Var handtekin í síðasta þætti eftir að hafa stungið söfnunarfé undir stól. Hún flýr til útlanda yfir jólin en er væntanleg aftur til að taka þátt í Eurovision.FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

**SILVÍA NÓTT:** GÆTI VERIÐ Á LEIÐINNI ÚR LANDI

# Syngur Til hamingju Ísland í Eurovisionkeppninni

Sjónvarpsþátturinn Sjáumst með Silvíu Nótt er einhver umdeildasti sjónvarpsþáttur ársins og hefur þáttastjórnandinn ekki verið síður á milli tannanna á fólki. Í síðasta þætti var Silvía hneppt í gæsluvarðhald eftir að hafa stungið söfnunarfé í vasann og keypt fyrir það jeppa og demantshring. Henni var þó sleppt og gafst tækifæri til að árita nýútkominn mynddisk með öllum þáttunum auk efnis sem ekki hefur áður komið fyrir almenningssjónir. „Það verða þarna líka einhverjir hlutir af netinu en þegar þátturinn fór af stað í upphafi voru netverjar óhræddir við að tjá sig um þessa „tík“,“ segir Ágústa Eva Erlendsdóttir, leikkona og nánasti samstarfsmaður Silvíu.

Árið hefur verið ansi viðburðaríkt hjá þeim stöllum en þátturinn var valinn skemmtiþáttur ársins á Eddunni og Silvía sjálf útnefnd sjónvarpsmaður ársins. Nú liggur fyrir að hún muni taka þátt í Eurovisionkeppni Ríkissjónvarpsins en þar flytur hún lagið Til hamingju Ísland. „Silvía elskar sviðsljósið og þetta verður án nokkurs vafa ein af hennar bestu stundum og hún á eflaust eftir að vinna þetta,“ segir Ágústa en samkvæmt síðustu fregnum úr herbúðum drottningarinnar verður Einar Bárðarson umboðsmaður hennar en Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson semur lagið. Ágústa útilokar heldur ekki að Silvía muni beita öllum brögðum til að ná sínu fram. „Kannski fá einhverjir keppendur heimsókn frá Arnari Grant og Boris,“ segir Ágústa dularfull.

Fyrr á þessu ári var greint frá því að erlendar sjónvarpsstöðvar hefðu sýnt því áhuga að fá Silvíu til liðs við sig. Gaukur Úlfarsson, leikstjóri þáttanna, sagði að fleiri tilboð hefðu bæst við en nú myndi þátturinn fara í mánaðarfrí eftir nánast stanslausa eins árs törn. „Við ætlum að gefa okkur góðan tíma til að skoða alla möguleika í stöðunni svo við föllum ekki fyrir einhverju gylliboði,“ útskýrir Gaukur sem vildi þó ekkert tjá sig um frekari framtíð Silvíu Nóttar. „Vinsældirnar hafa komið skemmtilega á óvart enda væri lífið hálf leiðinlegt ef maður byggist alltaf við velgengni.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Andstæðingarnir fyrrverandi úr hringiðu stjórnmálanna, þau Davíð Oddsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, eru loksins orðnir samherjar. Þau koma nú bæði fram í sjónvarpsauglýsingu til að kynna plötuna Úr vísnabók heimsins, sem hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson gáfu út á dögunum. Platan hefur að geyma gullfallegar vísur þar sem íslensk börn af ýmsum uppruna syngja þjóðlög frá 18 löndum á 15 tungumálum. Allur ágóðinn rennur óskiptur til aðstoðar Rauða krossins við munaðarlaus börn í sunnanverðri Afríku.



Tónlistarmaðurinn WIl Oldham er staddur hér á landi og eyddi meðal annars föstudagskvöldinu á Nasa þar sem hann dansaði eins og óður maður við tónlist glysrokksveitarinnar Trabant. Að sögn kunnugra er Oldham að taka upp plötu hér á landi en hann er víst algjörlega einn á ferðinni. Oldham hefur verið á landinu í nokkrar vikur og mun eitthvað dvelja áfram. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Oldham kemur hingað því fyrir nokkrum árum hélt hann magnaða tónleika á Gauki á Stöng við mikla hrifningu viðstaddra.




STOR HUMAR skatan er komin.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Þrjú þúsund eintök seld

Plata með laginu Hjálpum þeim, sem var endurútgefið á dögunum í nýrri útgáfu, hefur selst í um það bil þrjú þúsund eintökum síðan hún fór í sölu fyrir viku. Hvert eintak kostar eitt þúsund krónur og miðað við að allur ágóði renni til góðgerðarmála hafa þrjár milljónir króna safnast nú þegar.

Platan hefur verið til sölu í verslunum Bónuss, Hagkaupa, 10-11, Top Shop og Nettó. Að sögn Sigrúnar Kr., innkaupastjóra Top Shop, hefur verið mikið spurt um plötuna í búðinni. „Það voru kúnnar búnir að koma dögum áður til að spyrja um þetta. Þeir fylgdust stíft með því hvort við myndum fá plötuna og hvenær,“ segir Sigrún. „Þegar við áttum þetta til greip fólk þetta á kassanum.“ Sigrún segir að platan hafi verið í mikilli spilun í búðinni og það hafi örugglega haft einhver áhrif á þessa góðu sölu.



**HJÁLPUM ÞEIM** Plata með endurútgáfu af laginu Hjálpum þeim hefur selst í um það bil 3.000 eintökum.

Nýja platan þarf þó að seljast töluvert til viðbótar ef hún á að ná frábærum árangri upprunalegu plötunnar því sú seldist í nær þrjátíu þúsundum eintaka árið 1985. Komu þeir peningar að góðum notum fyrir söfnunarátak sem þá stóð yfir vegna hungursneyðar í Eþíópíu. ■



Stærsta húsgagnaverslun landsbyggðarinnar
Ath. Aðeins á AKUREYRI
Komið og skoðið!
Eitt mesta úrval landsins af húsgögnum og gjafavörum
Jólagjöf fylgir öllum húsgögnum
Tungusófi í brúnu og Ivory bycast leðri kr. 159.900
Stóll kr. 6.950
Vinsælu stólarnir komnir aftur 3 gerðir, 5 litir verð frá kr. 5990
Bogart stóll í rauðu, brúnu, svörtu og Ivory bycast leður kr. 44.900
Stækkanlegt borð kr. 38.900
Stólar kr. 12.900
Borðstofuborð og stólar í úrvali og allir fylgihlutir til að leggja á fallegt matarborð.
Oregon 2 sæta sófi kr. 79.500
3 sæta sófi kr. 112.500
Litir: Svart, brúnt og Ivory bycast leður.
Borðstofusett / Eik
Borð kr. 69.900
Stóll kr. 17.500
Lampar í úrvali, borðlampar, gólflampar og vegglampar.
Matarstell í úrvali bæði í settum og stykkjatali.
Urban diskar
kr. 1950
Oregon tungusófi bycast leður
Litir, svartur, brúnn og Ivory
kr. 135.000
Hnífaparasett
130 stk á 19.950.-
Ýmsar tegundir af fallegum púðum í stærðum 40x40, 50x50 og 40x60 cm
Púðar kr. 990
40x40cm
Allir velkomnir
Matardiskur kr. 690
Súpuskál kr. 490
Rauðvínskaröflur bæði gler og kristall
Mikið úrval af kirkjukertum og skrautkertum
17 tegundir af ilmkertum á kr. 90
Brennslutími 12-20 tímar.
Lampi kr. 8460
Dalsbraut 1 - 600 Akureyri
Full verslun af nýjum og spennandi vörum
HÚSGÖGNIN HEIM
Sími 461 5200 · Fax 461 1121
Opið:
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Íslenska jólahyskið*

Nýlega bárust fregnir af því að jólagrey hefði verið barið til óbóta á leiðinni heim frá vinnu sinni. Í fallegri sveit norðan Skarðsheiðar lýsti poki nokkur því formlega yfir í sunnudagaskóla á dögunum að jólasveinar væru alls ekki til – flestum til skelfingar og undrunar. Ætla má að það hafi gripið um sig örvænting í einhverjum hellum inni á öræfum þar sem þrettán tröllasveinar ásamt foreldrum eiga undir högg að sækja á upplýsingaöld.

**ALLT** að sjötíu einstaklingar af jólatröllaætt eru í útrýmingarhættu. Auk þeirra sem nú arka á milli húsa að næturlagi má nefna lítt þekktari skepnur, svo sem Litlapung, Tút og Bagga, Bjálfa, Froðusleiki, Steingrím og Sleddu. Foreldrarnir eru Grýla og Leppalúði og heimilisdýrið er ófrýnilegt kattarkvikindi.

**Í PORTÚGAL** ku sveinki færa gjafir í skó á jólanótt. Í Ungverjalandi kemur Vetrarafi þann sjötta desember og þá ber að setja hreina skó út fyrir dyr eða glugga. Oftast setur karlinn eitthvað gott í skó, en ungverskir óþekktarormar eiga þó á hættu að fá gyllta trjágrein með. Í Lettlandi setur sveinki gjafir undir jólatré tólf nætur í röð og byrjar á jólanótt. Einhvers staðar stendur að jólatré hafi einmitt fyrst verið skreytt í Lettlandi. Samkvæmt gömlum siðum í Mexíkó á að gefa börnum gjafir á degi vitringanna, 6. janúar. „Magi" færir Jesúbarninu gjafir daginn þann og því þykir við hæfi að börn í Mexíkó þiggi gjafirnar. „Magi" setur einmitt gjafir í skó úti í glugga.

**Í LANDI** þar sem menn vilja meina að barn sé eingetið, að kerling sé hönnuð úr rifbeini karls og hin fagra veröld smíðuð á tæpri viku – þar sem ferðaþjónusta byggir víða á álfabyggðum, göldrum og tröllaskoðun er skítt að hyskið fái ekki að vera í friði. Ef til vill er tímabært að slá skjaldborg um þennan forna skríl. Pakkið hefur lengi varpað ævintýraljóma yfir krakkaskott sem fá drjúgan skammt af raunveruleikaþáttum árið um kring. Örvadrumbur, Hrútur, Rauður og Redda hafa dregið sig í hlé ásamt öðrum ómurlegum systkinum sínum. Þrettán bræður reyna þó af veikum mætti að halda merkjum hyskisins á lofti og ekki úr vegi að standa vörð um þessa vesalinga sem eru hluti af þjóðararfi. Megi gleði ríkja á ljósahátíð á öræfum og byggðu bóli.


